

# Mat á starfsbrautum framhaldsskóla

Unnið fyrir mennta- og  
menningarmálaráðuneytið  
2011-2012



FÉLAGSVÍSINDASTOFNUN  
HÁSKÓLA ÍSLANDS







### Lýsing á rannsókn

Unnið fyrir	Mennta- og menningarmálaráðuneytið
Markmið rannsóknar	Að kanna rekstur starfsbrauta, þau markmið sem framhaldsskólarnir setja fyrir starfsbrautir, að kanna faglega framkvæmd og árangur, draga fram veikleika og styrkleika starfsbrauta í völdum framhaldsskólum og að kanna viðhorf starfsbrautarnemenda og foreldra/forráðamanna þeirra til starfseminnar.
Dagsetning skýrsluskila	Febrúar 2012

### Ábyrgðaraðilar

Framkvæmd	Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands
Undirbúningur og gagnaöflun	Auður Magnús Leiknisdóttir Heiður Hrund Jónsdóttir Guðbjörg Andrea Jónsdóttir
Úrvinnsla	Auður Magnús Leiknisdóttir Heiður Hrund Jónsdóttir
Skýrslugerð	Auður Magnús Leiknisdóttir Heiður Hrund Jónsdóttir





## EFNISYFIRLIT

Töfluskrá.....	5
Inngangur .....	7
Helstu niðurstöður .....	9
Tillögur að úrbótum.....	15
Framkvæmd og heimtur.....	17
Niðurstöður .....	18
<b>1. Starfsbrautir í íslenskum framhaldsskólum.....</b>	<b>18</b>
<i>Markmið náms og kennslu á starfsbraut .....</i>	<i>19</i>
<b>2. Nám á starfsbraut .....</b>	<b>21</b>
<i>Inntaka nemenda .....</i>	<i>21</i>
<i>Einstaklingsmiðað nám .....</i>	<i>22</i>
<i>Nám á öðrum brautum .....</i>	<i>25</i>
<i>Nemendur á „gráu svæði“ .....</i>	<i>29</i>
<i>Verklegt nám .....</i>	<i>29</i>
<i>Námsmat.....</i>	<i>34</i>
<i>Starfsfólk á starfsbraut.....</i>	<i>35</i>
<b>3. Sérhæfð námsgögn og húsnæðisaðstaða.....</b>	<b>37</b>
<i>Húsnæðisaðstaða og kennslurými .....</i>	<i>37</i>
<i>Sérhæfð námsgögn og hjálpartæki .....</i>	<i>39</i>
<b>4. Samvinna foreldra og skóla.....</b>	<b>42</b>
<i>Samskipti foreldra og skóla.....</i>	<i>42</i>
<i>Aðkoma foreldra að einstaklingsmiðuðum námsáætlunum .....</i>	<i>44</i>
<b>5. Félagsleg tengsl.....</b>	<b>47</b>
<i>Samskipti við aðra nemendur .....</i>	<i>47</i>
<i>Skólavinir .....</i>	<i>50</i>
<i>Félagslíf í skólanum .....</i>	<i>52</i>
<i>Félagslíf/áhugamál utan skóla .....</i>	<i>53</i>
<b>6. Starfsnám .....</b>	<b>60</b>
<i>Starfsnám í íslenskum framhaldsskólum .....</i>	<i>60</i>
<i>Hvað er starfsnám? .....</i>	<i>62</i>



<i>Mismunandi leiðir við framkvæmd starfsnáms</i> .....	63
<i>Áhersla á undirbúning fyrir þátttöku á vinnumarkaði</i> .....	64
<i>Óskir nemenda um starfsnám</i> .....	72
<i>Vandkvæði við framkvæmd starfsnáms</i> .....	73
<i>Úrbætur á skipulagi starfsnáms</i> .....	75
<b>7. Líf að loknum skóla</b> .....	<b>77</b>
<i>Sjálfstæði og samskiptahæfni</i> .....	77
<i>Undirbúningur fyrir sjálfstætt líf</i> .....	78
<i>Tilfærsla frá skóla</i> .....	82
<b>8. Ánægja nemenda</b> .....	<b>87</b>
<i>Mat á ánægju nemenda og starfi starfsbrautanna</i> .....	88
<b>9. Kostnaður við rekstur starfsbrauta</b> .....	<b>93</b>
<b>Heimildir</b> .....	<b>99</b>

---

## TÖFLUSKRÁ

Tafla 1. Framkvæmd könnunar á meðal foreldra .....	17
Tafla 2. Er gerð einstaklingsbundin námsáætlun fyrir hann/hana í skólanum? .....	24
Tafla 3. Hversu mikla áherslu telur þú að starfsbrautin leggi á bóklegar greinar? .....	31
Tafla 4. Telur þú áherslu á bóklegar greinar í námi sonar þíns eða dóttur þinnar vera of mikla, hæfilega eða of litla? .....	31
Tafla 5. Hversu sammála eða ósammála ertu eftirfarandi fullyrðingu um þann ávinning sem hann/hún hefur haft af náminu við framhaldsskólann? Færni hans eða hennar í bóklegum greinum hefur aukist. ....	32
Tafla 6. Hversu mikla áherslu telur þú að starfsbrautin leggi á verklegar greinar (svo sem handmennt, smíðar, íþróttir)? .....	33
Tafla 7. Telur þú áherslu á verklegar greinar í námi sonar þíns eða dóttur þinnar vera of mikla, hæfilega eða of litla? .....	33
Tafla 8. Hversu sammála eða ósammála ertu eftirfarandi fullyrðingu um þann ávinning sem hann/hún hefur haft af náminu við framhaldsskólann? Færni hans eða hennar í verklegum greinum hefur aukist. ....	34
Tafla 9. Hversu ánægð/ur eða óánægð/ur ertu þú með þá húsnæðisaðstöðu sem skólinn býður upp á, til dæmis stærð og aðgengi? .....	38
Tafla 10. Þarf sonur þinn eða dóttir þín hjálpargögn eða sérhæfð námsgögn í námi sínu? .....	40
Tafla 11. Hefur hann/hún aðgang að þeim hjálpargögnum og sérhæfðum námsgögnum sem hann/hún þarfnast í náminu? .....	41
Tafla 12. Hvaða hjálpargögn eða sérhæfð námsgögn vantar son þinn eða dóttur? .....	41
Tafla 13. Í hversu miklu samráði við son þinn eða dóttur þína er námsáætlunin unnin? .....	45
Tafla 14. Í hversu miklu samráði við þig eða aðra forráðamenn er námsáætlunin unnin? .....	46
Tafla 15. Telur þú að sonur þinn eða dóttir þín sé hluti af almennu samfélagi skólans? Í því getur til dæmis falist að hann/hún þekki nemendur af öðrum brautum skólans, sæki almenn félagslíf í skólanum eða sæki áfanga með öðrum nemendum skólans. ....	49
Tafla 16. Hversu mikla áherslu telur þú að starfsbrautin leggi á undirbúning fyrir þátttöku í almennu tómstunda- og félagsstarfi fyrir ungt fólk? .....	55
Tafla 17. Telur þú áherslu á undirbúning fyrir þátttöku í almennu tómstunda- og félagsstarfi fyrir ungt fólk í námi sonar þíns eða dóttur þinnar vera of mikla, hæfilega eða of litla? .....	55
Tafla 18. Hversu mikla áherslu telur þú að starfsbrautin leggi á undirbúning fyrir þátttöku í sérhæfðu tómstunda- og félagsstarfi fyrir fatlað fólk? .....	56
Tafla 19. Telur þú áherslu á undirbúning fyrir þátttöku í sérhæfðu tómstunda- og félagsstarfi fyrir fatlað fólk í námi sonar þíns eða dóttur þinnar vera of mikla, hæfilega eða of litla? .....	57
Tafla 20. Áhersla sem starfsbrautin leggur á tímstundir .....	58
Tafla 21. Hversu sammála eða ósammála ertu eftirfarandi fullyrðingu um þann ávinning sem hann/hún hefur haft af náminu við framhaldsskólann? Hann eða hún hefur öðlast aukna færni til þátttöku í tómstunda- og félagsstarfi. ....	59
Tafla 22. Hversu mikla áherslu telur þú að starfsbrautin leggi á undirbúning fyrir þátttöku á almennum vinnumarkaði? .....	65
Tafla 23. Telur þú áherslu á undirbúning fyrir þátttöku á almennum vinnumarkaði í námi sonar þíns eða dóttur þinnar vera of mikla, hæfilega eða of litla? .....	65
Tafla 24. Hversu mikla áherslu telur þú að starfsbrautin leggi á undirbúning fyrir þátttöku á vernduðum vinnustað? .....	66



---

Tafla 25. Telur þú áherslu á undirbúning fyrir þáttöku á vernduðum vinnustað í námi sonar þíns eða dóttur þinnar vera of mikla, hæfilega eða of litla? .....	67
Tafla 26. Áhersla sem starfsbrautin leggur á starfsnám.....	68
Tafla 27. Hversu sammála eða ósammála ertu eftirfarandi fullyrðingu um þann ávinning sem hann/hún hefur haft af náminu við framhaldsskólann? Hann eða hún hefur öðlast aukna færni til þáttöku á almennum vinnumarkaði. ....	69
Tafla 28. Hversu sammála eða ósammála ertu eftirfarandi fullyrðingu um þann ávinning sem hann/hún hefur haft af náminu við framhaldsskólann? Hann eða hún hefur öðlast aukna færni til starfs á vernduðum vinnustað. ....	70
Tafla 29. Hversu mikla áherslu telur þú að starfsbrautin leggi á undirbúning fyrir dagvistun eða sambærilega iðju? .....	71
Tafla 30. Telur þú áherslu á undirbúning fyrir dagvistun eða sambærilega iðju í námi sonar þíns eða dóttur þinnar vera of mikla, hæfilega eða of litla? .....	71
Tafla 31. Hversu sammála eða ósammála ertu eftirfarandi fullyrðingu um þann ávinning sem hann/hún hefur haft af náminu við framhaldsskólann? Hann eða hún hefur öðlast aukna færni til þáttöku í dagvistun eða sambærilegri iðju. ....	72
Tafla 32. Hversu sammála eða ósammála ertu eftirfarandi fullyrðingu um þann ávinning sem hann/hún hefur haft af náminu við framhaldsskólann? Sjálfstraust sonar míns eða dóttur minnar hefur aukist.....	77
Tafla 33. Hversu sammála eða ósammála ertu eftirfarandi fullyrðingu um þann ávinning sem hann/hún hefur haft af náminu við framhaldsskólann? Sjálfstæði sonar míns eða dóttur minnar hefur aukist.....	78
Tafla 34. Hversu sammála eða ósammála ertu eftirfarandi fullyrðingu um þann ávinning sem hann/hún hefur haft af náminu við framhaldsskólann? Samskitpahæfni sonar míns eða dóttur minnar hefur aukist. ....	78
Tafla 35. Hversu mikla áherslu telur þú að starfsbrautin leggi á aukið sjálfstæði í daglegu lífi svo sem hvað varðar matseld, þríf og samgöngur? .....	81
Tafla 36. Telur þú áherslu á að auka sjálfstæði í daglegu lífi í námi sonar þíns eða dóttur þinnar vera of mikla, hæfilega eða of litla? .....	81
Tafla 37. Hversu sammála eða ósammála ertu eftirfarandi fullyrðingu um þann ávinning sem hann/hún hefur haft af náminu við framhaldsskólann? Sjálfstæði hans eða hennar í daglegu lífi hefur aukist. ....	82
Tafla 38. Er gerð annars konar einstaklingsbundin áætlun fyrir son þinn eða dóttur í skólanum, til dæmis áætlun um starfsnám, atferlismótun eða áætlun um undirbúning fyrir líf að loknum skóla? .....	83
Tafla 39. Kemur fram í námsáætlun eða annarri einstaklingsbundinni áætlun að hverju er stefnt eftir útskrift nemandans, t.d. hvað varðar atvinnumál eða tómstundabáttöku? .....	83
Tafla 40. Fær sonur þinn eða dóttir þín, þegar á heildina er litið, þá aðstoð sem hann/hún þarfnast frá starfsfólki skólans við nám sitt? .....	91
Tafla 41. Við hvaða þætti námsins vantar hann/hana helst aðstoð? .....	92
Tafla 42. Kostnaður við rekstur starfsbrauta árið 2010 .....	94
Tafla 43. Samanlagður kostnaður við rekstur starfsbrauta árin 2009 og 2010 .....	95
Tafla 44. Skipting kostnaðar við rekstur brautarinnar í laun annars vegar og önnur rekstrargjöld og eignakaup hins vegar árið 2010.....	96
Tafla 45. Skipting launakostnaðar í kennslu og önnur laun 2010 .....	97

---





## INNGANGUR

Að beiðni mennta- og menningarmálaráðuneytisins lagði Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands mat á starfsbrautir/sérnámsbrautir<sup>1</sup> framhaldsskólanna. Meginmarkmið úttektarinnar voru eftirfarandi:

- Að kanna hvort rekstur starfsbrauta sé í samræmi við lög og reglugerðir
- Að kanna hvort framhaldsskólarnir séu að setja sér metnaðarfull markmið og hversu vel gengur að ná þessum markmiðum
- Að kanna faglega framkvæmd og árangur
- Að draga fram helstu veikleika og styrkleika starfsbrauta í völdum framhaldsskólum
- Að kanna viðhorf starfsbrautarnemenda og foreldra/forráðamanna þeirra til starfseminnar

Gagnasöfnun fór fram á nokkra mismunandi vegu. Í fyrsta lagi var spurningalisti sendur á forsvarsmenn starfsbrautar/sérnámsbrautar í öllum framhaldsskólum sem reka slíka braut. Í öðru lagi voru tekin viðtöl við brautarstjóra/kennslustjóra starfsbrautar í fimm völdum skólum. Í þriðja lagi voru tekin viðtöl við valda starfsbrautarnemendur og foreldra/forráðamenn þeirra í þessum sömu skólum og í fjórða lagi var gerð netkönnun á meðal foreldra allra nemenda á starfsbraut/sérnámsbraut þessara skóla.

Í næsta kafla er samantekt á helstu niðurstöðum og því næst eru settar fram tillögur að úrbótum á rekstri starfsbrauta í framhaldsskólum. Á eftir þeim er stuttur kafli um framkvæmd og heimitur. Niðurstöðurnar eru því næst settar fram í níu köflum. Í þeim fyrsta er starfsemi starfsbrauta í framhaldsskólum lýst stuttlega og fjallað um markmið og stefnur námsins. Í öðrum kafla er fjallað um uppsetningu námsins hvað varðar inntöku nemenda, einstaklingsmiðaðar námsáætlanir, tækifæri starfsbrautarnemenda til að stunda nám á öðrum brautum, fyrirkomulag verklegs náms, framkvæmd námsmat og mannauðinn sem felst í starfsfólki brautanna. Þriðji kafli snýr að húsnæðisaðstöðu, kennslurými, sérhæfðum námsgögnum og hjálpartækjum og sá fjórði að samvinnu foreldra og skóla. Kafli fimm snýr að félagslegum tengslum starfsbrautarnemenda, bæði við aðra starfsbrautarnemendur sem og nemendur á öðrum brautum. Þar er einnig fjallað

---

<sup>1</sup> Í flestum framhaldsskólum heitir umrædd braut *starfsbraut* en í nokkrum skólum heitir brautin *sérnámsbraut*. Í skýrslunni er alla jafna talað um *starfsbrautir* og er þá vísað til starfsbrauta og sérnámsbrauta.



um svokallað skólavinakerfi og félagslíf og áhugamál nemenda innan skólans sem utan. Kafli sex fjallar um starfsnám, mismunandi hugmyndir fólks um hvað felst í vinnutengdu námi og hvaða leiðir skólarnir fara til að bjóða nemendum starfsbrauta upp á starfsnám. Sjöundi kafli fjallar um líf nemenda að skóla loknum, sjálfstraust þeirra og samskiptahæfni og hvernig skólinn hefur staðið að undirbúningi fyrir sjálfstætt líf og tilfærslu nemenda úr skóla yfir í líf á vinnumarkaði eða annað það sem nemendur kunna að taka sér fyrir hendur. Kafli átta snýr að ánægju nemenda og hvernig skólarnir meta ánægju nemenda og foreldra þeirra. Í níunda og síðasta kaflanum er fjallað um rekstarkostnað starfsbrauta og byggir sá kafli annars vegar á tölulegum upplýsingum úr skýrslum skólanna og hins vegar á viðtölum við brautarstjóra í þeim fimm skólum sem heimsóttir voru.

---

## HELSTU NIÐURSTÖÐUR

### 1. Starfsbrautir í íslenskum framhaldsskólum

- Árið 2011 starfrækti 21 framhaldsskóli á Íslandi starfsbraut.
- Vorið 2011 stunduðu alls um 370 nemendur nám á starfsbrautum.

### 2. Nám á starfsbraut

- Starfsbrautir skólanna starfa eftir einstaklingsmiðuðum námskrám. Þó er misjafnt hve formlegar eða ítarlegar þessar einstaklingsnámskrár eru.
- Í fjórum af skólunum fimm sem skoðaðir voru er gerð einstaklingsbundin námsáætlun þar sem sett eru fram markmið og leiðir að markmiðum fyrir hvern og einn. Námsætlunin er reglulega endurskoðuð og uppfærð. Í fimmta skólanum (skóla C) virðist einstaklingsnámskrá vera útbúin með óformlegri hætti þar sem ekki er gerð skrifleg áætlun fyrir hvern nemanda.
- Tæplega 90% foreldra/forráðamanna vissu til þess að gerð væri einstaklingsáætlun fyrir son/dóttur þeirra.
- Fjórir af skólunum fimm buðu nemendum starfsbrautar upp á nám í áföngum á öðrum brautum þar sem möguleiki var á að aðlaga námsefnið, nálgun og námsmat að þeirra getu og markmiðum. Í fimmta skólanum (skóla C) gátu nemendur tekið áfanga af almennum brautum en þurfa nemendur starfsbrautar að standast sömu kröfur og aðrir nemendur. Í skóla C þarf leyfi kennara í almennum áfanga til að nemandi af starfsbraut megi sitja hann.
- Á starfsbrautum í skólunum fimm sem skoðaðir voru fer ekki mikið fyrir verklegu námi. Brautarstjórnir vildu leggja meiri áherslu á það en fjárskortur og niðurskurður eru þeir þættir sem að mati þeirra mati kom í veg fyrir umfangsmeiri verklegt nám á starfsbrautum.
- Meirihluta foreldra/forráðamanna starfsbrautarnemenda í skólunum fimm, eða 86% þeirra, taldi hæfilega mikla áherslu lagða á bóklegar greinar í námi sonar eða dóttur sinnar.
- Ríflega 70% foreldra/forráðamanna starfsbrautarnemenda í skólunum fimm taldi hæfilega mikla áherslu lagða á verklegar greinar í námi sonar eða dóttur sinnar.
- Þrír af 21 framhaldsskólum sem reka starfsbraut voru ekki með menntaða sérkennara við brautina vorið 2011.
- Þrír af brautarstjórunum fimm sögðu helsta styrkleika brautarinnar væri að finna í þeim mannauði sem fælist í starfsfólki brautarinnar.

### 3. Sérhæfð námsgögn og húsnæðisaðstaða

- Aðstaða starfsbrauta innan framhaldsskólanna er í flestum tilfellum ekki aðgreind frá öðru kennslurými en þó eru nokkrir skólar sem hafa kennslurými starfsbrautar á þeim stað í skólanum þar sem lítill umgangur er og jafnvel sérinngangur.
- Mikill meirihluti foreldra/forráðamanna starfsbrautarnemenda í skólunum fimm, eða 85% þeirra, voru frekar eða mjög ánægð með þá húsnæðisaðstöðu sem skólinn býður upp á, til dæmis stærð og aðgengi.
- Einn brautarstjórnari hafði orð á því að ekki væri ljóst hver ætti að bera kostnað af hjálpartækjum nemenda t.d. við salernisaðstöðu.
- Lítið virðist vera um miðlæg námsgögn sem sérstaklega eru ætluð nemendum starfsbrautar.
- Í skólunum fimm var fyrst og fremst notast við tvær leiðir við öflun námsgagna. Annars vegar þróa kennararnir sjálfir það námsefni sem hentar nemendum hverju sinni og leita þá jafnvel að hentugu efni erlendis frá til þýðinga. Hinsvegar er notast við námsefni fyrir grunnskólanemendur.
- Innan við 60% foreldra/forráðamanna sögðu son sinn eða dóttur hafa fullan aðgang að þeim hjálpargögnum og sérhæfðum námsgögnum sem hann/hún þarfnast í náminu.

### 4. Samvinna foreldra og skóla

- Í flestum framhaldsskólunum er einhver regla á fundum og/eða viðtölum með foreldrum/forráðamönnum en allur gangur virðist vera á tíðni slíkra funda, allt frá því að hafa einn kynningarfund í upphafi skólagöngu yfir í það að hafa nokkra fundi á önn.
- Nemendur starfsbrautar eru ekki alltaf í upplýsingakerfinu *Innu*, jafnvel þó að kerfið sé notað fyrir aðra nemendur skólans.
- Aðkoma foreldra að einstaklingsmiðaðri námsáætlun er í flestum tilfellum ekki mikil en þó þannig að í upphafi skólagöngunnar eru línurnar lagðar með foreldrum/forráðamönnum. Þeir fá einnig tækifæri til að fara yfir námsáætlunina og koma með athugasemdir eða áherslubreytingar ef þörf þykir.
- Tæplega helmingur foreldra/forráðamanna starfsbrautarnema í skólunum fimm sagði einstaklingsáætlunina unna í frekar eða mjög miklu samráði við nemandann sjálfan.
- Tæplega helmingur foreldra/forráðamanna starfsbrautarnema í skólunum fimm sagði einstaklingsáætlunina unna í frekar eða mjög miklu samráði við foreldra/forráðamenn.

## 5. Félagsleg tengsl

- Í skýrslum skólanna mátti oft sjá að lögð var áhersla á að nemendur starfsbrautar væru hluti af skólasamfélaginu rétt eins og nemendur annarra brauta.
- Í viðtölum við nemendur sögðust þeir flestir eiga vini eða vinkonur á brautinni en það heyrði til undantekninga að þeir töluðu um vini/vinkonur í skólanum sem stunduðu nám á öðrum brautum.
- Yfir helmingur foreldra/forráðamanna starfsbrautarnemenda í skólunum fimm taldi son sinn eða dóttur vera að litlu eða engu leyti hluti af almennu samfélagi skólans.
- Í bæði skýrslum frá skólunum sem og í viðtölum við starfsfólk, nemendur og foreldra í skólunum fimm benti ýmislegt til þess að nemendur starfsbrautar héldu hópinn og að þar myndist vinasambönd sem ná oft ekki út fyrir brautina.
- Á starfsbrautum tveggja skólanna sem lentu í fimm skóla úrtakinu stendur nemendum til boða að fá *skólavin*.
- Þar sem notað er skólavinakerfi lýstu brautarstjórar, foreldrar og nemendur ánægju sinni með fyrirkomulagið.
- Almennt taka nemendur á starfsbraut ekki mikinn þátt í almennu félagslífi skólans og skólaskemmtunum.
- Viðburðir sem haldnir eru sérstaklega fyrir starfsbrautarnemendur eru vinsælir á meðal þeirra.
- Þær tómsstundir og afþreying sem nemendur stunduðu fyrir utan skólatíma virtust sjaldnast vera í nokkrum tengslum við skólann og nemendur og foreldrar þeirra könnuðust ekki við að skólinn kynnti tómsstundaúrræði eða möguleika sem standa nemendum til boða eftir útskrift þeirra úr skólanum.
- Um 43% foreldra/forráðamanna starfsbrautarnemenda í skólunum fimm segja starfsbrautina leggja frekar eða mjög mikla áherslu á undirbúning fyrir þátttöku í tómsstunda- og félagsstarfi, hvort sem um ræðir almennt tómsstunda- og félagsstarf fyrir ungt fólk eða sérhæft tómsstunda- og félagsstarf fyrir fatlað fólk.
- Tæplega 60% foreldra/forráðamanna taldi hæfilega áherslu vera lagða á undirbúning fyrir þátttöku í almennu tómsstunda- og félagsstarfi fyrir ungt fólk í námi sonar síns eða dóttur.
- Um 55% foreldra/forráðamanna taldi hæfilega áherslu vera lagða á undirbúning fyrir þátttöku í sérhæfðu tómsstunda- og félagsstarfi fyrir fatlað fólk í námi sonar síns eða dóttur.
- Því meiri áhersla sem lögð var á undirbúning fyrir þátttöku í tómsstunda- og félagsstarfi því frekar þótti foreldrum/forráðamönnum áherslan vera hæfilega mikil.

- Tæplega helmingur foreldra/forráðamanna var á því að sonur þeirra eða dóttir hafi öðlast aukna færni til þátttöku í tómstunda- og félagsstarfi eftir að nám við starfsbraut skólans hófst.

## 6. Starfsnám

- Af þeim framhaldsskólum sem reka starfsbraut er starfstengt nám hluti af námi nemenda á starfsbraut í 15 þeirra. Sex framhaldsskólar bjóða ekki upp á starfstengt nám.
- Framkvæmd og umfang starfsnáms á starfsbrautum framhaldsskólanna er mjög ólík eftir skólum og hver skóli fer sínar leiðir í útfærslu þess hluta námsins.
- Í sumum tilfellum nást samningar við fyrirtæki á almennum vinnumarkaði eða verndaða vinnustaði sem þá taka á móti starfsbrautarnemendum í starfsþjálfun. Sem dæmi um útfærslu starfstengds náms innan skólans er þegar nemendur taka þátt í ýmsum störfum innan skólans, til dæmis eldamennsku og þrifum og í sumum tilfellum er settur upp „vinnustaður“ innan skólastofunnar og nemendur takast á við verkefni sem líkja eftir verkefnum á vinnumarkaði.
- Allur gangur er á því hvernig gengur að koma á samningum milli skóla og atvinnurekenda. Það háð persónulegum tengslum og/eða eljusemi starfsfólks brautarinnar og/eða foreldra.
- Ríflega 40% foreldra/forráðamanna starfsbrautarnemenda í skólunum fimm segja starfsbrautina leggja mjög eða frekar mikla áherslu á starfsnám, 19% segja áhersluna hvorki litla né mikla og 38% segja starfsbrautina leggja litla eða enga áherslu á starfsnám, hvort sem það tengist almennum vinnumarkaði eða vernduðum vinnustöðum.
- Fjórir af hverjum tíu foreldrum/forráðamönnum töldu starfsbraut sonar síns eða dóttur leggja frekar eða mjög mikla áherslu á undirbúning fyrir þátttöku á almennum vinnumarkaði og ríflega helmingur foreldra/forráðamanna taldi áhersluna hæfilega mikla.
- Innan við þriðjungur foreldra/forráðamanna taldi son sinn eða dóttur hafa öðlast aukna færni til þátttöku á almennum vinnumarkaði eftir að nám við skólann hófst.
- Um 15% foreldra/forráðamanna segja áhersluna á undirbúning fyrir starf á vernduðum vinnustað vera frekar eða mjög mikla. Sex af hverjum tíu taldi áhersluna vera hæfilega mikla.
- Um 16% foreldra/forráðamanna töldu son sinn eða dóttur hafa öðlast aukna færni til starfs á vernduðum vinnustað eftir að nám við skólann hófst.
- Brautarstjórar skólanna fimm höfðu orð á því að erfitt gæti verið að koma nemendum starfsbrautar að í starfsnám hjá fyrirtækjum og stofnunum. Atvinnurekendur sjá ekki hag sinn í því að taka á móti nemendum og þarf starfsfólk brautarinnar að leita ýmissa leiða til að nemendur fái að fara í starfsnám á almennum vinnumarkaði.
- Einn brautarstjóranna lagði áherslu á að nauðsynlegt væri að útbúa verklagsreglur eða viðmið sem starfsbrautir geta miðað framkvæmd starfstengds náms við. Starfsnámið þarf að vera í

fastari skorðum og gæta þarf að samræmi á milli skóla. Hann bætir við að sérstakt sé að skólar reki starfsbraut án þess að þar viðhafist nokkuð starfstengt nám.

- Brautarstjóri talaði um að markmiðin með starfstengdu námi þyrftu að vera skýr ef árangur ætti að nást auk þess sem ljóst þarf að vera hverju námið á að skila starfsbrautarnemendum.

## 7. Líf að loknum skóla

- Þrír af hverjum fjórum foreldrum úr skólunum fimm voru frekar eða mjög sammála því að sjálfstraust sonar þeirra eða dóttur hafi aukist í náminu við framhaldsskólann.
- Þrír af hverjum fjórum foreldrum úr skólunum fimm voru frekar eða mjög sammála því að sjálfstæði sonar þeirra eða dóttur hafi aukist í náminu við framhaldsskólann.
- Sex af hverjum tíu foreldrum úr skólunum fimm voru frekar eða mjög sammála því að samskiptahæfni sonar þeirra eða dóttur hafi aukist í náminu við framhaldsskólann.
- Í fjórum af skólunum fimm fer lítið fyrir heimilisfræðikennslu og annars konar undirbúningi fyrir sjálfstæða búsetu. Brautarstjórnarnir rekja það fyrst og fremst til aðstöðuleysis.
- Tæplega helmingur foreldra starfsbrautarnemenda í skólunum fimm taldi brautina leggja mjög eða frekar mikla áherslu á að auka sjálfstæði nemenda í daglegu lífi, svo sem hvað varðar matseld, þrif og samgöngur. Rúmlega 20% taldi áhersluna litla eða enga. Hartnær tveir af hverjum þremur fannst áherslan hæfilega mikil.
- Tæplega helmingur foreldra var sammála því að í náminu við starfsbraut hafi sjálfstæði sonar þeirra eða dóttur í daglegu lífi aukis.
- Tæplega 20% foreldra starfsbrautarnemenda í skólunum fimm gat ekki gefið svar um hvort gerð væri annars konar einstaklingsbundin námsáætlun fyrir nemandann. Tæplega helmingur þeirra sem gátu gefið svar sögðu slíka áætlun vera gerða.
- Í námsáætlun eða annarri einstaklingsbundinni áætlun hjá 20% starfsbrautarnema í skólunum fimm kemur fram að hverju er stefnt eftir útskrift nemandans, t.d. hvað varðar atvinnumál eða tómstundaþátttöku.
- Skólarnir hafa alla jafna ekki notast við formlegar tilfærsluáætlanir um það sem tekur við hjá nemendum eftir að þeir útskrifast úr skólanum.
- Foreldrum finnst mikilvægt að skólinn komi að tilfærslu nemenda úr skólanum yfir í líf á vinnumarkaði eða öðru því sem hentar nemandanum að taka sér fyrir hendur. Erfitt sé fyrir foreldra að bera hitann og þungann af tilfærslunni.
- Framhaldsskólarnir fylgjast ekki með afdrifum útskrifaðra nemenda með formlegum hætti. Í skólum á landsbyggðinni var þó lögð áhersla á að vegna smæðar samfélagsins væri auðvelt að fylgjast með afdrifum útskrifaðra nemenda.

## 8. Ánægja nemenda

- Þeir nemendur í skólunum fimm sem tekin voru viðtöl við létu almennt vel að veru sinni í skólanum og vildu stundum ekki útskrifast heldur vera lengur í námi við skólann.
- Skólarnir áttu erfitt með að veita svör um innra mat skólans og starfsbrautarinnar sem bendir til þess að skýran ramma um innra mat skólanna og hvernar brautar fyrir sig vanti.
- Í mörgum framhaldsskólanna er ánægja nemenda á starfsbraut metin í viðtölum við þá og foreldra/forráðamenn þeirra. Í nokkrum skólum virðist ánægja þeirra lítið metin umfram það að fylgjast með þeim í skólanum og meta ánægju út frá góðri eða slakri mætingu þeirra.
- Í fjórum skólum af 21 fer fram formlegt mat á ánægju nemenda á starfsbraut þar sem notast er við spurningalista sem lagður er fyrir nemendur.
- Það tíðkast ekki að meta viðhorf foreldra/forráðamanna nemenda á starfsbraut með spurningalista eða öðrum formlegum hætti.
- Meirihluti starfsbrautarnemenda í skólunum fimm, eða 86% þeirra, fengu þá aðstoð sem þeir þurfa frá starfsfólki skólans við nám sitt.

## 9. Kostnaður við rekstur starfsbrauta

- Á þeim tíma sem mennta- og menningarmálaráðuneytið safnaði upplýsingum frá framhaldsskólunum lá ekki fyrir kostnaðaráætlun fyrir starfsbraut hjá þriðjungi þeirra framhaldsskóla sem reka slíka braut og hjá fjórðungi lá starfsáætlun ekki fyrir.
- Rekstrarkostnaður á hvern nemanda var að jafnaði lægri hjá þeim skólum sem voru með fjölmennari starfsbrautir (rekstrarkostnaður á bilinu 1.200.000 til 2.200.000 krónur á hvern nemanda á ári) heldur en hjá þeim skólum sem voru með fáa nemendur á starfsbraut (rekstrarkostnaður á bilinu 2.000.000 til 3.800.000 krónur á hvern nemanda á ári).
- Hlutfall launakostnaðar af heildarkostnaði við rekstur starfsbrauta var að jafnaði yfir 90% en náði frá 75% upp í 99%.
- Að jafnaði var 83% af launakostnaði til kominn vegna kennslu en 17% vegna annarra launa.
- Það var sérstaklega í tveimur af skólunum fimm sem skoðaðir voru sem brautarstjórnir töluðu um að rekstur starfsbrautarinnar væri erfiðari vegna efnahagsþrenginga og niðurskurðar.



## TILLÖGUR AÐ ÚRBÓTUM

- Niðurstöður þessarar úttektar gefa vísbendingar um að víða séu talsverð vandkvæði við fyrirkomulag starfsnáms hjá nemendum starfsbrautanna (sjá kafla 6). Tillögur að úrbótum á fyrirkomulagi starfsnáms eru þrjú þættar:
  - Ætla má að ein ástæða þess að erfitt hefur reynst að fá fyrirtæki og stofnanir til að taka á móti nemendum í starfsnám sé skortur á áreiðanlegum og miðlægum upplýsingum. Því er lagt til að útbúinn verði kynningarbæklingur og vefsíða undir vef mennta- og menningarmálaráðuneytisins ætluð fyrirtækjum og stofnunum sem taka á móti nemendum í starfsnám. Þar kæmu fram helstu upplýsingar um til hvers er ætlast af nemandanum, skólanum og starfsnámsstaðnum ásamt reynslusögum nemenda og starfsnámsstaða. Hver skóli myndi sjá um dreifingu á bæklingum til þeirra fyrirtækja og stofnana sem nemendur þeirra hafa áhuga á að kynna sér.
  - Í viðtölum við brautarstjóra kom fram að formlegir samningar milli fyrirtækja og skóla væru ekki fyrir hendi. Samskiptin eru munnleg og óformleg. Lagt er til að útbúið verði samningsform um fyrirkomulag starfsnámsins. Í samningsforminu kæmi fram til hvers er ætlast af nemandanum, skólanum og starfsnámsstaðnum og einnig hvernig tryggingum nemandans og starfsnámsstaðarins er háttað á meðan á starfsnáminu stendur.
  - Til að vega upp á móti tregðu einkafyrirtækja við að taka nemendur í starfsnám er lagt til að mótuð verði stefna um móttöku nemenda af starfsbrautum í starfsnám hjá hinu opinbera. Þannig gætu nemendur treyst á að þeir eigi eins greiðan aðgang og mögulegt er að starfsnámi hjá hinum ýmsu opinberu vinnustöðum. Með því að tryggja nemendum greiðan aðgang í starfsnám hjá opinberum vinnustöðum eru samningar milli skóla og vinnustaða ekki háðir persónulegum samböndum foreldra, kennara eða nemenda við forsvarsmenn vinnustaða.
- Einróma ánægja var meðal nemenda, brautarstjóra og foreldra með svokallað skólavinakerfi (sjá umfjöllun um skólavini í kafla 5). Ekki eru allir skólar með slíkt kerfi og í viðtölunum kom fram að ástæða þess væri í einhverjum tilfellum skortur á hugmyndum að útfærslu. Lagt er til að ráðuneytið útbúi áfangalýsingu inni í aðalnámskrá þeirrar námsgreinar sem við á. Markmið áfanganna er að nemendur annarra brauta í skólanum gerist skólavinir nemenda á starfsbraut. Slíkar áfangalýsingar myndu auðvelda þeim skólum sem ekki hafa tekið upp skólavinakerfi að taka upp slíkt kerfi.
- Niðurstöður gefa til kynna að skortur sé á námsefni sem hæfir nemendum á starfsbraut (sjá umfjöllun um sérhæfð námsgögn í kafla 3). Kannaður verði grundvöllur þess að búa til

námsefni sem yrði sérsníðið að nemendum starfsbrautar. Þar sem nám á starfsbraut er einstaklingsmiðaðra en nám á öðrum brautum er ljóst að jafnvel þó námsefni yrði búið til, myndi það ekki henta öllum nemendum. Því er lagt til að kennarar fái svigrúm til námsefnisgerðar fyrir nemendur starfsbrautar.

- Mikilvægt er að samráðsvettvangi starfsbrauta framhaldsskólanna verði viðhaldið og hann eflður eins og kostur er. Niðurstöður þessarar úttektar gefa til kynna að starfsbrautir hvers skóla séu einangraðar hver frá annarri og njóti ekki góðs af reynslu starfsfólks annarra starfsbrauta að því marki sem ákjósanlegt væri. Vonir eru bundnar við starfsemi nýstofnaðs fagfélags kennara á starfsbrautum til viðbótar við þann samráðsvettvang sem ráðuneytið hefur skapað. Til viðbótar væri gagnlegt ef komið væri á laggirnar lokaðri vefsíðu fyrir starfsfólk starfsbrautanna þar sem hægt væri að skiptast á hugmyndum og efni.
- Í öllum skólum sem heimsóttir voru, að undanskildum einum, gafst nemendum kostur á að sækja áfanga af öðrum brautum óháð getu sinni til að standast hefðbundið námsmat (sjá nánar umfjöllum um nám á öðrum brautum í kafla 2). Nauðsynlegt er að takmörkunum á aðgengi nemenda af starfsbraut í almenna áfanga verði rutt úr vegi. Þannig verði aðgengi nemenda á starfsbraut að almennum áföngum ekki háð vilja einstakra kennara eða skólastjórnenda. Öllum nemendum sem þess óska sé tryggð sú aðstoð sem þeir þurfa til að sækja almenna áfanga með eða án einstaklingsmiðaðs námsmats eftir því sem nemandinn óskar.
- Allir framhaldsskólar landsins eru tengir upplýsingakerfinu Innu. Í að minnsta kosti einum skóla sem heimsóttur var eru nemendur starfsbrautarinnar ekki skráðir í Innu þó aðrir nemendur skólans séu það. Lagt er til að skýrt sé að allir nemendur starfsbrauta séu skráðir í Innu og að þeir fái aðstoð eftir því sem kostur er við að nýta sér upplýsingakerfið. Einnig að foreldrar nemenda starfsbrautar fái upplýsingar í gegnum vefinn um nám barna sinna á starfsbraut.
- Tryggja þarf öllum nemendum aðstæður til náms sem miðar að því að auka færni þeirra til sjálfstæðrar búsetu. Niðurstöður úttektarinnar gefa til kynna að þessu markmiði námsbrautanna sé ekki sinnt vegna aðstöðuleysis svo sem skorts á viðunandi kennslueldhúsi og öðru.
- Tryggja þarf viðeigandi hjálpartæki, salernisaðstöðu og aðgengi allra nemenda framhaldsskóla. Niðurstöður úttektarinnar benda til þess að í einhverjum tilfellum sé pottur brotinn í þessum efnum (sjá umfjöllun um húsnæði og sérhæfð námsgögn í kafla 3). Skýra þarf reglur um hvar ábyrgð á kaupum og viðhaldi á hjálpartækjum fyrir nemendur framhaldsskóla liggur.

## FRAMKVÆMD OG HEIMTUR

Fyrsti hluti gagnaöflunar fór fram á vorönn 2011 þegar mennta- og menningarmálaráðuneytið sendi spurningalista til allra framhaldsskóla landsins sem reka starfsbraut/sérnámsbraut. Um er að ræða 21 framhaldsskóla og búið var að safna svörum frá þeim öllum þegar Félagsvísindastofnun kom að verkefninu.

Í samráði við ráðuneytið voru fimm framhaldsskólar valdir til frekari athugunar. Við val á skólunum var leitast við að hafa þá sem fjölbreyttasta hvað varðar starfsemi, stærð brautarinnar, hvort skólinn er á höfuðborgarsvæðinu eða á landsbyggðinni og hversu lengi skólinn hefur rekið starfsbraut. Verkefnisstjórar Félagsvísindastofnunar heimsóttu hvern þessara skóla, skoðuðu aðstöðu starfsbrautarinnar/sérnámsbrautarinnar og tóku viðtal við brautarstjóra/kennslustjóra brautarinnar. Þær heimsóknir og viðtöl fóru fram á tímabilinu 18. nóvember til 7. desember 2011. Til viðbótar voru tekin viðtöl við tvo nemendur úr hverjum þessara fimm skóla. Foreldri-/forráðamaður var nemendum innan handar í þessum viðtölum. Aðeins voru tekin viðtöl við nemendur sem voru á þriðja eða fjórða skólaári sínu og voru þeir valdir af handahófi. Viðtölin voru tekin á tímabilinu 22. nóvember til 15. desember 2011.

Í skólunum fimm voru alls 86 nemendur en spurningakönnun var send á foreldra-/forráðamenn þeirra allra þann 29. nóvember 2011. Dagana 8. og 9. desember var hringt í þá sem ekki svöruðu á Netinu og þeim boðið að svara í síma eða að fá könnunina senda aftur. Alls svöruðu 50 foreldrar listanum á Netinu og 21 í síma, samtals 71 foreldri. Svarhlutfall er því 83% (sjá töflu 1).

*Tafla 1. Framkvæmd könnunar á meðal foreldra*

Upplýsingasöfnun	29. nóvember til 15. desember 2011
Framkvæmdarmáti	Netkönnun og símakönnun
Fjöldi í úrtaki	86
Fjöldi svarenda	71
Svarhlutfall	83%

## NIÐURSTÖÐUR

Niðurstöðurnar eru settar fram í níu köflum. Fjallað verður um það sem fram kom í skýrslunum frá þeim framhaldsskólum sem reka starfsbrautir, alls 21 skóla en auk þess er töluverð áhersla á umfjöllun um það sem fram kom í viðtölum sem tekin voru við brautarstjóra, nemendur og foreldra/forráðamenn þeirra í fimm völdum skólum. Einnig verða settar fram niðurstöður úr símakönnun sem gerð var á meðal foreldra/forráðamanna allra starfsbrautarnemenda í þessum fimm skólum. Þegar fjallað er um upplýsingar sem komu fram í þeim skýrslum sem mennta- og menningarmálaráðuneytið safnaði frá skólunum er skólarnir nafngreindir en vísað er í skóla A, B, C, D eða E þegar farið er yfir niðurstöður sem snerta þá fimm skóla sem voru skoðaðir sérstaklega. Í sumum skólum nefnist brautin *sérnámsbraut* en til þæginda verður hér ávallt talað um starfsbrautir. Forstöðumenn brautanna hafa oftast starfstílinn *brautarstjóri* en í sumum tilfellum *kennslustjóri*. Til þæginda verður hér talað um brautarstjóra. Þegar fjallað er um niðurstöður úr símakönnun er vísað til foreldra en þar er átt við bæði foreldra og forráðamenn starfsbrautarnemenda.

## 1. STARFSBRAUTIR Í ÍSLENSKUM FRAMHALDSSKÓLUM

Í námskrá fyrir starfsbrautir framhaldsskóla er brautinni skipt í þrennt: starfsbraut 1, starfsbraut 2 og starfsbraut 3. Starfsbraut 1 er einkum ætluð nemendum með fötlun sbr. 2 gr. laga nr. 59 / 1992, um málefni fatlaðra, sem hafa verið í sérdeild eða sérskólum og hafa ekki forsendur til að stunda fullt nám á öðrum námsbrautum. Þá er starfsbraut 2 einkum ætluð nemendum með fötlun sem hafa notið verulegrar námsaðstoðar í grunnskóla, verið í sérdeild eða sérskóla og taldir víkja svo frá almennum þroska að þeir hafa fengið námsmat samkvæmt 48. gr. grunnskólalaga nr. 66 / 1995 og undanþágu frá ákveðnum skyldunámsgreinum. Starfsbraut 3 er ætluð nemendum með þroskahömlun og fjölfötlun sem þurfa mikla námsaðstoð (menntamálaráðuneytið, 2005).

Árið 2011 starfrækti 21 framhaldsskóli á Íslandi starfsbraut eða sérnámsbraut. Vorið 2011 stunduðu alls um 370 nemendur nám á starfsbraut. Á fámennustu brautunum stunduðu tveir nemendur nám en 47 á þeirri fjölmennustu<sup>2</sup>.

---

<sup>2</sup> Í 9 skólum stunduðu færri en 10 nemendur nám á starfsbraut, 4 skólar höfðu 10-14 nemendur á brautinni og 8 skólar voru með 25 nemendur eða fleiri á starfsbraut.

## Markmið náms og kennslu á starfsbraut

Samkvæmt námskrá fyrir starfsbrautir framhaldsskóla eru markmið náms og kennslu á starfsbrautum að „nemandi

- fái einstaklingsmiðuð námstækifæri
- auki sjálfstraust sitt, sjálfstæði og samskiptahæfni til daglegra athafna
- auki möguleika sína til áframhaldandi náms við hæfi
- öðlist fjölbreytta reynslu og kynnist möguleikum og margbreytileika íslenskrar menningar
- fái tækifæri til að stunda nám með ófötluðum nemendum eins og kostur er
- fái tækifæri til að tengja saman nám og starfsþjálfun – í skóla og á vinnustað og öðlist vinnufærni eftir því sem kostur er
- fái tækifæri til þátttöku á vinnumarkaði að loknu námi“ (menntamálaráðuneytið, 2005, bls. 3).

Sumir skólar styðjast við námskrána þegar þeir setja fram markmið skólans fyrir starfsbrautina<sup>3</sup>. Þannig eru ofangreind markmið einnig helstu markmið Menntaskóla Borgarfjarðar en skólinn bætir við að meginmarkmið skólans er að gera nemendur virka þátttakendur í þjóðfélaginu og sjálfbjarga í daglegu lífi að því marki sem hverjum og einum er mögulegt. Aðrir skólar setja fram markmið sem styðjast í grunninn við námskrá en hafa þó verið aðlöguð fyrir skólann. Sem dæmi má nefna að markmið Fjölbrautaskóla Suðurnesja fyrir starfsbraut 2 er að efla starfsfærni nemenda fyrir þátttöku á vinnumarkaði, stuðla að alhliða þroska, efla ábyrgðarkennd, víðsýni, frumkvæði, sjálfstraust, ábyrgð, tjáningu og umburðarlyndi nemenda og að auka lífsgæði nemenda. Einhverjir skólar skera sig nokkuð frá öðrum þar sem t.d. markmið lönskólans í Hafnarfirði er að koma nemendum starfsbrautar inn í almennar deildir skólans eftir tveggja ára nám eða fyrr. Verkmenntaskólinn á Akureyri (VMA) hefur sett sér markmið sem eru að mörgu leyti áþreifanlegri en þau sem sett eru fram í námskránni. Mikilvægt markmið skólans er að koma sem flestum nemendum í vinnu að loknu námi í VMA. Til viðbótar hafa verið sett fram eftirfarandi markmið fyrir starfsbraut VMA:

- Að undirbúa nemendur fyrir sjálfstæða búsetu
- Að undirbúa nemendur fyrir almennan vinnumarkað

---

<sup>3</sup> Sem dæmi má nefna Menntaskóla Borgarfjarðar, Menntaskólann í Kópavogi og Menntaskólann á Ísafirði.



- Að kenna nemendum að nýta sér samgöngutæki
- Að kenna nemendum að nýta sér félags- og menningarleg verðmæti
- Að undirbúa nemendur fyrir frekara nám og símenntun

Einhverjir skólar styðjast við sömu stefnu og/eða markmið og gilda um aðrar brautir skólans<sup>4</sup>.

Í skólanámskrá í tveimur af hverjum þremur skólum er stefnu og markmiðum skólans fyrir starfsbrautina lýst. Þeir skólar sem ekki hafa stefnu og markmið brautarinnar í skólanámskrá segja ýmist að stefna og markmið brautarinnar rúmist vel innan þeirra markmiða og gilda sem skólinn hefur sett sér og að ekki þurfi að fjalla um tiltekna brautir eða að ný skólanámskrá sé í vinnslu eða endurskoðun þar sem þessu verði breytt.

Mikill meirihluti skólanna segist í svari sínu til ráðuneytisins reka starfsbraut í samræmi við stefnu skólans og markmið. Þó er ljóst að ólík viðmið búa að baki svara við þessari spurningu. Þannig er svar frá einum skólanum á þá leið að starfsbrautin hafi verið rekin í samræmi við stefnu og markmið skólans þar sem allir áfangar sem koma fram í brautarlýsingu og skólanámskrá séu í boði á brautinni. Annar skóli segir brautina rekna í samræmi við stefnu og markmið skólans þar sem það er stefna skólans að innrita alla ólöggráða nemendur af upptökusvæði skólans og mæta þeim með námi við hæfi eins og kostur er. Í þeim skólum sem ekki tókst að reka starfsbrautina samkvæmt stefnu og markmiðum skólans var t.d. dregið úr verk- og starfsnámi og námsferðum sökum niðurskurðar. Í öðrum skóla þurfti að víkja nokkuð frá stefnu skólans vegna þess að aðstaða skólans hentar ekki öllum þeim nemendum sem skólanum er gert að veita inngöngu. Þannig hefur þurft að bjóða nemendum upp á námstilboð sem vitað var að hentaði þeim ekki vel.

---

<sup>4</sup> Sem dæmi má nefna Verkmenntaskóla Austurlands, Fjölbautaskóla Snæfellinga, Framhaldsskólann í Vestmannaeyjum, Fjölbautaskólinn í Garðabæ og Framhaldsskólann á Húsavík.

## 2. NÁM Á STARFSBRAUT

Í þessum kafla verður í fyrsta lagi fjallað um hvernig skólarnir velja þá nemendur sem fá pláss á starfsbrautinni. Í öðru lagi er fjallað um hvernig starfsbrautir skólanna standa að gerð einstaklingsbundinna námsáætlana fyrir nemendur sína en í námskrá fyrir starfsbrautir framhaldsskóla (menntamálaráðuneytið, 2005) er lögð áhersla á mikilvægi þess að nám og kennsla á starfsbraut sé skipulagt í samræmi við þarfir og forsendur nemendanna. Í þriðja lagi er sagt frá möguleikum nemenda til að stunda nám á öðrum brautum og í framhaldi af því er stuttlega sagt frá því sem brautarstjórarar skólanna fimm höfðu að segja um nemendur sem eru á svokölluðu „gráu svæði“. Þá er sagt frá verklegu námi á starfsbrautum, námsmati og að lokum er fjallað stuttlega um starfsfólk starfsbrautanna.

### Inntaka nemenda

Fjórir af skólunum fimm eru fyrst og fremst með nemendur úr sínu nærsamfélagi en fimmti skólinn (skóli D) er sá framhaldsskóli sem hvað helst tekur á móti nemendum úr ákveðnum sérskóla á grunnskólastigi og því búa nemendur starfsbrautar í þeim framhaldsskóla ekki endilega í næsta nágrenni við skólann. Brautarstjóri í skóla D lýsir því hvernig nemendur á starfsbraut skólans eru ólíkir því sem gengur á flestum öðrum starfsbrautum. Nemendum með miklar skerðingar<sup>5</sup> stendur ekki margt til boða annað en að sækja nám í skóla D.

Við vorum alltaf skólinn sem að tók við nemendum sem að enginn annar vildi taka við, þannig að það var kannski ekki svona stórar rósir eftir að skólagöngu lauk. Það var eiginlega að komast eitthvað og vera öruggur um eitthvað ákveðið tilboð. En við erum komin með aðeins breiðari hóp núna en heilt yfir sko með þessa mikið fötluðu einstaklinga þá erum við líklega með mestu mönnunina og allir sem eru alvarlega fatlaðir þeir eiga greiðan aðgang hérna inn í skólann. Við segjum aldrei nei. [...] Þetta er eini skólinn sem að býður upp á þessa aðstöðu sko (brautarstjóri í skóla D).

Starfsbrautin í skóla C var upphaflega hugsuð fyrir nemendur sem töldust til sérkennslustigs tvö og þrjú. Ef í nærumhverfinu eru nemendur á sérkennslustigi fjögur sem óska eftir skólavist hefur skólinn tekið á móti þeim án þess þó að hafa mótað starfsemi brautarinnar með þann nemendahóp í huga.

---

<sup>5</sup> Sjá umfjöllun um hugtakanotkun í fötlunarfræði í skýrslu um flutning þjónustu við fatlað fólk frá ríki til sveitarfélaga (Auður Magnús Leiknisdóttir o.fl., 2011).

Upphaflega var gert ráð fyrir að okkar braut myndi sinna sérkennslustigi tvö og þrjú og það eru flestir nemendur okkar á því stigi [...] og svo eru fjórir nemendur sem eru með mjög [mikla] fötlunargreiningu og þurfa nánast mann með sér til allra daglegra athafna (brautarstjóri í skóla C).

Í skóla A er nemendum brautarinnar ekki skipt í þrennt eftir greiningum þeirra. Þar þykir henta betur að vinna með hópinn í heild þar sem hver og einn sækir áfanga við hæfi hvort sem í honum eru nemendur sem teljast á sama sérkennslustigi eða ekki. Ekki er lítið á fjölbreytileikann í nemendahópnum sem galla.

Við höfum ekki deilt brautum niður í eitt, tvö og þrjú eins og margir aðrir hafa gert. Það er markviss ákvörðun. Við höfum viljað vera með þetta blandaðan hóp. Það hefur verið erfitt fyrir marga nemendur, sérstaklega auðvitað þá sem tilheyra starfsbraut eitt, af því að það eru yfirleitt getumestu krakkarnir, en við teljum bara kostina miklu meiri heldur en gallana, að hafa þá blandaða saman heldur en hitt. Þannig að til dæmis í heilbrigðisfræðihóp þá getur verið nemandi af starfsbraut eitt og starfsbraut þrjú, það er bara blandað saman. Og það er líka, samlegðaráhrifin eru miklu betri í skipulaginu, að þá getum við haft fleiri valhópa og svo framvegis, af því við blöndum öllum saman, við erum ekki bara með aðskilin eitt, tvö og þrjú (brautarstjóri í skóla A).

Starfsfólk í öðrum af fámennu skólunum geta alla jafna undirbúið sig fyrir þá nemendur sem von er á. Samfélagið er lítið og þau vita á hvaða nemendum er von áður en umsókn þeirra berst skólanum.

Þau fara alltaf í viðtal við námsráðgjafa og þessir krakkar eru náttúrulega allir búnir að koma í heimsókn inn í sérdeildina, allir sem eru í sérdeild niður í grunnskólanum, þau eru búnir að koma í heimsókn hér á meðan þau eru ennþá niðurfrá. Við vitum alltaf hverjir eru að koma og hvernig nemendur það eru, það er ekki þessi óvissa (brautarstjóri í skóla E).

## Einstaklingsmiðað nám

Í námskrá fyrir starfsbrautir framhaldsskóla kemur fram að námið skuli skipulagt út frá þeim markmiðum sem sett eru fyrir hvern nemanda fyrir sig. Það sé því mikilvægt að raunhæft mat á stöðu nemandans í námi sé til staðar. Stöðu hvers nemandar þarf að endurskoða reglulega og setja fram ný eða breytt markmið eftir því sem við á. Þegar markmið námsins eru sett fram í kennsluáætlun nemandar þarf að taka mið af áhugasviði þeirra og líklegum möguleikum hans að loknu námi. Í einstaklingsáætluninni þarf að koma fram hvernig staðið skuli að undirbúningi fyrir þau viðfangsefni sem henta hverjum og einum best að takast á við að skólagöngu lokinni (menntamálaráðuneytið, 2005).

Gengið er út frá því að í skólunum sé gerð einstaklingsnámskrá fyrir alla nemendur starfsbrautar. Þetta er þó ekki skýrt í svörum nokkurra skólanna. Þar sem unnið er eftir einstaklingsnámskrá eru framfarir metnar með viðeigandi hætti hverju sinni. Ferlið er þá oft á svipaðan hátt og er lýst er í svari Fjölbrautaskóla Suðurnesja:



Skráning á stöðu nemenda er regluleg og einstaklingsnámskrá er útbúin fyrir hvern og einn nemanda. Í upphafi hvernar annar er einstaklingsnámskráin endurskoðuð, farið er yfir hvort markmiðum hafi verið náð og ef þurfa þykir eru önnur markmið sett í samræmi við áherslur á önninni. Framfarir eru metnar með því að yfirfara einstaklingsnámskrár, farið er yfir samantektir úr áföngum og verkefni nemenda skoðuð og lagt mat á þau.

Í fjórum af skólunum fimm er gerð einstaklingsbundin námsáætlun þar sem sett eru fram markmið nemandans. Í fimmta skólanum (skóla C) virðist það vera gert með heldur óformlegri hætti þar sem ekki er gerð skrifleg áætlun sem er endurskoðuð reglulega fyrir hvern og einn nemanda. Í viðtali við nemenda í skóla C og móður hans kom fram að námið væri einstaklingsmiðað þó svo að ekki væri gerð formleg, skrifleg námsáætlun fyrir hvern nemanda.

En kannski er [nafn nemandans] mjög ánægð hérna af því að í rauninni miðast námið við hana. Og það er meginkosturinn. Það er hamingjan. [...] Já, það miðast bara við hennar getu og áhugasvið og hennar styrkleika frekar en að fókusera á veikleika (móðir nemandans í skóla C).

Verkefnisstjóri í umræddum skóla sagði að brautin í heild hefði sína námsskrá og að almennt væri lögð áhersla á að efla sjálfstæði nemenda við brautina. Þegar foreldrar sendu börn sín í skólann gerðu þeir sér grein fyrir því að skólinn vildi efla sjálfstæði og að við brautina væri ekki starfsfólk til að sinna mörgum nemendum sem þurfa mikla aðstoð.

Þetta er svona, þessi sjálfstæðu vinnubrögð sem að við leggjum svolítið áherslu á og það er í rauninni líka ákveðið val hjá foreldrum, þau koma hingað af því að þau vilja að þau fari í þetta umhverfi [...] en við erum náttúrulega alltaf bundin af ef að við erum með nemendur sem að þurfa mikla aðstoð, þá erum við bundin af því að við erum ekki með maður á mann kennslu hérna. Það er bara ekki starfsfólk til að sinna því (verkefnisstjóri í skóla C).

Í skóla A var hins vegar litið á fjölbreyttan nemendahóp sem kost fremur en galla þó að það gerði skipulag starfsins flóknara.

Já, við erum opin braut, og höfum viljað vera það. Við erum skipt niður í starfsbraut eitt, tvö og þrjú, höfum viljað vera með blandaðan hóp. Við erum ekki með einhverja ákveðna fötlunargreiningu, við höfum verið með blinda, einhverfa, down's, almenna námsörðugleika, sko allt spectrumið, og það viljum við. Við teljum það kosti frekar en galla þó að það sé erfitt í skipulagningu, þegar er verið að skipuleggja og setja niður námshópa. Og hér enginn með eins stundatöflu frekar en í fjölbrautarkerfinu almennt (brautarstjóri í skóla A).

Í skóla D kom skýrt fram að reynt væri að komast til móts við getu og áhuga hvers nemandans og þá sérstaklega þegar líða færi á skólagönguna.

Við þekkjum alveg hvað þeim finnst skemmtilegt, þannig að við bara stjórnum því, [nafn nemandans] finnst sund skemmtilegast, þannig að hún er þrisvar í viku í sundi og ekki síst af því að hún er að klára sko. Heimilisfræði er æðisleg, hún er byrjuð í því og hún er svona verkmaneskja, svo er hún tvisvar í viku í tónmennt og henni finnst tónlist skemmtileg og, þannig að við reynum sko alltaf að, með fjórða árið, aðeins að svona fara út í, æ við skulum nú

hafa skemmtilegt á fjórða árinu. Svona reyna frekar að finna eitthvað sem að höfðar til þeirra (brautarstjóri í skóla D).


Ég sé um [tiltekið fag] og ég er með tvo nemendur sem hata þetta fag út af lífinu og þeir voru bara teknir út úr því og fóru að gera eitthvað annað (brautarstjóri í skóla D).

Nemandi sem rætt var við úr skóla B var ánægður með það frelsi sem hann hafði til að gera það sem honum þótti skemmtilegt.

Ég meina, ef manni finnst það leiðinlegt þá segir maður það og þá fær maður að gera eitthvað sem að maður hefur áhuga á sjálfur (nemandi í skóla B).

Tæplega 90% foreldra vissu til þess að gerð væri einstaklingsbundin námsáætlun fyrir son/dóttur þeirra. Það kemur ekki á óvart að það eru fæstir foreldrar nemenda í skóla C sem vita ekki til þess að gerð sé einstaklingsbundin áætlun fyrir son þeirra eða dóttur en eins og kom fram hér á undan er ekki endilega gerð formleg áætlun fyrir alla nemendur starfsbrautar í þeim skóla (sjá töflu 2).

Tafla 2. Er gerð einstaklingsbundin námsáætlun fyrir son þinn eða dóttur þína í skólanum?



Það er ljóst að í einstaklingsáætlunum nemenda eru markmiðin margvísleg, bæði langtíma- markmið en þó að mestu leyti skammtíamarkmið sem geta bæði snúið að náminu, almennri framkomu og lífinu utan við skólann.

Já, já það er alltaf bæði námslegu markmiðin og líka svona ýmislegt annað sem að við erum að vinna með eins og losna við derhúfuna, hætta að kroppa skinnið af vörunum, svona hlutir sem að við erum að vinna með, svona almenn framkoma (brautarstjóri í skóla E).

Brautarstjóri sagði frá tilfelli þar sem foreldrar höfðu ekki verið ánægðir með þá kennslu sem dóttir þeirra fékk. Þeir voru ósáttir við þá áherslu sem lögð var bóklegar greinar en hefðu viljað meiri þjálfun í athöfnum daglegs lífs. Þessi frásögn bendir til þess að skólanum hafi ekki tekist að miða námið að einstaklingnum.

Þarna var stúlka sem að var mikið fötluð og gat ekki tjáð sig, var á fötlunarstigi sem sagt þrjú og þurfti fyrst og fremst þjálfun í athöfnum daglegs lífs og hún kom hérna inn á fyrsta ári og við töldum að, hún var mjög ánægð, það var ekkert að því. En foreldrarnir, þeir voru ósáttir við kennslufræðina og töldu að hún hefði, það væri lítið gagn [...] við erum náttúrulega með enskukennslu og íslenskukennslu og annað því um líkt, en hún [móðirin] var mjög ósátt við það og taldi að sitt barn hefði lítið við það að gera, að sitja þarna inni á meðan væri verið að kenna einhverjum grunn í ensku. Það væri miklu nær að hún fengi meiri þjálfun. [...] Hún var óánægð með það að við værum til dæmis ekki með matreiðslu eins og við höfðum verið með og hún var bara hreinlega skorin niður á síðasta ári vegna aukins kostnaðar (brautarstjóri í skóla C).

Verkefnisstjóri við brautina lýsti skipulagi námsins þar sem kom í ljós að nemendur hafa alla jafna ekki mikið val um þau fög sem þeir sækja og svo virðist sem áhersla sé á bókleg fög en nemendur fá ekki mikla verklega þjálfun.

Þau taka öll þennan kjarna sem er, bara eins og með íslenskuna og stærðfræði, þau fara í ensku og það eru tölvur, lífsleikni og samfélagsfræði, þau fara öll í gegnum það, svo erum við með leiklist og myndlist, íþróttir, það fara allir í íþróttir, það er ekki val. [...] við erum ekki með það mikið verklegt hérna (verkefnisstjóri í skóla C).

Í þeim skólum sem hafa nokkuð fjölmennar starfsbrautir getur það verið áskorun að halda úti einstaklingsmiðuðu námi. Brautarstjóri fjölmennrar starfsbrautar lýsti því hvernig þó væri hægt að hafa einstaklingsmiðaðar áherslur í starfinu á sama tíma og unnið væri í stærri hópum.

Já við erum náttúrulega vel mannaðar, gerum einstaklingsáætlun en fyrir svona sko hópkenndu þá er hópinnlögn, en svo er nálgunin einstaklingsmiðuð og kannski verkefni og sumir gera meira af verkefnablaðinu heldur en aðrir eða nálgast verkefnið á annan hátt, það er einstaklingsmiðað (brautarstjóri í skóla D).

## Nám á öðrum brautum

Í námskrá fyrir starfsbrautir framhaldsskóla er tekið fram að fyrir hvern nemanda þurfi að meta möguleika hans til að fella námsgrein eða námsgreinar af öðrum námsbrautum skólans að námi sínu. Taka þarf mið af markmiðum, möguleikum og áhuga nemandans. Mikilvægt er að forráðamenn nemandans, umsjónarkennari, námsráðgjafi og/eða stuðningsfulltrúi komi að skipulagi námsins ásamt nemandanum sjálfum (menntamálaráðuneytið, 2005).

Fjórir af skólunum fimm sem voru skoðaðir sérstaklega buðu nemendum starfsbrautar upp á nám í áföngum á öðrum brautum þar sem möguleiki var á að aðlaga námsefnið, nálgun og námsmat að þeirra getu og markmiðum. Í fimmta skólanum (skóla C) gátu nemendur tekið áfanga af almennum brautum en þar þurfa nemendur starfsbrautar að sinna náminu, skila verkefnum og uppfylla allt námsmat á sama hátt og aðrir nemendur.

Já, þá fara þau þau bara inn í áfanga, bara eins og aðrir nemendur og þurfa bara að skila verkefnum og sinna því alveg eins og aðrir nemendur (verkefnisstjóri í skóla C).

Í skóla C voru dæmi um nemendur sem höfðu hafið nám á almennri braut en fært sig yfir á starfsbraut vegna þess að þeir stóðust ekki námskröfur á almennu brautinni. Þar virðast vera litlir möguleikar fyrir nemendur að sækja áfanga á öðrum brautum með sín eigin markmið og námsmat. Í þessum skóla er áætlað að taka upp nýja braut fyrir þá nemendur sem eru á svokölluðu „gráu svæði“ en það eru nemendur sem standast ekki námskröfur á almennri braut en finnst þeir ekki eiga heima á starfsbraut (sjá nánari umfjöllun um nemendur á „gráu svæði“ í næsta kafla).

Við erum reynar ekki með neitt svona skilgreinda braut sem gæti tekið á þessu en núna er í smíðum framhaldsskólabraut og framhaldsskólabrautin er tveggja ára braut sem er í raun og veru sniðin að þörfum þessa grúa svæðis, [nemandi] byrjar kannski á almennu brautinni en nær ekki þeim markmiðum að geta haldið áfram í almennt nám (brautarstjóri í skóla C).

Nemandi í skólanum lýsti því að hafa byrjað á almennri braut áður en hann hóf nám á starfsbraut. Hann hafði ekki áhuga á að sækja áfanga á almennu brautinni núna: „Nei, ég er búin að prufa þetta allt á almennu“. Það má velta því fyrir sér hvort nemendur hefðu frekar áhuga á að sitja í öðrum áföngum ef markmið og námsmat væri sniðið að þeirra getu og þörfum. Aðrir skólar leggja áherslu á að veita nemendum starfsbrautar tækifæri til að stunda nám í áföngum á öðrum brautum þar sem þeir læra ef til vill ekki það sama og flestir nemendur áfangans en ná þó ákveðnum einstaklingsmiðuðum markmiðum.

Sko við erum með strákk sem er útskrifaður sem fór í landafræðiáfanga alveg í heila önn og hann kann ekki að lesa eða neitt sko, en alltaf sat hann og keypti þessa bók sem kostaði tíu þúsund kall. Fór mjög reffilegur inn í tímana, lærði sjálfsagt ekkert, en hann lærði að haga sér svolítið félagslega, það var eiginlega málið með þessu sko (brautarstjóri í skóla D).

[Nafn nemanda] sér mjög illa og það var prentað sér út og með myndum. Svo tók hún próf og þá tók hún alveg próf upp á tíu í því. Svo fór hún bara í almenna goðafræði í fyrra [...] Já, það var valfrjálst, og eins líka með siðfræðina, hún réði því hvort hún fór í próf (móðir nemanda í skóla D).

Nemendur ráða sjálfir hvort þeir vilja standast hefðbundið námsmat í öðrum kúrsum eða hvort gerður er samningur milli nemandans og kennarans um óhefðbundið námsmat (brautarstjóri í skóla A).

En hún situr alla tímana og gerir þau verkefni sem hún ræður við og svo hefur hún aukatíma inni á starfsbraut þar sem að við aðstoðum hana (brautarstjóri í skóla B).

Stefnan er náttúrulega ekkert að hafa þau sér, stefnan er að hafa þau sér þar sem að það á við og út í blöndun þar sem að það á við. Þar er fyrst og fremst reiknað með að þau geti verið virkir þátttakendur, að þau séu ekki áhorfendur að einhverju sem að þau skilji ekki. Það þýðir ekkert að vera, þó að þú sért góður að lesa og hafir gaman af að lesa bækur að sitja í bókmenntaáfangu og þú skilur ekki málfarið í bókunum sem verið er að lesa. Ég er bara ekki hlynnt því, vertu frekar í áfangu þar sem að þú skilur það sem um er að vera og getur tekið þátt í því. [...] Síðan eru þau bara inni í áföngum bara alveg eftir því hvar þau eiga heima sko, þannig að þau eru oft á sérdeild hjá okkur, eru kannski í ensku 102 og 202 en eru líka í ensku hér þar sem að haldið er utan um heimanámið, skipulagið og passað að það sé skilað á réttum tíma. [...] Jafnvel prófið er einstaklingsmiðað (brautarstjóri í skóla E).

Í skóla A stundar stór hluti nemenda á starfsbraut nám á öðrum brautum. Þar er fyrirkomulag, stefna og viðhorf sem er til fyrirmyndar þegar kemur að því að veita nemendum einstaklingsmiðuð tækifæri til að sækja nám á öðrum brautum. Það er stefna brautarinnar að nemendur fái tækifæri til að sækja áfanga á öðrum brautum og brautarstjórinn lítur á það sem rétt nemenda.

Það að vera með þessi tengsl út í almenna kerfið, og við höfum verið alveg stífar á því að það er í boði og það á að vera boði, það er bara réttur nemandi að fá að stunda nám í þeim áfangu sem honum sýnist. Annað hvort á eigin forsendum eða þá á sömu forsendum og aðrir. Það held ég að sé svona aðalsmerki okkar hérna (brautarstjóri í skóla A).

Tveir nemenda brautarinnar sækja áfangana sjálfir en aðrir eru í áföngum með aðstoð stuðningsfulltrúa. Nemendurnir fá svo aðstoð við heimanámið innan starfsbrautarinnar. Skólinn hefur lagt mikið upp úr því að nemendur starfsbrautar fái tækifæri til að stunda nám á öðrum brautum og brautarstjórinn segir fyrirkomulagið ganga vel.

Við höfum alltaf verið með þetta, alveg frá því að við byrjuðum og það er eiginlega bara gegnumgangandi þá er þeim að ganga mjög vel í þessum áföngum. Það er náttúrulega rosalega vel haldið utan um þetta, stuðningsfulltrúi fer og situr með þeim í tímanum, heldur svo utan um heimanámið, náttúrulega í gegnum námsnetið, við erum með innra net þannig að þar bara sjá þau eins og aðrir nemendur hvað þau eiga gera, heimaverkefni og allt þannig, við getum fylgst með því líka (brautarstjóri í skóla A).

Brautarstjórinn lýsti því sömuleiðis hvernig fyrirkomulagi námsmats væri háttað hjá þeim nemendum sem sækja nám á öðrum brautum.

Það er mismunandi, þú velur það og við höfum það þannig að ef að nemandi ætlar að fara út í bekk þá verður hann að skrifa undir ákveðinn námssamning. Undir það skrifar umsjónarkennarinn hans og áfangakennarinn hans í þeim áfangu og hann sjálfur, í þeim áfangu sem hann ætlar að fara út í. Þar koma fram námsáherslur og hvernig námsmati skuli vera háttað. Ef hann ætlar að falla undir það sama og bara almennur nemandi þá stendur bara sama og almennt og svo framvegis. Ef það er eitthvað annað þá er það skrifað í þennan samning og aðilar skrifa undir (brautarstjóri í skóla A).

Brautarstjórinn lagði áherslu á að samkvæmt lögum um framhaldsskóla væri það réttur nemenda að sækja almennt nám með aðstoð og því mætti ekki skera niður þá möguleika vegna fjárskortis eða af öðrum ástæðum.

[...] samkvæmt sko nýju framhaldsskólalögunum þá eiga þau þennan rétt. Ég er ekki sátt við það ef að sko, fjárhagsvald eða hvað eigum við að segja, að það eigi að fari að skera þetta niður af því að þau eiga í sjálfu sér þennan rétt að fara í almennt nám með aðstoð (brautarstjóri í skóla A).

Einn skólanna fimm (skóli C) skar sig frá öðrum skólum varðandi möguleika nemenda á starfsbraut til að sækja nám á aðrar brautir. Þar höfðu nemendur ekki möguleika á að sækja áfanga með önnur markmið að leiðarljósi en aðrir nemendur áfangans höfðu. Skólinn sker sig úr að öðru leyti því að nemendur þar eru þeim takmörkunum bundnir að kennara í þeim áföngum sem nemendur hafa áhuga á að sækja þurfa að samþykkja sérstaklega að taka á móti þeim og það hefur ekki alltaf gengið sem skyldi.

Það er möguleiki [að nemendur starfsbrautar geti farið í tíma í verklegum greinum með stuðningi] sem við ætlum að reyna núna á þessu ári. Ég ætla að reyna að bjóða upp á að setja þá inn með almennu brautinni en ég á eftir að reyna það hvort að kennararnir samþykki það. Við reyndum í fyrra að ná samningi við kennara með því að bjóða fram stuðningsfulltrúa og hann væri með fimm nemendur í hóp og stuðningsfulltrúann með en kennarinn neitaði því, taldi að það væri of mikið (brautarstjóri í skóla C).

Þó að við séum með blöndun hérna inni í skólanum og við erum með nemendur hérna í sérnámsdeild að þá er ekki þar með sagt að við séum með alla kennara samþykka því. Við höfum haft, við eigum mjög gott samstarf við þá kennara sem við höfum leitað til. Það er ekki vandamálið. En við leitum ekki til allra (brautarstjóri í skóla C).

Við þurfum svolítið að handvelja þá kennara sem að við tölum við, til að fá að senda þennan nemanda inn í áfanga, þó svo að það sé nemandi sem ætlar að taka áfangann og alveg. Og kennarar eru náttúrulega bara misjafnir og það er mjög algengt að framhaldsskólakennarar, þeir náttúrulega þekkja ekki endilega svo mikið til þessara nemenda sem að eiga í erfiðleikum með nám, það bara hefur ekkert verið inni í þeirra hérna námi í kennslufræðinni (verkefnisstjóri í skóla C).

Viðhorf kennara af öðrum brautum virðist ekki vera vandamál í hinum skólunum og starfsbrautirnar ekki háðar samþykki hvers kennara til að nemendur brautarinnar komi inn í áfanga hjá þeim.

Viðhorf til brautarinnar hjá öðrum kennurum hefur gjörbreyst og er nú mjög gott. Það hefur verið rætt við skólastjóra að allir kennarar eigi að taka við starfsbrautarnemendum inn í sinn áfanga ef nemandinn óskar þess. Ekki er í boði að hafna nemanda (brautarstjóri í skóla A).

[Kennarar hafa] bara verið jákvæðir sko (brautarstjóri í skóla B).

[Viðhorf kennara] það er bara fínt. Þetta er svo náíð samfélag skilurðu, þannig að það er mjög fínt, og aldrei verið neitt vandamál þar (brautarstjóri í skóla E).

Og við njótum mikils velvilja frá stjórnendum og öðrum kennurum hérna (brautarstjóri í skóla D).

## Nemendur á „gráu svæði“

Brautarstjórar ræddu það að í skólana vantaði góða lausn fyrir þá nemendur sem standast ekki námskröfur á almennri braut en eiga samt ekki heima á starfsbraut. Vísað er í þennan nemendahóp sem nemendur á „gráu svæði“.

...nemendurnir sem eru á þessu svokallaða grúa svæði. Þeir eru ósáttir við að vera á brautinni. Það eru nemendur sem eru á greindarmörkum, geta ekki farið inn á almennu brautirnar, ráða ekki við það, geta tekið svona kannski eina og eina grein [...]. En það hafa verið nemendur sem að tilheyra þessu grúa svæði, sem að hafa bara verið mjög ósáttir, vilja bara ekki tengja sig við brautina (brautarstjóri í skóla C).

Það eru nemendur sem að eru á þessu svokallaða grúa svæði, sumir sem að vilja ekki koma inn á sérnámsbraut af því þeim finnst þeir bara ekkert eiga heima þarna þó að námsgetan sé alveg svipuð og hjá mörgum nemendum sem að koma úr sérskóla (verkefnisstjóri í skóla C).

Falla bara og fara svo aftur í áfangann [á almennri braut]. [...]en þau bara vilja það ekki [vera á starfsbraut] sjálf, því að það er eitthvað ljótt. Þessi sem að við erum með á starfsbrautinni, þau eru svolítið mikið þroskahömluð og svona, og þeim finnst sjálfsagt, vilja ekki vera sett í þennan hóp sko. Það er búið að ræða þetta aftur og aftur hér að það þarf að vera eitthvert svona apparat fyrir þessa krakka. Það er bara algerlega nauðsynlegt. [...] en þetta verður að vera eitthvað markvisst og það verður að vera einhver einn sem heldur utan um þau og helst gæti kennt þeim allt. Það væri langbest fyrir þau, því að þau þurfa þannig, þessir krakkar (brautarstjóri í skóla B).

Sko viðkvæmustu nemendurnir eru þessir sem eru á mörkunum. [...] Og vissulega höfum við lent í nemendum sem að hafa sko verið bara að bíða eftir því að komast yfir á aðra braut. En hafa svona sætt sig við að vera á brautinni bara á meðan (Brautarstjóri í skóla E).

## Verklegt nám

Samkvæmt námskrá fyrir starfsbrautir framhaldsskóla skal nám á starfsbraut byggjast á bæði bóklegum og verklegum greinum eftir því sem við verður komið. Verklegt nám getur farið fram annað hvort innan skólans eða utan hans, s.s. í fyrirtækjum eða stofnunum. Í verklegum hluta námsins þjálfast nemendur í almennri vinnufærni en með markvissum hætti skal stefnt að því að fjölga möguleikum nemenda til þess að komast út á vinnumarkað að loknu námi á starfsbraut í framhaldsskóla. Í námsskránni er sett fram dæmi um útfærslu fjögurra ára náms á starfsbraut og þar er miðað við að af þeim 140 einingum sem nemendur ljúka séu 20 þeirra í list- og verkgreinum (14% af einingunum) (menntamálaráðuneytið, 2005).

Brautarstjórar í skólum E og C hafa orð á því að verklegri kennslu fyrir starfsbrautarnema sé ábótavant.

Ég myndi vilja hafa meira verklegt, við erum með fínan vélasal og allt svoleiðis, en það hefur ekki verið eins og ég myndi vilja að það væri. [...] Ef að ég myndi tala um veikleika í sambandi við brautina þá myndi ég vilja auka verklega hlutinn og ég myndi vilja að við gætum tekið þátt í undirbúningi fyrir sjálfstæða búsetu (brautarstjóri í skóla E).

Það sem að hefur náttúrulega látið undan hjá okkur, sem að okkur finnst mjög miður, sem að störfum hérna á deildinni, það er tengingin við verklegu áfangana hér í skólanum. Okkur hefur ekki tekist að ná áframhaldandi verklegu námi fyrir þá sem að það vilja og þarna er náttúrulega fyrst og fremst bara fjárhagslegt vandamál (brautarstjóri í skóla C).

Brautarstjórinn í skóla C lýsir því hve kostnaðarsamt það var að halda úti verklegri kennslu vegna þess hve fáa nemendur hver kennari gat tekið að sér og að það hafi orðið að víkja í því árferði sem nú er búið við.

Þetta er bara það fyrsta sem gefur eftir í svona árferði eins og við lifum í núna, þetta er bara allt of dýrt (brautarstjóri í skóla C).

Brautarstjórinn í skóla A lagði áherslu á að skólinn væri fyrst og fremst bóknámsskóli og að ekki væri mikil áhersla á verklegar greinar og að möguleikarnir á verknámi væru ekki miklir.

Þetta er náttúrulega bóknámsskóli og þó að við bjóðum upp á verknámsáfangana, við erum með sem sé matreiðslu og myndlist, og svo vorum við nú svo heppin að fá inni í [nafn á skóla], þar er handavinnustofa og þar var smíðastofa, og þar fengum við inni, fyrir okkar krakka. Við erum reyndar búin að missa smíðastofuna, en ennþá fara þau í handmennt þangað niðureftir (brautarstjóri í skóla A).


Móðir nemanda í skólanum vildi þó sjá meiri áherslu á verknám þar sem bóklegt nám hentaði mörgum nemendum starfsbrautarinnar síður.

Það mætti vera meira í boði fyrir þessi börn, verklegt sko. Það er allt of mikið bóklegt og bóklegt og bóklegt, endalast. Það er enginn eins, þannig að við þurfum að reyna að hugsa dálítið um að láta þau blómstra í þeim hæfileikum sem að liggur fyrir þeim skilurðu (móðir nemanda í skóla A).


Tæpur helmingur foreldra nemenda í skólunum fimm sögðu starfsbrautina leggja frekar eða mjög mikla áherslu á bóklegar greinar. Ríflega fimmtungur sagði áhersluna litla eða enga. Það var síst í skóla D sem mikil áhersla var á bóklegar greinar og ef samsetning nemendahópsins í þeim skóla er höfð í huga kemur það ekki á óvart (sjá töflu 3). Meirihluta foreldra þótti áherslan á bóklegar greinar vera hæfilega mikil en það var einna helst í skóla C sem foreldrar hefðu viljað sjá meiri áherslu á bóklegt nám (sjá töflu 4). Í töflu 5 má sjá að rúmlega helmingur foreldra taldi færni sonar síns eða dóttur í bóklegum greinum hafa aukist eftir að þau hófu nám á starfsbraut og átti það hvað helst við um nemendur í skóla A.



Tafla 3. Hversu mikla áherslu telur þú að starfsbrautin leggi á bóklegar greinar?



Tafla 4. Telur þú áherslu á bóklegar greinar í námi sonar þíns eða dóttur þinnar vera of mikla, hæfilega eða of líta?



Tveir sögðust ekki vita svarið við spurningunni og fjórir vildu ekki svara. Einn sagði áhersluna aðeins of mikla en var sleppt úr bakgrunnsgreiningu til að tryggja nafnleynd.

**Tafla 5. Hversu sammála eða ósammála ertu eftirfarandi fullyrðingu um þann ávinning sem hann/hún hefur haft af náminu við framhaldsskólann? Færni hans eða hennar í bóklegum greinum hefur aukist.**

	Mjög sammála	Frekar sammála	Hvorki né	Frekar ósammála	Mjög ósammála	Fjöldi svara	Mjög eða frekar sammála
<b>Heild</b>	11%	45%	24%	11%	8%	62	56%
<b>Skólaár</b>							
1. og 2. ár	10%	38%	31%	14%	7%	29	48%
3. og 4. ár	12%	52%	18%	9%	9%	33	64%
<b>Kyn</b>							
Piltur	8%	47%	14%	17%	14%	36	55%
Stúlka	15%	42%	38%	4%	0%	26	57%
<b>Skóli</b>							
Skóli A	26%	47%	16%	5%	5%	19	73%
Skóli B	0%	50%	50%	0%	0%	6	50%
Skóli C	0%	53%	21%	21%	5%	19	53%
Skóli D	15%	23%	31%	8%	23%	13	38%
Skóli E	0%	60%	20%	20%	0%	5	60%

Tveir sögðust ekki vita svárið við spurningunni, fjórir vildu ekki svara og þrír sögðu spurninguna ekki eiga við um sitt barn.

0% 25% 50% 75% 100%

Í töflu 6 má sjá að yfir helmingi foreldra þótti starfsbrautin leggja mjög eða frekar mikla áherslu á verklegar greinar, svo sem handmennt, smíðar og íþróttir. Tafla 7 sýnir að ríflega 70% foreldra þótti áherslan hæfilega mikil en aðrir hefðu viljað leggja meiri áherslu á kennslu verklegra greina. Í töflu 8 má sjá að helmingur foreldra taldi færni sonar síns eða dóttur í verklegum greinum hafa aukist eftir að þau hófu nám við starfsbraut skólans. Þetta átti einna helst við um skóla A.

**Tafla 6. Hversu mikla áherslu telur þú að starfsbrautin leggi á verklegar greinar (svo sem handmennt, smíðar, íþróttir)?**

	Mjög mikla áherslu	Frekar mikla áherslu	Hvorki né	Frekar lítil áherslu	Mjög lítil eða enga áherslu	Fjöldi svara	Mjög eða frekar mikla áherslu
<b>Heild</b>	12%	46%	23%	11%	8%	65	58%
<b>Skólaár</b>							
1. og 2. ár	13%	53%	23%	7%	3%	30	66%
3. og 4. ár	11%	40%	23%	14%	11%	35	51%
<b>Kyn</b>							
Piltur	14%	37%	26%	14%	9%	35	51%
Stúlka	10%	57%	20%	7%	7%	30	67%
<b>Skóli</b>							
Skóli A	24%	38%	24%	10%	5%	21	62%
Skóli B	0%	50%	33%	0%	17%	6	50%
Skóli C	5%	53%	21%	16%	5%	19	58%
Skóli D	7%	60%	20%	7%	7%	15	67%
Skóli E	-	-	-	-	-	4	

Tveir sögðust ekki vita svarið við spurningunni og fjórir vildu ekki svara.

0% 25% 50% 75% 100%

**Tafla 7. Telur þú áherslu á verklegar greinar í námi sonar þíns eða dóttur þinnar vera of mikla, hæfilega eða of lítila?**

	Hæfileg áhersla	Aðeins of lítil áhersla	Allt of lítil áhersla	Fjöldi svara	Hæfileg áhersla
<b>Heild</b>	72%	22%	6%	64	72%
<b>Skólaár</b>					
1. og 2. ár	80%	10%	10%	30	80%
3. og 4. ár	65%	32%	3%	34	65%
<b>Kyn</b>					
Piltur	69%	26%	6%	35	69%
Stúlka	76%	17%	7%	29	76%
<b>Skóli</b>					
Skóli A	75%	25%	0%	20	75%
Skóli B	67%	33%	0%	6	67%
Skóli C	72%	22%	6%	18	72%
Skóli D	80%	20%	0%	15	80%
Skóli E	40%	0%	60%	5	40%

Tveir sögðust ekki vita svarið við spurningunni og fjórir vildu ekki svara. Einn sagði áhersluna aðeins of mikla en var sleppt úr bakgrunnsgreiningu til að tryggja nafnleynd.

0% 25% 50% 75% 100%

**Tafla 8. Hversu sammála eða ósammála ertu eftirfarandi fullyrðingu um þann ávinning sem hann/hún hefur haft af náminu við framhaldsskólann? *Færni hans eða hennar í verklegum greinum hefur aukist.***

	Mjög sammála	Frekar sammála	Hvorki né	Frekar ósammála	Mjög ósammála	Fjöldi svara	Mjög eða frekar sammála
<b>Heild</b>	13%	39%	27%	15%	6%	62	52%
<b>Skólaár</b>							
1. og 2. ár	13%	29%	35%	13%	10%	31	42%
3. og 4. ár	13%	48%	19%	16%	3%	31	61%
<b>Kyn</b>							
Piltur	15%	35%	26%	18%	6%	34	50%
Stúlka	11%	43%	29%	11%	7%	28	54%
<b>Skóli</b>							
Skóli A	20%	65%	10%	5%	0%	20	85%
Skóli B	0%	60%	40%	0%	0%	5	60%
Skóli C	5%	20%	40%	30%	5%	20	25%
Skóli D	23%	23%	31%	8%	15%	13	46%
Skóli E	0%	25%	25%	25%	25%	4	25%

Fjórir vildu ekki svара og fimm sögðu spurninguna ekki eiga við um sitt barn.

0% 25% 50% 75% 100%

Því meiri áhersla sem lögð var á bóklegar eða verklegar greinar því frekar þótti foreldrum áherslan vera hæfilega mikil. Þar sem áherslan á bóklegar greinar var frekar eða mjög mikil þótti 93% foreldra hún vera hæfileg samanborið við 64% foreldra þar sem áherslan var lítil eða engin. Um 83% foreldra þótti áherslan á verklegar greinar vera hæfileg þegar hún var mjög eða frekar mikil samanborið við 42% foreldra ef áherslan var lítil eða engin.

## Námsmat

Námsmat nemenda á starfsbraut getur verið með ýmsum hætti þar sem það skal skipulagt fyrir hvern nemanda sérstaklega. Í upphafi eru sett fram einstaklingsmiðuð markmið og byggir námsmatið á þeim. Námsmat á að miðast við sem flesta þætti náms og kennslu, þ.m.t. starfsþjálfun. Námsmatið þarf að vera leiðbeinandi, hvetjandi og upplýsandi og best ef ábendingar um hvernig nemandinn geti bætt stöðu sína fylgi matinu (menntamálaráðuneytið, 2005). „Megintilgangur einstaklingsmats er að

- afla upplýsinga sem gefa vísbendingar um hæfileika og þekkingu nemandans
- beina sjónum að því hvernig nemandinn nýtir sér hæfileika og þekkingu sína
- gera grein fyrir getu nemandans til að fylgja þeim kennslumarkmiðum sem skilgreind voru með námi hans

- styrkja sjálfsmat nemandans og auka vitneskju hans um það hvernig og hvað honum gengur best að læra, við hvað hann þarf aðstoð og hvernig hann tekst á við sínar veiku hliðar“ (menntamálaráðuneytið, 2005, bl.s 5).

Í þeim framhaldsskólum sem reka starfsbraut er almennt notast við símat þar sem margvísleg viðmið eru notuð til að meta framfarir nemenda. Má þar nefna viðtöl við nemendur eða foreldra, mat á vinnusemi í tímum, verkefni, kannanir og próf eins og við á.

Í skýrslu Menntaskóla Borgarfjarðar er því lýst hvernig leiðsagnarmat, eða námsmat sem á sér stað jafnt og þétt á námstíma, gengur fyrir sig:

Tilgangur leiðsagnarmats er að hjálpa nemandanum, með leiðsögn kennarans að nálgast markmið sín í náminu og ákveða hvert skal stefna. Leiðsagnarmatið felur í sér sífellda endurgjöf frá kennaranum um nám og farmmistöðu nemenda á hverjum tíma, til þess að endurgjöfin hafi einhverja þýðingu. Frammistöðumat er mikilvægur þáttur í leiðsagnarmati því þá hefur kennarinn tækifæri til að leiðbeina nemendum um hvað betur má fara, og hvað vel er gert, í þeim tilgangi að þeir geti bætt sig. [...] Leiðsagnarmat er 3-4 sinnum á hverri önn og kallast Vörður. Í fyrstu þremur vörðunum hittir nemandinn umsjónarkennara sinn og fær munnlega og skriflega umsögn, í umsögninni kemur fram hvernig gengur í náminu. Á umsjónarfundum er m.a. farið yfir hvernig nemandanum líður í skólanum, hvort einhver vandamál séu, hvað honum finnst um námsefnið og allt það sem nemandinn vill koma á framfæri hvort sem það hefur með veru hans í skólanum að gera eða ekki. Í síðustu vörðunni fær nemandinn síðan umsögn og einkunn í heilum tölum. Á starfsbraut MB eru engin formleg próf í lok annar. Einkunnir eru gefnar í heilum tölum á bilinu 1-10 eins og um getur í reglugerð menntamálaráðuneytisins.

Fleiri skólar notast við leiðbeinandi símat en það virðist ekki vera eins og títt og reglubundið og það er í Menntaskóla Borgarfjarðar. Oft virðast skriflegar umsagnir veittar í lok hvernar annar þar sem einstaklingsmarkmið eru yfirfarin og endurskoðuð. Í sumum skólum fá nemendur umsagnir og endurskoðuð markmið um miðja önn.

Þegar heimsóknir í skólana fimm fóru fram stóðu haustannarpróf fyrir dyrum. Í skóla E vakti það athygli úttektaraðila að nemendur starfsbrautar voru einnig í prófum. Brautarstjóri nefndi að sér þætti próftaka mikilvægur þáttur í námi nemendanna og að þeir fengju einstaklingsmiðuð próf. Þeir fengju því sína próftöflu eins og aðrir nemendur skólans. Í skóla C fóru nemendur starfsbrautar aftur á móti ekki í próf. Þann dag sem úttektaraðilar heimsóttu skólann og aðrir nemendur skólans voru í prófum horfðu nemendur starfsbrautar á kvikmynd.

## Starfsfólk á starfsbraut

Aðeins þrjú af 21 framhaldsskóla voru ekki með menntaða sérkennara við brautina vorið 2011. Um er að ræða skóla á landsbyggðinni og hafa þeir allir fáa nemendur á starfsbraut. Þessir skólar hafa þó kennara með kennsluréttindi við brautina og tveir þeirra hafa menntaða þroskaþjálfara starfandi við brautina. Hinir skólarnir 18 hafa allir menntaða sérkennara starfandi við brautina auk

Þess sem í flestum skólum starfa stuðningsfulltrúar, leiðbeinendur, iðjubjálfar, þroskaþjálfar, uppeldis- og menntunarfræðingar auk kennara sem hafa kennsluréttindi í sínum faggreinum.

Spurðir um helstu styrkleika brautarinnar nefndu þrír af brautarstjórunum fimm að helsta styrkleikann væri að finna í þeim mannauði sem fælist í starfsfólki brautarinnar. Þeir nefndu meðal annars að starfsfólkið væri ófeimið við að feta nýjar slóðir, legði sig fram við vinnuna, væri glatt og að hópurinn væri samheldinn.

Á sama tíma og mannauðurinn var helsti styrkleiki brautarinnar í skóla D leit brautarstjórinn svo á að nauðsynlegt væri að fá nýtt blóð í starfsmannahópinn. Starfsfólkið þekktist vel og orðið góðir vinir og ef til vill ekki nægilega gagnrýnið hvert á annað. Ef stuðningsfulltrúar standa sig vel í starfinu hvetur brautarstjórinn þá til að hætta að starfa við brautina og sækja sér menntun á sviðinu.

Veikleikarnir eru, þá er þetta einungis mitt mat, að það eru mjög litlar hreyfingar á starfsfólki hérna, stuðningsfulltrúarnir eru að koma og fara og ég er alltaf að reyna að reka þá, af því að ef að fólk er gott, [...] þá segi ég „ekki enda í 75% vinnu með enga menntun, fariði og geriði eitthvað og ...“, við viljum gjarnan fá hreyfingu þar sko. En hitt fólkið er, [...] við erum öll að eldast og kannski erum við orðin svolítið of góðir vinir. Ég held að fólk sé svolítið hrætt að benda á hérna „ertu alveg viss um að þú sért að...“, kannski svolítið of náin (brautarstjóri í skóla D).

Í þeim tveimur skólum sem voru fámennastir litu brautarstjórnarnir á fámennið sem helsta styrkleika brautarinnar. Starfið væri persónulegt, tengsl skólans við nærumhverfið væri gott og nemendur fengju einstaklingsmiðaða og persónulega aðstoð í rólegu umhverfi.

Hún [brautin] er lítil, hún er það, þetta er mjög persónulegt allt saman og þau fá fína þjónustu. Þau bara fá einstaklingskennslu öll, alveg hreint, og það er bara svona létt yfir þessu hjá okkur og svona, við reynum að hafa þetta mest svona á léttum nótum (brautarstjóri í skóla B).

Það eru náttúrulega styrkleikar alveg eins og eru styrkleikar skólans, það er nándin. Það er bara ótvírætt að stærð samfélagsins, tengsl skólans við samfélagið, allt, það eru óneitanlega styrkleikar. Skólaandinn er styrkleiki, það er enginn gassagangur, skiljiði, umhverfið er rólegt (brautarstjóri í skóla E).

### 3. SÉRHÆFÐ NÁMSGÖGN OG HÚSNÆÐISAÐSTAÐA

Hér verður annars vegar fjallað um þá húsnæðisaðstöðu og kennslurými sem starfsbrautirnar hafa yfir að ráða og hins vegar sérhæfð námsgögn og hjálpartæki sem margir starfsbrautar-nemendur þurfa á að halda í námi sínu.

#### Húsnæðisaðstaða og kennslurými

Í skýrslunum sem mennta- og menningarmálaráðuneytið safnaði frá skólunum kemur fram að nemendur á starfsbraut séu hluti af skólasamfélaginu og það er stefna flestra skóla að þeir upplifi sig sem slíka. Aðstaða starfsbrautar innan skólans er í flestum tilfellum ekki aðgreind frá öðru kennslurými en þó eru nokkrir skólar sem hafa kennslurými starfsbrautar á þeim stað í skólanum þar sem lítil umgangur er og jafnvel sérinngangur. Í flestum skólum er lítið á það sem kost að hafa kennslurými starfsbrautarinnar miðsvæðis eða þar sem aðrir nemendur skólans eiga leið um. Með þessu telja starfsmenn að samneyti við aðra nemendur skólans aukist. Þó kann það að skapa vandræði þar sem einstaka nemendum á starfsbraut reynist slíkur umgangur erfiður. Það er sérstaklega í þeim skólum sem kenna iðngreinar að ekki hefur verið útbúin sérstök kennsluáðstaða fyrir brautina heldur sækja nemendur tíma í þeim stofum sem notaðar eru til kennslu hvernar námsgreinar.

Áherslan á að nemendur starfsbrautar hafi aðstöðu miðsvæðis innan um nemendur annarra brauta kom sömuleiðis fram í viðtölum við brautarstjóra skólanna fimm sem voru skoðaðir sérstaklega.

Þetta hefur nú verið umdeilt vegna brunaæfinga af því að við erum á annarri hæð, það hefur verið talað um hvort við ættum að fara á fyrstu hæðina, við höfum ekki viljað taka það vegna þess að þá er um að ræða stofur sem að eru eiginlega alveg úti í einhverjum jaðri (brautarstjóri í skóla C).

Brautarstjóri í skóla A sagði frá því að aðstaðan sem skólinn hefði hentaði ekki endilega öllum nemendum sem skólanum væri gert að taka inn á starfsbrautina.

[Sumir nemendur] þurfa miklu þrengra rými og afmarkað og lokaðra og áreitamina en okkur hefur verið gert, með stjórnvaldsaðgerð, að taka inn slíka nemendur sem við höfum í sjálfu sér hafnað á inntökufundi, vegna þess að við höfum ekki talið rýmið henta þeim (brautarstjóri í skóla A).

Móðir nemenda við þennan sama skóla var hins vegar ánægð með aðstöðuna og hafði orð á því að þar væri lítið áreiti.

Þegar ég hef komið hingað þá er hann að vinna bara kannski í tölvu, eða kannski í íslenskutíma, þá kannski bara einn með honum, þannig að þetta umhverfi er alveg yndislegt

fyrir þau sko. Og ekki þetta áreiti, þau þola ekki að vera í stórum hóp (móðir nemanda í skóla A).

Starfsbraut í einum skólanna glímdi við afar þröngan húsnæðiskost. Brautarstjórinn sagði frá einum nemanda sem ætti erfitt með að vera í svona mikilli nánd við aðra nemendur og ætti það til að slá frá sér. Það er því ljóst að plássleysið er vandamál við daglegan rekstur brautarinnar. Skólahúsnæðið er nýtt en svo virðist sem ekki hafi verið gert ráð fyrir rekstri starfsbrautar þegar húsið var byggt.

[Helstu veikleikar brautarinnar eru] plássleysið, ekkert pláss og það er bara vandamál. [...] Og það er eins og þegar við erum hérna, það er bara kaos, það er svo þröngt hérna. [...] Já og við erum með einn mjög erfiðan nemanda hérna sem að rífur í fólk [...] en hann er með samt (brautarstjóri í skóla B).

Já, það er svona eins og að húsið hafi verið byggt með það í huga að það væri ekki starfsbraut hérna, að það hafi komið eftir á, í þessu fína flotta húsi (brautarstjóri í skóla B).

Foreldrar í þessum tiltekna skóla virðast þó ekki óánægðari með húsnæðisaðstöðu skólans heldur en foreldrar nemenda í hinum skólunum fjórum. Að jafnaði voru foreldrar ánægðir með húsnæðisaðstöðu, svo sem stærð og aðgengi (sjá töflu 9).

**Tafla 9. Hversu ánægð/ur eða óánægð/ur ert þú með þá húsnæðisaðstöðu sem skólinn býður upp á, til dæmis stærð og aðgengi?**

	Mjög ánægð/ur	Frekar ánægð/ur	Hvorki né	Frekar óánægð/ur	Mjög óánægð/ur	Fjöldi svara	Mjög eða frekar ánægð/ur
<b>Heild</b>	45%	39%	10%	4%	1%	71	84%
<b>Skólaár</b>							
1. og 2. ár	53%	29%	9%	6%	3%	34	82%
3. og 4. ár	38%	49%	11%	3%	0%	37	87%
<b>Kyn</b>							
Piltur	45%	39%	11%	5%	0%	38	84%
Stúlka	45%	39%	9%	3%	3%	33	84%
<b>Skóli</b>							
Skóli A	43%	35%	17%	0%	4%	23	78%
Skóli B	33%	50%	0%	17%	0%	6	83%
Skóli C	50%	30%	10%	10%	0%	20	80%
Skóli D	35%	59%	6%	0%	0%	17	94%
Skóli E	80%	20%	0%	0%	0%	5	100%

Húsnæðisaðstaða fyrir nemendur með líkamlegar skerðingar var afar misjöfn. Í skólum B og E þurfti enginn nemenda brautarinnar sérútbúna salernisaðstöðu en á öðrum brautum skólanna voru nemendur sem nota hjólastól. Viðunandi salernisaðstaða var til staðar fyrir þessa nemendur



sem og framtíðarnemendur skólans sem gætu þurft á aðstöðunni að halda. Í skóla D er starfsbrautin í nýbyggðri álmu skólans þar sem sérstaklega var gert ráð fyrir starfsemi brautarinnar. Þar er salernisaðstaða og önnur aðstaða fyrir nemendur brautarinnar til fyrirmyndar. Brautarstjóri skóla C sagði að salernisaðstaða þar stæðist allar kröfur og væri til dæmis með skiptiborði og lyftu. Í skóla A hafði þetta verið vandamál og brautarstjórinn sagði afar óljóst í reglugerðum hver ætti að bera kostnað af hjálparkækjum við salernisaðstöðu. Notast var við gömul kennsluborð og tjalddýnu sem skiptiaðstöðu þar til einn nemendanna kom með sitt eigið stillanlega skiptiborð með sér. Skiptiborðið er eign nemandans og fer að öllum líkindum úr skólanum þegar hann útskrifast. Framtíðarfyrirkomulag á salernisaðstöðu fatlaðra nemenda er því ekki fundin í þessum skóla.

## Sérhæfð námsgögn og hjálparkæki

Í námskrá fyrir starfsbrautir framhaldsskóla kemur fram að brýnt sé að „hagnýta þekkingu í kennslufræði og gæta þess að tiltæk hjálparkæki og sérhæfð námsgögn, sem þörf er á hverju sinni, séu hagnýtt til kennslu“ (menntamálaráðuneytið, 2005, bls. 2).

Viðmælendur voru sérstaklega spurðir hvernig aðgengi að viðeigandi námsgögnum fyrir nemendahópinn væri háttað. Í ljós kom að skólarnir fara einkum tvær leiðir við öflun námsgagna. Annarsvegar þróa kennararnir sjálfir það námsefni sem hentar nemendum hverju sinni og leita þá jafnvel að hentugu efni erlendis frá til þýðinga. Hinsvegar er notast við valið námsefni fyrir grunnskólanemendur en lítið virðist vera um miðlæg námsgögn sem sérstaklega eru ætluð nemendum starfsbrautar.

En annars höfum við bara aðlagð svolítið námsefnið að þeim, við höfum ekkert aðgengi að neinu námsefni fyrir nemendur. [...] Já, við þurfum að útbúa það og aðlaga það, eða nota dálítið mikið bara námsefni grunnskólanna og vefinn hjá Námsgagnastofnun, Skólavefurinn er líka með ágætán vef og svona reynum að blanda þessu saman (verkefnisstjóri í skóla C).

Kennararnir hafa verið óhemju duglegir við að viðá að sér þekkingu og þýða, [...] en það er mikil vinna og það er kannski lítil fjárhagsleg umbun fyrir kennarana, nema sko að þeir sækir um að fara út í námsgagnagerð sem er aftur stærra mál (brautarstjóri í skóla C).

Kennarar hafa sjálfir verið að útvega efni til kennsluefnisgerðar, tekið með sér ýmsa hluti að heiman (brautarstjóri í skóla A).

Við erum alltaf í vandræðum með námsefni, við búum allt námsefnið til eiginlega, eða mjög mikið sko, [...] það fer ofboðslegur tími í að búa til námsefni (brautarstjóri í skóla B).

[Við höfum] mest verið með grunnskólaefni og þá þarf náttúrulega bara að gæta þess að það sé ekki merkt fyrir níu ára bekk eða fyrir ellefu ára eða eitthvað svoléiðis, þá bara búum við til nýjar forsíður og bindum inn í gorma og svona, en í gegnum árin hefur þetta verið veikur


punktur, það er að segja, kennsluefni á sérdeildum framhaldsskólanna. [...] En það hefur legið mikil vinna í að útbúa hefti og efni (brautarstjóri í skóla E).

Það var áberandi í viðtölunum hve mikill tími og fyrirhöfn fer í námsefnisgerð hjá kennurunum. Það námsefni sem útbúið er í hverjum skóla fyrir sig virðist ekki ganga á milli skóla heldur er hver og einn að sinna sínu og aðrir njóta ekki góðs af því starfi sem unnið er í öðrum skólum nema þá að litlu leyti.

Já, svo vilja náttúrulega allir selja þetta og þetta kostar fullt af peningum af því að það er svo mikil vinna í þessu. En maður hefur svona fengið að kaupa smá (brautarstjóri í skóla B).

Tveir af hverjum þremur foreldrum í skólunum fimm sögðu son sinn eða dóttur þurfa hjálpargögn eða sérhæfð námsgögn í námi sínu (sjá töflu 10). Því er ljóst að kennarar á starfsbrautum þurfa að útbúa sérhæfð námsgögn og aðlaga þau að meirihluta nemenda brautarinnar.

**Tafla 10. Þarf sonur þinn eða dóttir þín hjálpargögn eða sérhæfð námsgögn í námi sínu?**



Starfsfólki skólanna virðist ganga ágætlega að mæta þessum þörfum starfsbrautarnemenda þar sem 77% nemenda í þeim fimm skólum sem voru skoðaðir hafa að öllu eða mestu leyti aðgang að þeim hjálpargögnum og sérhæfðum námsgögnum sem þeir þarfnast í náminu (sjá töflu 11).

**Tafla 11. Hefur hann/hún aðgang að þeim hjálpargögnum og sérhæfðum námsgögnum sem hann/hún þarfnast í náminu?**

	Já, að öllu leyti	Já, að mestu leyti	Já, að nokkru leyti	Já, en aðeins að litlu leyti	Fjöldi svara	Já, að öllu leyti
<b>Heild</b>	58%	19%	19%	3%	36	58%
<b>Skólaár</b>						
1. og 2. ár	53%	33%	13%	0%	15	53%
3. og 4. ár	62%	10%	24%	5%	21	62%
<b>Kyn</b>						
Piltur	55%	20%	25%	0%	20	55%
Stúlka	63%	19%	13%	6%	16	63%
<b>Skóli</b>						
Skóli A	63%	13%	25%	0%	8	63%
Skóli B	-	-	-	-	3	
Skóli C	56%	22%	22%	0%	9	56%
Skóli D	75%	8%	8%	8%	12	75%
Skóli E	-	-	-	-	4	

29 fengu ekki spurninguna þar sem þeir vissu ekki hvort nemandinn þurfti sérhæfð námsgögn eða hjálpartæki eða vegna þess að nemandi þurfti ekki á slíku að halda. Fimm sögðust ekki vita svárið og einn vildi ekki svara.

0% 25% 50% 75% 100%

Í töflu 12 má sjá svör frá foreldrum nemenda sem höfðu ekki að öllu leyti aðgang að hjálpargögnum eða sérhæfðum námsgögnum.

**Tafla 12. Hvaða hjálpargögn eða sérhæfð námsgögn vantar son þinn eða dóttur?**

Auðskilið efni
Hljóðbækur
Meiri aðgang að námsefni á tölvutæku formi, meiri og fjölbreyttari aðlögun námsefnis með því að nota t.d. myndir, vídeó og tal
Fleiri verklega áfanga
Rétta hæð á borði og stól
Sérútbúna tölvu til að taka við munnlegum fyrirællum
Starfseldhús og betra pláss
Textastækkara
Tölva með snertiskjá og sérstökum forritum kæmi sér vel

## 4. SAMVINNA FORELDRA OG SKÓLA

Í námskrá fyrir starfsbrautir framhaldsskóla er lögð áhersla á að mikilvægi þess að stuðlað sé að „traustri og virkri samvinnu milli skólans og foreldra/forráðamanna nemenda á starfsbrautum“ (menntamálaráðuneytið, 2005, bls. 2).

Í svörum frá um helmingi allra framhaldsskólanna var tekið sérstaklega fram að mikið væri lagt upp úr samstarfi við foreldra. Í flestum skólunum er einhver regla á fundum og/eða viðtölum með foreldrum en allur gangur virðist vera á tíðni slíkra funda. Fundir í skólunum með foreldrum eru þannig allt frá einum kynningarfundum í upphafi skólagöngu yfir í að hafa fundi nokkrum sinnum á önn. Auk þess er stundum notast við samskiptabækur sem fara á milli heimilis og skóla daglega. Í einhverjum tilfellum eru haldnir teymisfundir með aðkomu foreldra, fulltrúa félagsþjónustu, umsjónakennara nemandans og annarra sem koma að málefnum nemandans.

Í svörum frá flestum skólunum kom fram að foreldrar geti ávallt haft samband við starfsmenn brautarinnar, hvort sem það er með tölvupósti eða símtali auk þess sem starfsmenn setja sig í samband við foreldra eftir þörfum. Hjá nokkrum skólum var fjallað um að aðkoma foreldra væri misjöfn þar sem sumir foreldrar væru virkir í skólastarfinu og væru í miklu og góðu sambandi við starfsmenn brautarinnar á meðan aðrir foreldrar tækju minni þátt.

Í skýrslum frá ríflega helmingi skólanna kemur fram að upp hafi komið vandamál í samstarfi skólans og foreldra/forráðamanna. Í nokkrum af þeim skólum hafa vandamálin verið minniháttar og þau leyst á farsælan hátt. Vandamálin snúa oft að dvalartíma nemenda í skólanum en foreldrum hefur þótt skólatíminn of stuttur. Til ágreinings hefur komið þegar nemandi hefur þurft að vera heima vegna veikinda eða leyfis kennara og sömuleiðis hafa komið upp vandamál þegar nemendur hafa verið sendir veikir í skólann. Vandamál og ágreiningur í tengslum við samvinnu skóla og foreldra virðast almennt ekki koma oft upp.

### Samskipti foreldra og skóla

Fundir og viðtöl með foreldrum eru haldnir í fjórum af skólunum fimm sem heimsóttir voru en þó er umfang þeirra mismikið.

En svo er ég alltaf með fundi líka, þetta er bara með nemendunum sjálfum og svo hef ég líka fundi á svona sex til átta vikna fresti þá með aðstandendum (brautarstjóri í skóla B).

Til viðbótar við regluleg samskipti tala brautarstjórnir um að haft sé samband á báða bóga ef þörf þykir.

Ég er náttúrulega líka í tölvusamskiptum við þau mikið og símasambandi sko, þetta er ekkert alveg skipulagt, þetta er bara svona ef að þarf og þau geta hringt hvenær sem er, komið hvenær sem er (brautarstjóri í skóla B).

Sko hún hefur bara samband hún [nafn brautarstjóra]. Það er tölvupóstur á milli okkar ef það kemur eitthvað upp á og svoleiðis. [...] Annars er bara farið í gegnum allt í tölvupósti eða við höfum bara hringt í hana sko (móðir nemanda í skóla B).

Svo fáum við bara póst alltaf frá kennurunum og mjög gott aðgengi, við getum sent póst og við hringjum og sendum jafnvel SMS, og þau eru fljót að svara og manni er tekið rosalega vel. Það er bara, mjög gott (móðir nemanda í skóla D).

Í ljós kom að línan á milli þess að hafa of lítil samskipti og of mikil reynist oft fín. Brautarstjóri í skóla E hafði orð á því að ekki væri þörf á að hringja í foreldrana vegna allra atvika sem eiga sér stað í skólanum, oft væru hvorki foreldrar né nemendur bættari með því.

Mér finnst stundum að það sé bara kominn tími á að hvíla foreldra þegar þau koma til okkar, það er alveg ljóst skilurðu. Þannig að ég er ekkert hringjandi, þó að þau skrópi í einn og einn tíma, þá hringi ég ekkert í símann og segi foreldrunum, eða ef að einhver fer að gráta eða eitthvað smotterí, þá rýk ég ekki í símann og tilkynni. [...] Já, hvað græðir mamma í vinnunni að henni sé að nemandi sem að ræður alveg við að vera einn hafi farið heim úr skólanum? En þetta er svolítið áberandi, að mér finnst að foreldrum finnst bara gott að þau fái að fullorðnast enda þurfa þau stundum að losna aðeins við mömmu sína (brautarstjóri í skóla E).

Í þessum skóla virðist það því vera eitt af markmiðunum að gera nemendur sjálfstæðari og ekki að blanda foreldrum í öll mál.

Í skóla C var markmiðið einnig að nemendurnir væru sjálfstæðir. Þar eru engir reglulegir foreldrafundir eða –viðtöl en foreldrum er bent á að hafa samband ef það er eitthvað sem þeir vilja ræða.

Við erum ekki með neinn ákveðinn viðtalstíma heldur frekar bendum við fólki á að bara senda póst eða hringja strax því að yfirleitt eru mál, ef það kemur eitthvað upp á hjá þessum krökkum þá er þetta eitthvað sem að þarf að leysa bara strax (verkefnisstjóri í skóla C).

Móðir nemanda í skólanum var ekki sátt við þetta fyrirkomulag samskipta. Hennar skoðun er sú að ekki sé gott að foreldrar séu aldrei boðaðir í foreldraviðtal og að litlar upplýsingar sé að fá um framvindu námsins hjá dóttur hennar.

Foreldrar eru aldrei kallaðir í foreldraviðtal, það er okkar að hringja til að athuga hvort það er eitthvað. Við þyrftum að hafa meiri samskipti, fá að vita hvað er í gangi í hvert skipti. [...] Við höfum ekki fengið að sjá neitt hver framvindan er í námsárangri hjá henni uppfrá. [Hún hefur] fengið einkunnir en þær segja mér ekki neitt því að ég veit ekkert hvers konar námsefni hún er með í höndunum. [...] Ég er ekki búin að fá neinar upplýsingar um framhaldið og hvar hún er sterkust á þeirra mælikvarða þarna niður frá sko (móðir nemanda í skóla C).

Móðirin hefur samanburð við annan framhaldsskóla þar sem sonur hennar, sem ekki er fatlaður, stundar nám. Hún segist fá upplýsingar um framvindu námsins hjá honum með því að nota *Innu*. Þessar upplýsingar finnst henni mikilvægt að fá og þá sérstaklega fyrir dóttur sína sem ræðir

skólann lítið heima fyrir. Ef hún fengi upplýsingar, t.d. í gegnum *Innu*, gæti hún rætt skólann við dóttur sína, þau próf sem væru á döfinni og fleira.

Hún talar mjög lítið um skólann við mig og ég á mjög erfitt með að draga upp úr henni oft [...] Ég er með meiri upplýsingar varðandi hvað er að gerast í skólanum hjá stráknum mínum sem er í [nafn á framhaldsskóla], af því ég sé allt þar sem sagt, hverju er lokið, hvað þau eru að gera, hvenær eru próf og allt þetta. Það eru engar upplýsingar [í skóla C]. Það er mjög auðvelt að senda manni póst um hvað er að gerast hverja viku fyrir sig, hvað þau voru að læra. Þá gæti ég spurt hana betur út í það hérna heima (móðir nemanda í skóla C).

Verkefnisstjóri starfsbrautar í skólanum staðfestir að nemendur brautarinnar séu ekki í *Innu* en aðrir nemendur skólans eru þar. Móðirin talaði um að ekki væri haft samband við sig nema ef upp komi vandamál. Í þau skipti sem það hafi gerst var hún sömuleiðis óánægð með hvernig kennararnir tóku á þeim málum. Móðirin hefði viljað ræða málin á rólegu nótunum en sagði kennarana hafa verið með „háan tón“ og að hún hefði verið „í losti“ eftir símtölin.

## Aðkoma foreldra að einstaklingsmiðuðum námsáætlunum

Aðkoma foreldra að einstaklingsmiðaðri námsáætlun nemenda er í flestum tilfellum ekki mikil en þó þannig að í upphafi skólagöngunnar eru línurnar lagðar með foreldrum og svo fá þeir tækifæri til að fara yfir námsáætlunina og koma með athugasemdir eða áherslubreytingar ef þörf þykir.

Já, já, sko ég legg hana ekkert sérstaklega fyrir þá til undirskriftar, en við förum alltaf yfir sterkustu og veikustu hliðarnar, hvar áherslan eigi að liggja. [...] Þannig að, það er þannig reynt að mæta hérna foreldrum (brautarstjóri í skóla E).

Hún er með einstaklingsáætlun upp á tíu síður sem ég hef nú yfirleitt ekki gert miklar athugasemdir við. [...] Já, hún fær fyrir hvern vetur og hún er birt foreldrum, send í tölvupósti og foreldrar náttúrulega geta bara farið yfir hana og komið með athugasemdir og svona. Að mestu leyti hef ég bara verið mjög sátt við þá áætlun, þó ég sé kannski eitthvað aðeins að breyta þá er það ekkert sem að heitið getur. Við bara höfum verið nokkuð sáttar við þær sko (móðir nemanda í skóla D).

Hún [einstaklingsbundna námsáætlunin] er send heim og foreldrar koma með athugasemdir og óskir. Og núna til dæmis valblaðið, þau voru að fara heim með valblaðið fyrir næstu önn. Foreldrar þurfa að skrifa undir og geta komið með athugasemdir eða ábendingu um áfanga sem að þeim finnst að nemandinn ætti að fara í (brautarstjóri í skóla A).

Ég hef ekki haft þau með en [foreldrarnir] fengu sko einstaklingsnámskrána í upphafi og ég bað þau bara um athugasemdir. [...] Svo þegar þau eru orðin 18 ára þá spyr ég nemendurna hvort ég megi senda foreldrunum, af því að þau ráða því. Þannig að þau eru alveg að fylgjast með (brautarstjóri í skóla B).

Brautarstjóri í skóla D vildi sjá meiri aðkomu foreldra að einstaklingsbundnu námsáætlunum þar sem þau komu sjaldan með miklar athugasemdir við námskrár barnanna sinna.

Það er svolítið svoléiðis eins og þau haldi að við séum svo klár að það eigi ekkert að setja út á þetta sko (brautarstjóri í skóla D).

Þeir foreldrar sem áttu son eða dóttur sem gerð var einstaklingsbundin námsáætlun fyrir voru spurðir í hve miklu samráði við þá eða nemandann námsáætlunin hafi verið unnin. Í tæplega helmingi tilfella var áætlunin unnin í mjög eða frekar miklu samráði við nemandann (sjá töflu 13) og jafnoft var áætlunin unnin í frekar eða mjög miklu samráði við foreldra/forráðamenn (sjá töflu 14). Í rúmlega fimmtungi tilfella voru engin samráð höfð við nemandann við gerð námsáætlunar hans (sjá töflu 13) og það sama átti við um 13% foreldra (sjá töflu 14). Það var helst í skóla A sem samráð var haft við nemendur og foreldra þegar einstaklingsbundin námsáætlun var unnin (sjá töflur 13 og 14).

Tafla 13. Í hversu miklu samráði við son þinn eða dóttur þína er námsáætlunin unnin?

	Mjög miklu samráði	Frekar miklu samráði	Hvorki né	Frekar litlu samráði	Mjög litlu samráði	Engu samráði	Fjöldi svara	Mjög eða frekar miklu samráði
<b>Heild</b>	20%	27%	16%	10%	6%	22%	51	47%
<b>Skólaár</b>								
1. og 2. ár	21%	21%	21%	10%	7%	21%	29	42%
3. og 4. ár	18%	36%	9%	9%	5%	23%	22	54%
<b>Kyn</b>								
Piltur	13%	32%	16%	10%	10%	19%	31	45%
Stúlka	30%	20%	15%	10%	0%	25%	20	50%
<b>Skóli</b>								
Skóli A	44%	31%	6%	13%	0%	6%	16	75%
Skóli B	20%	20%	40%	0%	20%	0%	5	40%
Skóli C	9%	36%	18%	0%	9%	27%	11	45%
Skóli D	7%	21%	14%	7%	7%	43%	14	28%
Skóli E	0%	20%	20%	40%	0%	20%	5	20%

Tólf fengu ekki spurninguna þar sem þeir vissu ekki hvort gerð væri einstaklingsbundin áætlun eða engin slík var gerð. Átta sögðust ekki vita svarið við spurningunni

0% 25% 50% 75% 100%

Tafla 14. Í hversu miklu samráði við þig eða aðra forráðamenn er námsáætlunin unnin?

	Mjög miklu samráði	Frekar miklu samráði	Hvorki né	Frekar litlu samráði	Mjög litlu samráði	Engu samráði	Fjöldi svara	Mjög eða frekar miklu samráði
<b>Heild</b>	14%	32%	20%	13%	9%	13%	56	46%
<b>Skólaár</b>								
1. og 2. ár	16%	32%	19%	6%	10%	16%	31	48%
3. og 4. ár	12%	32%	20%	20%	8%	8%	25	44%
<b>Kyn</b>								
Piltur	16%	31%	22%	13%	13%	6%	32	47%
Stúlka	13%	33%	17%	13%	4%	21%	24	46%
<b>Skóli</b>								
Skóli A	15%	40%	20%	5%	10%	10%	20	55%
Skóli B	-	-	-	-	-	-	4	
Skóli C	8%	33%	17%	25%	0%	17%	12	42%
Skóli D	13%	20%	20%	20%	20%	7%	15	33%
Skóli E	20%	20%	40%	0%	0%	20%	5	40%

Tólf fengu ekki spurninguna þar sem þeir vissu ekki hvort gerð væri einstaklingsbundin áætlun eða engin slík var gerð. Þrír sögðust ekki vita svarið við spurningunni

0% 25% 50% 75% 100%



## 5. FÉLAGSLEG TENGL

Hér verður fjallað um samskipti starfsbrautarnemenda við aðra nemendur skólans, svokallað skólavinakerfi og félagslíf nemenda bæði innan sem utan skólans. Í námskrá fyrir starfsbrautir framhaldsskóla kemur fram að leitast skuli við „að efla tengsl við aðrar brautir skólans og veita nemendum tækifæri til að verða hluti af samfélagi skólans þótt námið fari að mestu leyti fram í sérdeild“ (menntamálaráðuneytið, 2005, bls. 2).

### Samskipti við aðra nemendur

Í viðtölum við nemendur sögðust þeir flestir eiga vini eða vinkonur á brautinni en það heyrði til undantekninga að þeir töluðu um vini/vinkonur í skólanum sem stunduðu nám á öðrum brautum.

Í skýrslum skólanna mátti oft sjá að lögð var áhersla á að nemendur starfsbrautar væru hluti af skólasamfélaginu rétt eins og nemendur annarra brauta. Stuttlega var komið inn á þetta í viðtölum við brautarstjóra og foreldra.

...hér erum við bara inni í kjarnanum og við rennum inn í skólasamfélagið og það er ekki hvað síst markmiðið með þessari deild, að þarna sé hópur sem vissulega sker sig úr, en hann finnur sig að hann er partur af heildinni. Og það er svo merkilegt að hann er það sko alveg, svo sannarlega, frá hendi annarra nemenda (brautarstjóri í skóla C).

...í rauninni er starfsbrautin ofboðslega vel lukkuð hvað varðar sko, blöndunina í sjálfan skólann, mikil virðing borin fyrir henni og það sér maður á stórhátíðunum og leiklistinni og öllu þessu sko (móðir nemanda í skóla C).

Og þetta er allt annað viðhorf bara almennt í skólanum, bæði frá nemendum og kennurum og það auðvitað hangir herna með því að því sýnilegri sem þau verða í skólasamfélaginu því eðlilegri hluti af skólasamfélaginu eru þau, og það hefur verið okkar markmið að við erum bara ein braut í skólanum eins og allar aðrar brautir (brautarstjóri í skóla A).

Þá fer ákveðinn hópur nemanda á starfsbrautinni [...] og kynnir brautina fyrir öðrum nemendum í skólanum, öllum lífsleiknihópum skólans, gengur í lífsleiknihópa skólans og segja „ég er svona, ég er á starfsbraut, það er vegna þess að..“ og segja frá sjálfum sér og upplifuninni og fá spurningar á móti, „ég hef mínar tilfinningar og ég er svona“ og alveg ófheimin við þetta. Og við tökum þau alltaf með, þau eru í lífsleikni á sama tíma og aðrir hópar skólans, alltaf þegar við erum með gesti og aðra sem koma hér með innlegg þá eru þessir nemendur með, þeir sem eru í lífsleikni. En ég held að þetta sé svona styrkleikinn hjá okkur, að við erum svona partur af skólasamfélaginu (brautarstjóri í skóla C).

Þá ber að hafa í huga að þó nemendur starfsbrautar fari í frímínútur og matarhlé með öðrum nemendum, fari á skemmtanir sem haldnar eru innan skólans og sæki jafnvel nám á almennum brautum, þá segir það ekki allt um blöndun og tengsl þeirra við aðra nemendur. Eftirfarandi kemur fram í skýrslu frá Fjölbrautaskólanum í Garðabæ:

Þeir nemendur sem fara í almenna áfanga kynnast stundum nemendum en það leiðir ekki endilega til áframhaldandi kunningssskapar. Nemendur á starfsbraut fara flestir á eigin vegum í mötuneyti en þeir halda gjarnan hópinn og blandast ekki mikið öðrum nemendahópum.

Það er ljóst að fatlaðir nemendur sem eru ekki sterkir félagslega eiga erfitt með að kynnast ófötluðum nemendum. Við sjáum líka að þeir ófatlaðir nemendur sem bindast nemendum starfsbrautar vinaböndum eru að öllu jöfnu nemendur með afar sterka sjálfsmynd.

Í viðtölum við brautarstjóra kom þetta sömuleiðis fram. Nemendur starfsbrautar virðast halda hópinn og innan brautarinnar myndast vinasambönd rétt eins og í öðrum hópum. Brautarstjórinn í skóla A hafði orð á því að vinahópar myndast í hinum ýmsu hópum skólans og að ekki sé ástæða til að líta á það sem aðgreiningu tiltekins hóps frá öðrum.

Það sérðu um allan skóla, hópa sem sitja hér og hópa sem sitja þar og svo framvegis, það eru klíkur og þetta er bara spurning hvernig þú ætlar að líta á þetta. Þau eru þarna að aðgreina sig sjálf. [...] Þau [starfsbrautarnemendur] verða að fara upp í matsal og borða, það má ekki borða neins staðar annars staðar í skólanum. [...] svo bara velja þau að koma hérna niður [í aðstöðu starfsbrautarinnar] aftur sjálf. [...] en sumum finnst þetta mjög neikvætt. En ég meina, ef þú labbar um skólann þá sérðu hópa svona sitja um allan skólann (brautarstjóri í skóla A).

Þau fara aldrei niður, það er nemendarými hérna niðri, stór salur, með stórum skjá og ýmsu, þau fara aldrei þangað, þau fara bara inn í stofu. [...] Já, þau eru náttúrulega feimin og til baka, þau finna vanmátt sinn, alveg hiklaust, og svo eru krakkarnir hinir ekkert að bjóða þeim, ekkert að taka þeim svona, alls ekki (brautarstjóri í skóla B).

Brautarstjórinn í skóla B vonaðist til að þessi einangrun nemendahópsins frá öðrum nemendum skólans myndi breytast þegar tekið væri upp skólavinakerfi (sjá nánar um skólavini í næsta kafla) eins og tíðkast í sumum skólum.

Foreldrar allra nemenda á starfsbraut í skólunum fimm voru spurði hvort þeir teldu að sonur þeirra eða dóttir væri hluti af almennu samfélagi skólans. Eins og sjá má í töflu 15 töldu 55% svarenda son sinn eða dóttur vera að litlu eða engu leyti hluti af almennu samfélagi skólans. Í töflunni má sömuleiðis sjá að þetta er nokkuð misjafnt eftir skólum. Ekkert foreldri nemenda í skóla C taldi son sinn eða dóttur vera að miklu leyti hluti af almennu samfélagi skólans. Brautarstjóri þess skóla taldi það aftur á móti einn helsta styrkleika starfsbrautarinnar að nemendur starfsbrautar væru hluti af skólasamfélaginu í heild.

**Tafla 15. Telur þú að sonur þinn eða dóttir þín sé hluti af almennu samfélagi skólans? Í því getur til dæmis falist að hann/hún þekki nemendur af öðrum brautum skólans, sæki almennt félagslíf í skólanum eða sæki áfanga með öðrum nemendum skólans.**

	Já, að miklu leyti	Já, að nokkru leyti	Já, en aðeins að litlu leyti	Nei, að mjög litlu eða engu leyti	Fjöldi svara	Að miklu leyti
<b>Heild</b>	13%	31%	31%	24%	67	13%
<b>Skólaár</b>						
1. og 2. ár	13%	28%	34%	25%	32	13%
3. og 4. ár	14%	34%	29%	23%	35	14%
<b>Kyn</b>						
Piltur	16%	30%	32%	22%	37	16%
Stúlka	10%	33%	30%	27%	30	10%
<b>Skóli</b>						
Skóli A	19%	33%	24%	24%	21	19%
Skóli B	17%	17%	33%	33%	6	17%
Skóli C	0%	42%	32%	26%	19	0%
Skóli D	13%	25%	44%	19%	16	13%
Skóli E	40%	20%	20%	20%	5	40%

Tveir sögðust ekki vita svarið við spurningunni og tveir vildu ekki svara.

0% 25% 50% 75% 100%

Verkefnisstjóri í skóla C lýsir samskiptum nemenda starfsbrautar við aðra nemendur skólans og því að vel hefur gengið að takast á við þau mál sem upp hafa komið. Brautarstjórinn í skólanum talaði um að það væri í algjörum undantekningartilvikum sem upp kæmu árekstrar á milli nemenda starfsbrautar og nemenda á öðrum brautum. Verkefnisstjóri við brautin sagði frá því að upp hefðu komið tilfelli þar sem nemendur á starfsbraut hafi farið „um alla ganga til að elta sæta stráka eða sætar stelpur“ af öðrum brautum. Nemendur annarra brauta hafa verið hvattir til að segja frá ef þeim finnst eitthvað óþægilegt við samskipti sín við starfsbrautarnemendur og að ágæglega hafi gengið að leysa þau mál.

Styrkleikinn er hvað skólasamfélagið umlykur vel þessa nemendur og það er aldrei sem að kemur til árekstra á milli nemendahópa eða að það sé verið að áreita einhvern nemanda innan þessa hóps, frá einhverjum öðrum, það er algjör undantekningartilvik ef að slíkt kemur upp (brautarstjóri í skóla C).

Okkar nemendur eru dálítið mikið saman, og setjast svolítið mikið saman í kaffi hérna í matsalnum, en það fer líka bara eftir einstaklingunum. [...] Og það hafa komið hérna nemendur, bæði stelpur og strákar, sem eru alveg „hooked“ á hinu kyninu og farandi hérna um alla ganga til að elta sæta stráka eða sætar stelpur, og þá hafa krakkarnir, ef þeim finnst það óþægilegt, þá hafa þau komið og við höfum svona rætt það við kennara að ef þeir fá kvartanir frá nemendum að biðja þau að koma og láta okkur vita þannig að við getum tekið á því og unnið með það. Og það hefur gengið ágætlega. Krakkarnir hafa komið og talað við okkur og [...]yfirleitt leysist það bara (verkefnisstjóri í skóla C).

Móðir nemanda í skólanum lýsti hins vegar óánægju sinni með hvernig tekið var á málum þegar kom til árekstra milli nemenda á starfsbraut og nemenda af öðrum brautum skólans.

Þessi fáu skipti sem hún hefur reynt að nálgast aðra á hinum brautunum, þá hefur henni verið bannað það, af kennurum [starfsbrautar]. [...] Þá voru þær [nemendur starfsbrautar] að horfa of mikið á þá [stráka af öðrum brautum] og á endanum stóðu þeir upp og fóru að stríða þeim en þær voru skammaðar fyrir það. Þær mega ekki horfa á strákana, mega ekki tala við þá.“

Dóttirin bætti við að hún hefði einu sinni brotið bannið við að heilsa nemendum af öðrum brautum og sagt „hæ“ við annan nemanda en passað um leið að kennari starfsbrautarinnar yrði ekki vitni að því.

Móðirin lýsti mikilli óánægju með hvernig tekið er á þessum málum innan skólans og finnst það engin lausn að til að forðast árekstra sé starfsbrautarnemendum bannað að tala við aðra nemendur og sömuleiðis bannað að tala um ákveðin viðfangsefni því þau hafi leitt til ágreinings. Hún leggur áherslu á að við séum öll að læra og að nemendur annarra brauta þurfi að læra að umgangast starfsbrautarnemendur rétt eins og starfsbrautarnemendur þurfi að læra að umgangast aðra nemendur. Hennar tilfinning er sú að að nemendur starfsbrautarinnar séu einangraðir þrátt fyrir að vera innan um alla aðra nemendur á sama tíma.

Upplifun forráðamanna starfsbrautarinnar og móður nemendans á blöndun starfsbrautar-nemenda við aðra nemendur í skóla C virðist því vera afar ólík.

## Skólavinir

Nemendur á starfsbrautum njóta samneytis við aðra nemendur skólans í frímínútum og í mötuneyti þegar það á við. Sumir nemendur treysta sér ekki eða hafa ekki áhuga á að borða í mötuneyti og aðrir þurfa stuðning. Að minnsta kosti fimm skólar hafa skólavinakerfi eða liðveislu innan skólans þar sem nemendum skólans stendur til boða að aðstoða nemendur af starfsbraut hvort sem það tengist matmálstímum, félagslífi skólans eða öðrum þáttum og þannig reynt að sporna gegn félagslegri einangrun. Fyrir þetta geta nemendur fengið greitt í formi eininga og í einhverjum tilfellum í formi peningagreiðslu. Samkvæmt svörum frá skólunum hefur þetta fyrirkomulag reynst vel og starfsbrautin hefur með þessu tengst sterkar öðrum brautum skólans.

Á starfsbrautum tveggja skólanna sem lentu í fimm skóla úrtakinu stendur nemendum til boða að eiga *skólavin*. Í einum skólanna er verið að vinna að því að setja skólavinakerfi á laggirnar en fyrir því fékkst nýlega samþykki skólameistara. Þar sem notast er við skólavinakerfi hitta nemendur starfsbrautar nemendur af annarri braut í hádegishléi, frímínútum eða á öðrum tímum til að fá aðstoð og/eða félagsskap.

Við fáum nemendur, almenna nemendur, til þess að vera til leiðsagnar eða aðstoðarmenn í matar- og kaffihléum. Það hefur opnað rosalega mikið aðgang inn í nemendahópinn, fyrir utan það þá hefur bara viðhorfið til þessa hóps snarbreyst (brautarstjóri í skóla D).

En þeir sem eru að koma til meira fötluðu nemendanna, þeir eru kannski að koma meira inn í götum, og eru þá alveg inni í kennslustofunni með þeim, kannski hjálpa þeim með einhver verkefni, fara með þeim fram á gang inn í sinn vinahóp, fara með þeim niður í mat og kaffi (brautarstjóri í skóla A).

Það er ekki allir nemendur sem þurfa eða hafa áhuga á að eignast skólavin. Það er þeim eða foreldrum/forráðamönnum þeirra í sjálfsvald sett.

Svipað fyrirkomulag hafði verið í einum af fámennu skólunum þar sem nemendur fengu greitt fyrir að vera skólavinur og var litið á það eins og að fá greitt fyrir liðveislu<sup>6</sup>. Starfsemin var á þeim tíma sniðin fyrir tiltekinn nemanda á starfsbraut og eru starfsmenn brautarinnar tilbúnir að gera slíkt hið sama ef á brautina kæmi nemandi sem þarf á skólavini að halda. Síðast var um þrjá skólavini að ræða sem skiptust á að aðstoða ákveðinn nemanda og leit skólinn á þá sem liðveitendur í þjálfun.

Við tókum þetta bara eins og vinnu, við vorum reyndar í leiðinni bara að reyna að þjálfa stráka til að fara að vinna hjá bænum við liðveislu. Það vantar svo, já þannig að þetta er kannski besta dæmið um hvað þetta er tengt sko. Það vantar svo unga karlmenn í liðveislu á vegum bæjarins (brautarstjóri í skóla E).

Foreldrar nemenda í þeim tveimur skólum sem hafa skólavini lýstu ánægju sinni með það fyrirkomulag.

Það var bara æðislegt. Þá borða þau kannski með þeim tvisvar, eða taka þau að borðinu til sín tvisvar í viku og svona, [Nafn skólavinar] hefur alltaf haft samband, hann var með [nafn starfsbrautarnemanda] fyrsta veturinn (móðir nemanda í skóla D).

Þetta er búið að vera núna í vetur og hún er rosalega ánægð með það. Að fara upp og borða þar með krökkunum öllum og vera með þeim og svona, ekki bara niðri (móðir nemanda í skóla A).

Önnur móðirin sagði frá því að áður en dóttir hennar fékk skólavin þá fór hún ekki eins mikið í matsalinn á meðal annarra nemenda heldur hélt sig niðri þar sem hún lokaði „sig voða mikið svona bara frá öllu“.

---

<sup>6</sup> Með liðveislu er átt við persónulegan stuðning eða aðstoð sem miðar fyrst og fremst að því að rjúfa félagslega einangrun. Samningar um liðveislu fara fram í gegnum hvert sveitarfélag.

Í öðrum skólanna tveggja sem ekki hafa vinakerfi fengust þau svör að verið væri að skoða hvernig best væri að útfæra slíkt kerfi. Talað var um að nemendur hefðu ekki fengist til að vera skólavinir þegar kerfið var reynt fyrir nokkrum árum síðan.

Við höfum reynt að setja upp áfanga í boði, sem er í þessum dúr, það eru kannski þrjú, fjögur ár síðan. Það var enginn sem að gaf sig út, en við höfum einmitt verið að ræða þetta áfram, að athuga hvernig við gerum þetta og hvernig við getum fengið nemendur til að koma inn. Það eru einstaka nemendur á félagsliðabraut sem hafa komið og eru að aðstoða í matartímum, en það er þá bara af því að þau vilja biðja um það en eru ekkert endilega að gera neitt einingabært, og engin regla á því (verkefnisstjóri í skóla C).

Þeir skólar sem sett hafa skólavinakerfi á laggirnar bera af því góða sögu og því er ljóst að þeir skólar sem eru að undirbúa slíkt kerfi ættu að geta nýtt þá þekkingu og reynslu sem skapast hefur í öðrum skólum.

## Félagslíf í skólanum

Allur gangur er á því hve virkan þátt nemendur á starfsbraut taka í almennu félagslífi innan skólans og eins og gefur að skilja fer þátttaka í félagslífi oft eftir getu og vilja hvers og eins. Nemendum stendur oft til boða að njóta stuðnings starfsmanns á uppákomum nemendafélaga.

Í viðtölunum kom fram að alla jafna tækju nemendur á starfsbraut ekki mikinn þátt í almennu félagslífi skólans og skólaskemmtunum. Á því voru þó vissulega undantekningar og það voru helst stærri uppákomur sem nemendur starfsbrautar voru þátttakendur í, s.s. árshátíðir, busaböll og nýnemaferðir. Þær skemmtanir virðast þó ekki henta nemendum starfsbrautar vel þar sem böllin byrja oft seint og ljóst er að nemendur hafa þar í einhverjum tilfellum áfengi um hönd.

Okkar nemendur taka þátt í öllu sem er að gerast á skólatíma, á miðvikudögum er hérna alltaf einhver tónlistarviðburður í hádeginu og við förum í nýnemaferð alltaf með þá sem geta og treysta sér til. Böllin eru að byrja um ellefu, hálf tólf. Það eru tveir af okkar hópi sem vilja fara á þessi böll. Og við erum með kennaragæslu þar og ég hef verið með en þeim líður ekkert ofsalega vel þarna sko (brautarstjóri í skóla D).

Þarna með böllin [...] aðalkennarinn hennar [sagði] að það gæti orðið ansi mikið svona fyllerí á böllum úti í bæ og hún sagði að það væri eiginlega ómögulegt að fara nema þá með einhverju eftirliti sko. Hún mælti svona ekkert sérstaklega með því (móðir nemanda í skóla D).

Þau taka ekkert voða mikið þátt í þessu krakkarnir á starfsbrautinni. [...] Kannski taka þau þátt bara í matnum, borða saman öll [í skólanum] og svo eru kannski böllin að byrja, hvað, klukkan ellefu, og þá eru þau ekkert að fara sko (móðir nemanda í skóla A).

Vettvangsferðir ... ekki á böllin því að þau eru of seint á kvöldin, hún er yfirleitt sofnuð klukkan átta, en hún hefur farið í vettvangsferðirnar sem námsbrautin fer í. Fer í þær svona flestar, en hún hefur ekki verið að mæta á bekkjarkvöldin (móðir nemanda í skóla D).

Svo hef ég reynt að vera í sambandi við nemendafélagið hérna, þau eru meðlimir í því en þau fúnkera ekki vel þar. Það var um daginn svona stelpukvöld og ég reddaði því að þær færu

þangað, stelpurnar sko. En það er ég sem að fylgist með þessu fyrir þau, það sem er allavega að gerast hér í skólanum. Þannig að það er lítið um tómsundur (brautarstjóri í skóla B).

Viðburðir sem haldnir eru sérstaklega fyrir starfsbrautanemendur, s.s. stuttmyndakeppni og söngvakeppni sem starfsbrautir framhaldsskólanna skiptast á að halda, virðast vinsælar á meðal nemendanna og bæði þeir og foreldrar þeirra sem talað var við eru ánægðir með hvernig þessar keppnir hafa heppnast að undanfögnu.

Það náttúrulega er alltaf á hverju ári söngvakeppni eða stuttmyndakeppnin og svona [...] sem að við förum alltaf á, það er mjög gaman. (leiðbeinandi í skóla E)

Það er æði! Það er svona fyrir okkur sko, þú veist, ekki fyrir alla skilurðu (nemandi í skóla E).

Brautarstjórnarnir sem tekin voru viðtöl við veltu því stundum fyrir sér að hve miklu leyti hvetja ætti nemendur starfsbrautar til þátttöku í félagslífi og skemmtunum í skólanum. Þeir veltu því fyrir sér hvenær verið er að gera nemandanum greiða og í hvaða aðstæðum honum líður best hverju sinni.

Eins og þessi duglegi strákur [...] hann er á þriðja ári, hann klifar stöðugt á því, hann er alltaf að biðja mig um að hætta þessu, „hættu þessu almenna kjaftæði, ég er fatlaður, ég vil fá að vera sér, ég vil ekki alltaf vera að fara í eitthvað almennt“, mjög ákveðinn sko, og maður fattar þau ekki stundum sko (brautarstjóri í skóla D).

Við setjum þau, sko innan vissra marka, eins mikið fram og við mögulega getum, niður í matsal og borða þar og inn í hópinn. Þau taka mark á góðum fyrirmyndum, þau taka miklu meira mark á góðri jafnaldrayfirmynd heldur en þegar ég segi „heyrðu þú átt ekki að sula út um allt hérna“ en síðan, nemandi sem sko, sem slefar mjög mikið og sullar allt út um allt af því að hann getur ekkert gert að því, við erum ekki að láta hann borða fyrir framan, bara hans vegna, almenna nemendur af því að það er bara leiðinlegt fyrir hann af því að hann getur ekkert stjórnað þessu sko (brautarstjóri í skóla D).

Við náttúrulega reynum að ýta og til dæmis með árshátíð, við bara segjum, það er nánast skylda að koma á árshátíð [...] þá reynum við að ýta sko en þetta er alveg kvöl og þína fyrir marga, til dæmis einhverfa nemendur. Þetta er rosalega erfitt fyrir marga að koma í svona margmenni. En við reynum auðvitað bara að gera allt sem sé til þess að hæfa þau í því. Bara að fara upp í matsal og þurfa að bíða í röð og kaupa sér og allt þetta, þetta er bara erfitt fyrir marga. En við erum auðvitað bara í þessu alltaf, þannig að ég tel nú að við séum að ýta undir þennan félagslega þátt alveg eins og við getum sko (brautarstjóri í skóla A).

Hann hefur farið á ball sko, ég þurfti að ná í hann bara, honum leið illa í þessum hávaða sko (móðir nemandi í skóla A).

## Félagslíf/á hugamál utan skóla

Í námskrá fyrir starfsbrautir framhaldsskóla er fjallað um að miðað skuli að því að búa nemendur undir líf fullorðinna, þar með talið þátttöku í tómsundastarfi sem hentar áhugasviði hvers og eins.

Miðað er að því að nemendur geti notið þeirra lífsgæða sem felast í virkri þátttöku í félagslífi og tómstundastarfi á eigin forsendum (menntamálaráðuneytið, 2005).

Margir nemendanna sem rætt var við stunduðu einhverjar íþróttir, s.s. sund, fótbolta og lyftingar í líkamsræktarstöð og nemendur í Reykjavík fóru reglulega í Hitt húsið. Þær tómstundir og afþreying sem nemendur stunduðu fyrir utan skólatíma virtust sjaldnast vera í nokkrum tengslum við skólann og nemendur og foreldrar þeirra könnuðust ekki við að skólinn væri að kynna tómsundaúrræði eða möguleika sem standa nemendum til boða eftir útskrift þeirra úr skólanum. Brautarstjóri í skóla á höfuðborgarsvæðinu talaði þó um þau tengsl sem væru til staðar.

Fjölmennt kemur svolítið inn á það, og svo er það hérna Hitt húsið, við reynum að vísa þeim mikið þangað. Og síðan náttúrulega læra þau ýmis spil, og þau læra boccia og hitt og þetta hjá okkur. [...] Fjölmennt spyr [kennara í skólanum] oft til dæmis „hvernig hefur gengið í þessu, hann er búin að sækja um sund, er það sniðugt?“ (brautarstjóri í skóla D).

Í skólunum geta nemendur fengið innsýn í ýmsar tómsundir þótt þær tengist ekki beint inn í ákveðna félagastarfsemi eða aðra skipulagða tómsundaiðkun.

Við höfum líka verið með tónmennt, með því að kynna þeim það, með handavinnu og hönnun og allt þetta. [...] Við erum með stuttmyndaáfanga og ljósmyndaáfanga og þar erum við auðvitað að kynna þeim fyrir og þetta er auðvitað liður í því að kynna þeim fyrir því hvað er hægt að gera (brautarstjóri í skóla A).

Þriðjungi foreldra fannst starfsbrautin leggja frekar eða mjög mikla áherslu á undirbúning fyrir þátttöku í almennu tómsunda- og félagsstarfi fyrir ungt fólk en 12% sagði skólann ekki leggja neina áherslu á þennan undirbúning (sjá töflu 16). Tæplega 60% foreldranna var á því að þessu undirbúningur væri hæfilega mikill en öðrum þótti hann of lítill. Einum þótti undirbúningurinn vera of mikill (sjá töflu 17).



**Tafla 16. Hversu mikla áherslu telur þú að starfsbrautin leggi á undirbúning fyrir þátttöku í almennu tómstunda- og félagsstarfi fyrir ungt fólk?**

	Mjög mikla áherslu	Frekar mikla áherslu	Hvorki mikla né lítil áherslu	Frekar lítil áherslu	Mjög lítil áherslu	Enga áherslu	Fjöldi svara	Mjög eða frekar mikla áherslu
<b>Heild</b>	9%	25%	25%	16%	14%	12%	57	34%
<b>Skólaár</b>								
1. og 2. ár	16%	28%	20%	12%	16%	8%	25	44%
3. og 4. ár	3%	22%	28%	19%	13%	16%	32	25%
<b>Kyn</b>								
Piltur	6%	21%	27%	12%	18%	15%	33	27%
Stúlka	13%	29%	21%	21%	8%	8%	24	42%
<b>Skóli</b>								
Skóli A	11%	28%	22%	11%	22%	6%	18	39%
Skóli B	0%	20%	40%	0%	20%	20%	5	20%
Skóli C	6%	28%	17%	28%	6%	17%	18	33%
Skóli D	8%	25%	42%	17%	8%	0%	12	33%
Skóli E	-	-	-	-	-	-	4	

Níu sögðust ekki vita svarið við spurningunni og fimm vildu ekki svara.

0% 25% 50% 75% 100%

**Tafla 17. Telur þú áherslu á undirbúning fyrir þátttöku í almennu tómstunda- og félagsstarfi fyrir ungt fólk í námi sonar þíns eða dóttur þinnar vera of mikla, hæfilega eða of lítila?**

	Hæfileg áhersla	Aðeins of lítil áhersla	Allt of lítil áhersla	Fjöldi svara	Hæfileg áhersla
<b>Heild</b>	57%	27%	16%	51	57%
<b>Skólaár</b>					
1. og 2. ár	59%	23%	18%	22	59%
3. og 4. ár	55%	31%	14%	29	55%
<b>Kyn</b>					
Piltur	62%	24%	14%	29	62%
Stúlka	50%	32%	18%	22	50%
<b>Skóli</b>					
Skóli A	61%	28%	11%	18	61%
Skóli B	-	-	-	3	
Skóli C	43%	36%	21%	14	43%
Skóli D	83%	17%	0%	12	83%
Skóli E	-	-	-	4	

Fjórán sögðust ekki vita svarið við spurningunni og fimm vildu ekki svara. Einn sagði áhersluna aðeins of mikla en var sleppt úr bakgrunnsgreiningu til að tryggja nafnleynd.

0% 25% 50% 75% 100%

Fjórðungur foreldra taldi starfsbrautina leggja frekar eða mjög mikla áherslu á undirbúning fyrir þátttöku í sérhæfðu tómsunda- og félagsstarfi fyrir fatlað fólk og jafnstór hluti þeirra taldi enga áherslu vera á þennan þátt innan skólans (sjá töflu 18). Í töflu 19 má sjá að 55% foreldra fannst áhersla á þennan þátt þó vera hæfilega mikil. Engum fannst áherslan vera of mikil.


**Tafla 18. Hversu mikla áherslu telur þú að starfsbrautin leggi á undirbúning fyrir þátttöku í sérhæfðu tómsunda- og félagsstarfi fyrir fatlað fólk?**

	Mjög mikla áherslu	Frekar mikla áherslu	Hvorki mikla né lítil áherslu	Frekar lítil áherslu	Mjög lítil áherslu	Enga áherslu	Fjöldi svara	Mjög eða frekar mikla áherslu
<b>Heild</b>	6%	20%	22%	10%	16%	26%	50	26%
<b>Skólaár</b>								
1. og 2. ár	5%	21%	21%	5%	21%	26%	19	26%
3. og 4. ár	6%	19%	23%	13%	13%	26%	31	26%
<b>Kyn</b>								
Piltur	7%	21%	18%	4%	21%	29%	28	29%
Stúlka	5%	18%	27%	18%	9%	23%	22	23%
<b>Skóli</b>								
Skóli A	0%	14%	14%	14%	14%	43%	14	14%
Skóli B	0%	20%	60%	0%	0%	20%	5	20%
Skóli C	6%	29%	18%	12%	12%	24%	17	35%
Skóli D	10%	20%	30%	10%	20%	10%	10	30%
Skóli E	-	-	-	-	-	-	4	

Sautján sögðust ekki vita svarið við spurningunni og fjórir vildu ekki svara.


0% 25% 50% 75% 100%

**Tafla 19. Telur þú áherslu á undirbúning fyrir þátttöku í sérhæfðu tómstunda- og félagsstarfi fyrir fatlað fólk í námi sonar þíns eða dóttur þinnar vera of mikla, hæfilega eða of litla?**



Það að lítil áhersla sé lögð á annað hvort almennt tómstundastarf eða á sérhæft tómstundastarf (sjá töflur 16 og 18) getur verið af þeirri ástæðu að önnur hvor tegund tómstundastarfsins hentar ekki viðkomandi nemanda. Þannig getur verið að lítil áhersla sé lögð á sérhæft tómstundastarf fyrir fatlað fólk vegna þess að almennt tómstundastarf fyrir ungt fólk hentar nemandanum betur og námið er miðað að þörfum hvers nemanda. Til að líta á þetta í samhengi voru þessar tvær spurningar settar saman í eina töflu sem sýnir hve mikil áhersla lögð er á tómstundastarf hvort sem um ræðir almennt tómstundastarf eða sérhæft tómstundastarf. Þá kemur í ljós að 43% foreldra segja starfsbrautina leggja mjög eða frekar mikla áherslu á undirbúning fyrir tómstunda- og félagsstarf, 20% segja áhersluna hvorki litla né mikla og 37% segja starfsbrautina leggja litla eða enga áherslu á þennan þátt, hvort sem um almennt tómstundastarf eða sérhæft tómstundastarf fyrir fatlað fólk er að ræða (sjá töflu 20).

Tafla 20. Áhersla sem starfsbrautin leggur á tómsunda- og félagsstarf<sup>7</sup>



Því minni áhersla sem lögð var á undirbúning fyrir þátttöku í tómsunda- og félagsstarfi því síður þótti foreldrum það vera hæfilega mikil áhersla.

Tæplega helmingur foreldra var á því að sonur þeirra eða dóttir hafi öðlast aukna færni til þátttöku í tómsunda- og félagsstarfi eftir að nám við starfsbraut skólans hófst (sjá töflu 21).

<sup>7</sup> Þeir sem merkja við *Mjög mikla áherslu* eða *Frekar mikla áherslu* á annarri hvorri spurningunni fá *Mjög eða frekar mikil áhersla* á nýju breytunni. Þeir sem merkja við *Frekar lítil áherslu*, *Mjög lítil áherslu* eða *Enga áherslu* á báðum spurningunum fá *Frekar lítil, mjög lítil eða engin áhersla* á nýju breytunni. Aðrir fá *Hvorki né eða Svar vantar* eftir því sem við á.

**Tafla 21. Hversu sammála eða ósammála ertu eftirfarandi fullyrðingu um þann ávinning sem hann/hún hefur haft af náminu við framhaldsskólann? Hann eða hún hefur öðlast aukna færni til þátttöku í tólstunda- og félagsstarfi.**

	Mjög sammála	Frekar sammála	Hvorki né ósammála	Mjög/frekar ósammála	Fjöldi svara	Mjög eða frekar sammála
<b>Heild</b>	12%	35%	35%	18%	60	47%
<b>Skólaár</b>						
1. og 2. ár	13%	33%	33%	20%	30	47%
3. og 4. ár	10%	37%	37%	17%	30	47%
<b>Kyn</b>						
Piltur	12%	38%	32%	18%	34	50%
Stúlka	12%	31%	38%	19%	26	42%
<b>Skóli</b>						
Skóli A	16%	32%	37%	16%	19	47%
Skóli B	0%	33%	67%	0%	6	33%
Skóli C	6%	35%	24%	35%	17	41%
Skóli D	8%	54%	31%	8%	13	62%
Skóli E	40%	0%	40%	20%	5	40%

Þrír sögðust ekki vita svarið við spurningunni, fjórir vildu ekki svara og fjórir sögðu spurninguna ekki eiga við um sitt barn.

0% 25% 50% 75% 100%

## 6. STARFSNÁM

Seinni hluti náms á starfsbrautum miðar að því að undirbúa nemendur undir líf fullorðinna með því að veita þeim verklega þjálfun á almennum eða vernduðum vinnustöðum. Í námskrá fyrir starfsbrautir framhaldsskóla er sett fram dæmi um útfærslu fjögurra ára náms á starfsbraut. Þar er miðað við að af þeim 140 einingum sem nemendur ljúka séu 38 þeirra í starfsnámi, annars vegar í skólanum (6 einingar) og hins vegar á vinnustað (32 einingar) (menntamálaráðuneytið, 2005). Alls telst starfsnámið þá til 23% af náminu í heild.

Í starfsnámi á vinnustað kynnast nemendur hinum ýmsu störfum og vinnustöðum. Tekið skal mið af óskum nemandans og samráð haft við foreldra/forráðamenn hans þegar vinnustaðir eru valdir. Kennari eða annar starfsmaður skólans hefur eftirlit með vinnustaðanáminu og skipuleggur það í samráði við vinnuveitendur. Markmið starfsnámsins á starfsbraut 1 eru að „nemandi

- þekki helstu undirstöðupætti þess starfs sem hann hefur kynnt sér
- öðlist sjálfstæði í vinnubrögðum
- tileinki sér sem bestan vinnuhraða
- geri sér grein fyrir hvaða vinnustellingar henta best
- þekki og noti þau áhöld sem tilheyra tilteknu starfi
- þekki hættur sem starfinu fylgja og læri að sýna varkárni
- þekki til starfa og læri að velja sér starf við hæfi“ (menntamálaráðuneytið, 2005, bls. 19).

Við námsmatið er stundvísi metin, hirðusemi, hreinlæti, vinnuafköst, vandvirkni, úthald, einbeiting, meðferð áhalda og verkfæra, áhugi og vinnugleði, ábyrgð og samskipti við vinnufélaga. Til viðbótar er lagt mat á hvort nemandi fari eftir fyrirmælum, læri auðveldlega ný verkefni og hvort hann biðji um aðstoð ef á þarf að halda (menntamálaráðuneytið, 2005).

Eins og áður kom fram getur hluti starfsnámsins farið fram innan skóla, allt eftir því sem aðstæður leyfa. Námið er þá að hluta til bóklegt og fer að hluta til fram í vettvangsferðum. Nemendur læra helstu reglur sem gilda um mannleg samskipti á vinnustað auk þess sem þeir eru fræddir um réttindi og skyldur fólks á almennum vinnumarkaði sem og hlutverk stéttarféлага (menntamálaráðuneytið, 2005). Markmið starfsnámsins breytast að umfangi og áherslum fyrir starfsbrautir 2 og 3 en eru þó í grunninn sambærileg því sem sett var fram fyrir starfsbraut 1.

### Starfsnám í íslenskum framhaldsskólum

Af þeim framhaldsskólum sem reka starfsbraut er starfstengt nám hluti af námi nemenda á starfsbraut í 15 þeirra. Sex framhaldsskólar bjóða ekki upp á starfstengt nám af mismunandi

ástæðum. Í Borgarholtsskóla hefur dregið verulega úr verk- og starfsnámi vegna niðurskurðar. Vegna veikinda starfsþjálfara og samdráttar í rekstri skólans hefur verið erfitt að koma starfstengdu námi við nema að örlitlu leyti. Brautin í Borgarholtsskóla heitir nú sérnámsbraut. Í Fjölbrautaskólanum við Ármúla heitir brautin einnig sérnámsbraut en þar er starfstengt nám ekki hluti af námi nemenda. Skólinn er í nánú samstarfi við Atvinnu með stuðningi, dagþjónustur og verndaða vinnustaði til að finna störf eða önnur úrræði fyrir nemendur. Í Fjölbrautaskóla Snæfellinga var starfstengt nám hluti af námi nemenda á brautinni en eftir fjármálahrunið haustið 2008 þá hafa nemendur brautarinnar ekki haft sömu tækifæri til þess að fara í starfstengt nám og áður. Skólinn er í fámennu bæjarfélagi og ekki mikið af vinnustöðum sem standa nemendum opnir og of kostnaðarsamt væri að senda nemanda í annað bæjarfélag í starfsþjálfun. Framhaldsskólinn í Mosfellsbæ hefur starfað í skamman tíma og verið með mjög fáa nemendur á starfsbraut. Þegar þessum upplýsingum var safnað var enginn nemandi á starfsbraut kominn á þriðja ár en það er alla jafna á þriðja og fjórða ári sem starfstengt nám fer fram. Sama gildir um lðnskólann í Hafnarfirði en þar hafði brautin aðeins starfað í þrjár annir þegar gögnum var safnað<sup>8</sup>. Í Tækni-skólanum lagðist starfstengt nám á vinnumarkaði niður fyrir árið 2003 þar sem skólinn taldi sig ekki fá nægilegt fjármagn til að halda úti starfsmanni við atvinnuútvægum og eftirfylgni, auk þess forsvarsmenn skólans töldu þetta fyrirkomulag á atvinnuleit og eftirfylgni tæplega vera verkefni sem ætti heima í skólanum.

Misjafnt er hve umfangsmikið starfstengt nám er í þeim skólum sem halda slíku úti. Allur gangur virðist vera á því hvernig gengur að koma á samningum milli skóla og atvinnurekenda. Í sumum tilfellum hentar það nemendum betur að fara á verndaða vinnustaði fremur en á almennan vinnumarkað. Í einhverjum skólum stendur nemendum til boða að fara í starfsnám innan skólans. Þannig hefur starfsbrautin í Menntaskólanum í Kópavogi séð um ákveðna verkþætti í þvottahúsinu sem starfrækt er í tengslum við Hótel- og matvæðaskólann. Sömuleiðis hafa nemendur verið í starfsnámi á bókasafni skólans.

Í svörum frá Fjölbrautaskólanum í Garðabæ kom fram að starfsfólki hefur ekki fundist það kerfi sem tekur við nemendum eftir að skóla lýkur meta þá reynslu sem þeir hafa fengið að neinu leyti. Fullorðinsþjónustan sem tekur við að skóla loknum virðist byrja upp á nýtt að meta

---

<sup>8</sup> Stefna lðnskólans í Hafnarfirði er að koma nemendum starfsbrautar inn í almennar deildir skólans eftir tveggja ára nám eða fyrr og því má ætla að starfstengt nám nemenda á starfsbraut sé ekki hluti af framtíðarsýn hans. Til viðbótar ná almenn markmið fyrir brautina ekki til starfstengds náms, starfsþjálfunar eða nokkurs konar starfsnáms.

nemendur þegar kemur að starfshæfni í stað þess að byggja á þeim upplýsingum sem safnast hafa í starfsnáminu.

## Hvað er starfsnám?

Við gagnaöflun kom í ljós að skilgreiningar á starfsnámi reyndust ólíkar milli skóla og einnig á milli kennara, foreldra og nemenda. Þannig sagði brautarstjóri í skóla D hreint út að ekkert starfsnám fari fram í skólanum. Þegar leið á viðtalið kom þó í ljós að innan skólans er nemendum kennt ýmislegt varðandi vinnumarkaðinn, til dæmis um réttindi og skyldur á vinnustað, launakjör og almennar umgengnisvenjur í vinnu. Einnig kemur fram að á síðustu önninni fara allir nemendur að skoða nokkra vinnustaði. Brautarstjórinn tók dæmi um þrjá útskriftarnemendur sem ráðgert er að fari á verndaðan vinnustað í átta skipti og taki þátt í þeim störfum sem þar eru unnin. Starfsnámið virðist þó vera bundið við síðustu önn námsins. Hvorugur útskriftarnemandinn sem rætt var við kannaðist við að hafa verið í starfsnámi en sögðu það líklega vera í bígerð á síðustu önninni.

Við hugsum eiginlega bara um vinnuna á síðustu önninni, sem sagt áttundu önn. [...] Áður, annað hvort á annari eða þriðju önn þá höfum við farið í gegnum svona námsefni með mjög marga, um réttindi og skyldur á vinnustað, hvernig maður á að haga sér og mæta á réttum tíma og fá laun og borga í lífeyrissjóð og eitthvað svona. En áttunda önn er svona, þá fara allir sem eru að útskrifast, hvort sem að þeir eru mikið fatlaðir eða lítið fatlaðir, við förum að skoða nokkra vinnustaði. Við skoðum einhvern almennan vinnustað, það hefur verið svona svolítið tilviljunarkennt, oft er það svona eitthvað verksmiðjulegt eða eitthvað slíkt, síðan skoðum við þrjá til fjóra verndaða vinnustaði sem við höldum að þau myndu hugsanlega lenda á. [...] Við höfum yfirleitt farið á [tiltekna vinnustofu fyrir fatlað fólk] í átta skipti, sem sagt, á mánudögum frá tíu til tólf. Þá höfum við bara farið í gegnum ýmis konar verkefni, pakka og flokka og raða og hitt og þetta og svo geri ég smá úttekt á því sko varðandi hreinlæti, vinnusemi, halda sér að verki, er kurteis og allt þetta sko. Ef við teljum að hann [nemandinn] eigi séns á almennum vinnumarkaði [...] þá höfum við beðið foreldra um að koma sér í samband og þeir hafa gert það án undantekninga á sjöundu önninni, sem sagt fyrir jól, í Atvinnu með stuðningi (brautarstjóri í skóla D).

Eftir áramót þá verður farið í vettvangsferðir og kynningar, það er svolítið brotin upp skólastarfsemin hjá krökkunum sem eru að útskrifast, þær eru nú bara tvær sko og þá verður farið í vettvangsferðir og skoðaðir vinnustaðir og vafalaust í Fjölmennit eða eitthvað (móðir nemanda í skóla D).

Í skóla C sögðu brautarstjóri og verkefnisstjóri brautarinnar að áhersla væri lögð á starfsnám á þriðja og fjórða ári námsins og að það hefði gengið „mjög vel“ að fá fyrirtæki til að taka við nemendum í starfsnám.

[Það hefur gengið] mjög vel, mjög vel [að hringja í fyrirtækin]. Og það eru líka farið með þau í svona vettvangsferðir og svo eftir áramótin þá verða starfskynningar og þetta er búið að vera alveg stöðugt sem sagt starfsnám hjá þeim, við erum í mjög góðum samningi hérna við [tiltekna stofnun], þar hafa þau verið í vinnutengdu námi (brautarstjóri í skóla C).



Nei, ekki formlega [samninga], nei. En það er sem sagt í bígerð hjá okkur að, það er mjög erfitt að sko að fastbinda við. Við erum með mjög góða svona munnlega samninga, þetta bara byggist á okkar tengslaneti (brautarstjóri í skóla C).

Í skóla C hafði verið sett upp lítil vinnuástaða þar sem nemendur fá þjálfun í ákveðnum þáttum sem tengjast þátttöku á vinnumarkaði. Þau stimpla sig inn á morgnana og sinna t.d. pökkunarverkefnum í þessari vinnuástöðu sem sett hefur verið upp í kennslustofu. Brautarstjórinn lítur á þessa þjálfun sem hluta af starfstengdu námi starfsbrautarnemenda en nemendur og forráðamenn höfðu aðrar hugmyndir um starfsnámið. Annar nemandinn sem rætt var við ásamt forráðamanni sagði að ekkert starfsnám hefði farið fram. Hinn sagði starfsnámið hafa verið afar einhæft og eingöngu falist í garðyrkjustörfum. Báðir nemendurnir eru á lokaári námsins.

Nei [ég hef ekki fengið að kynnst ólíkum vinnustöðum], við förum í það allt bráðlega (nemandi í skóla C).

Eini vinnumarkaðurinn sem hún er búin að fara á er í [tiltekin stofnun]. Alltaf í [garðyrkjustörfum] að taka til, það er ekkert annað (móðir nemanda í skóla C).

Þeir nemendur sem ekki hafa líkamlega burði til að sinna garðyrkjustörfum virðast ekki fá neina starfsþjálfun í staðinn.

Við getum ekki tekið [nemendur] sem eru bundnir í hjólastjól, þeir fara náttúrulega ekki með okkur yfir í verkefni [í garðyrkjustörfum]. Það gengur ekki, það bara segir sig sjálf (brautarstjóri í skóla C).

Það er því ljóst að hugmyndir brautarstjóranna um starfstengt nám getur verið mjög misjafnt. Þannig áleit brautarstjórinn í skóla D að þar væri í raun ekki starfstengt nám en ljóst er að nemendur fá starfstengda þjálfun bæði innan skólans og utan. Brautarstjórinn í skóla C leit svo á að í skólanum væri töluverð áhersla á starfstengt nám og að það gengi vel en þegar nánar var skoðað reyndist starfsnámið vera af skornum skammti.

## Mismunandi leiðir við framkvæmd starfsnáms

Skipulag starfsnáms innan skólanna fimm sem voru skoðaðir sérstaklega var afar ólíkt. Dæmi um ólíkar leiðir sem skólanir hafi farið eru:

1. Starfsþjálfun innan skólans þar sem settur er upp „vinnustaður“ innan skólastofunnar og nemendunum fengin verkefni sem líkja eftir verkefnum á vinnumarkaðnum, til dæmis pökkun.

Á þriðja og fjórða ári er svona svolítil áhersla lögð á starfsnám og farið í gegnum þessa fræðslu hvað er að vera starfsmaður. Við höfum fengið verkefni frá skrifstofunni ef það þarf að brjóta blöð og setja í umslög, þau hafa tekið það að sér hérna innanhúss og svo erum við með tilbúin verkefni þar sem þau læra svona að flokka hluti eftir gerð. [...] Jafnvel að telja ákveðna marga hluti í poka og brjóta (verkefnisstjóri í skóla C).

2. Samningur við stofnun um að allir nemendur á 3. og 4. ári á starfsbraut sem hafa líkamlega burði til þess komi reglulega ef veður leyfir og sinni garðyrkjustörfum.
3. Starfsþjálfun í hinum ýmsu störfum innan skólans, til dæmis eldamennsku og þrifum.

Þau eru að vinna hérna líka, það er stelpa núna að vinna hérna í eldhúsinu hjá okkur, og þau hafa verið að vinna hérna með ræstítæknunum og við erum að reyna að finna þannig áherslu, hérna inni, en möguleikarnir á verknámi eru ekki miklir (brautarstjóri í skóla A).

4. Samningar við fyrirtæki á almennum vinnumarkaði sem taka á móti nemendum af starfsbraut í starfsþjálfun.

Ein sem er í starfsnámi alltaf einu sinni í viku [...] ég ætla að reyna að koma honum eftir áramót á hárgreiðslustofu, þetta er allt svona tveir þrír tímar á viku (brautarstjóri í skóla B).

Hún er bara svo heppin, eins og hún hefur verið á leikskólanum hér á [nafn leikskóla], þær hafa verið rosalega ánægðar með hana sko (móðir nemanda í skóla B).

Annars byrja þau á þriðja ári og eru sem sagt fjórar annir, á mismunandi stöðum. Línan hjá okkur er sú að koma þeim á einn stað, hálfan dag í viku í helst tólf vikur og þá eru þau svona fjóra tíma. [...] Og svo vinna þau úr þessu hérna í skólanum og skrifa dagbók og svo eru vinnuveitendurnir með svona, stundvísi, tekur fyrirmælum, snyrtilegur, þið vitið, tékklista (brautarstjóri í skóla E).


Þriðja og fjórða árið fer einu sinni á önn út á vinnumarkaðinn í tvo til fimm daga og frá alveg því að vera klukkutíma og sumir hafa alveg verið heilan vinnudag. Það fer auðvitað bara eftir efnun, aðstæðum og færni og getu og allt það (brautarstjóri í skóla A).

5. Samningar við verndaða vinnustaði og starfshæfingar sem taka nemendur af starfsbraut í starfsþjálfun.


## Áhersla á undirbúning fyrir þátttöku á vinnumarkaði

Fjórir af hverjum tíu foreldrum töldu starfsbraut sonar síns eða dóttur leggja frekar eða mjög mikla áherslu á undirbúning fyrir þátttöku á almennum vinnumarkaði. Það voru helst foreldrar nemenda í skóla C sem sögðu engan undirbúning vera til staðar (sjá töflu 22). Um helmingi þótti áherslan vera hæfilega mikil og átti það helst við um foreldra nemenda í skóla D (sjá töflu 23). Engum þótti áherslan vera of mikil.

**Tafla 22. Hversu mikla áherslu telur þú að starfsbrautin leggi á undirbúning fyrir þátttöku á almennum vinnumarkaði?**



**Tafla 23. Telur þú áherslu á undirbúning fyrir þátttöku á almennum vinnumarkaði í námi sonar þíns eða dóttur þinnar vera of mikla, hæfilega eða of lítila?**



Ljóst er að starfsbrautirnar leggja minni áherslu á undirbúning fyrir þátttöku á vernduðum vinnustað samanborið við almennan vinnumarkað og bendir það til þess að hlutfallslega færri nemendur stefna á að starfa á vernduðum vinnustöðum samanborið við almennan vinnumarkað.

Um 15% foreldra segja áhersluna þó vera frekar eða mjög mikla og á það einna helst við um foreldra nemenda í skóla C (sjá töflu 24). Meirihluta foreldra, eða 60% þeirra, taldi áhersluna á undirbúning fyrir þátttöku á vernduðum vinnustað vera hæfilega mikla (sjá töflu 25). Engum þótti áherslan vera of mikil.

**Tafla 24. Hversu mikla áherslu telur þú að starfsbrautin leggi á undirbúning fyrir þátttöku á vernduðum vinnustað?**

	Mjög mikla áherslu	Frekar mikla áherslu	Hvorki né	Frekar líta áherslu	Mjög líta áherslu	Enga áherslu	Fjöldi sv ara	Mjög eða frekar mikla áherslu
<b>Heild</b>	2%	13%	25%	8%	13%	40%	48	15%
<b>Skólaár</b>								
1. og 2. ár	5%	11%	11%	11%	16%	47%	19	16%
3. og 4. ár	0%	14%	34%	7%	10%	34%	29	14%
<b>Kyn</b>								
Piltur	0%	11%	21%	7%	14%	46%	28	11%
Stúlka	5%	15%	30%	10%	10%	30%	20	20%
<b>Skóli</b>								
Skóli A	0%	6%	31%	6%	13%	44%	16	6%
Skóli B	0%	0%	40%	20%	0%	40%	5	0%
Skóli C	7%	29%	7%	7%	7%	43%	14	36%
Skóli D	0%	11%	33%	11%	22%	22%	9	11%
Skóli E	-	-	-	-	-	-	4	

Nítján sögðust ekki vita sv arið við spurningunni og fjórir vildu ekki sv ara.

0% 25% 50% 75% 100%


Tafla 25. Telur þú áherslu á undirbúning fyrir þátttöku á vernduðum vinnustað í námi sonar þíns eða dóttur þinnar vera of mikla, hæfilega eða of litla?

	Hæfileg áhersla	Aðeins of lítil áhersla	Allt of lítil áhersla	Fjöldi svara	Hæfileg áhersla
<b>Heild</b>	60%	18%	23%	40	60%
<b>Skólaár</b>					
1. og 2. ár	72%	6%	22%	18	72%
3. og 4. ár	50%	27%	23%	22	50%
<b>Kyn</b>					
Piltur	59%	18%	23%	22	59%
Stúlka	61%	17%	22%	18	61%
<b>Skóli</b>					
Skóli A	58%	25%	17%	12	58%
Skóli B	-	-	-	2	
Skóli C	55%	9%	36%	11	55%
Skóli D	75%	17%	8%	12	75%
Skóli E	-	-	-	3	

26 sögðust ekki vita svarið við spurningunni og fimm vildu ekki svara.

Það að lítil áhersla sé lögð á undirbúning fyrir þátttöku á annað hvort almennum vinnumarkaði eða á vernduðum vinnustað (sjá töflur 22 og 24) getur verið af þeirri ástæðu að önnur leiðin hentar ekki viðkomandi nemanda. Þannig getur verið að lítil áhersla sé lögð á undirbúning fyrir þátttöku á almennum vinnumarkaði vegna þess að starf á vernduðum vinnustað hentar nemandanum betur og að ríkari áhersla sé þá lögð á þann undirbúning. Til að skoða þetta nánar voru þessar tvær spurningar settar saman í eina töflu sem sýnir hve mikil áhersla er lögð á undirbúning fyrir veru á vinnumarkaði, hvort sem um ræðir almennan vinnumarkað eða verndaðan vinnustað. Þá kemur í ljós að 43% foreldra segja starfsbrautina leggja mjög eða frekar mikla áherslu á starfsnám, 19% segja áhersluna hvorki mikla né litla og 38% segja starfsbrautina leggja litla eða enga áherslu á starfsnám, hvort sem það tengist almennum vinnumarkaði eða vernduðum vinnustöðum (sjá töflu 26).

Tafla 26. Áhersla sem starfsbrautin leggur á starfsnám<sup>9</sup>



Prettán sögðust ekki vita svarið við spurningunni og fimm vildu ekki svara.

Innan við þriðjungur foreldra taldi son sinn eða dóttur sína hafa öðlast aukna færni til þátttöku á almennum vinnumarkaði. Þetta átti síst við skóla D enda leggur sá skóli litla áherslu á undirbúning fyrir þátttöku á almennum vinnumarkaði, fyrst og fremst vegna samsetningar nemendahópsins sem stundar nám á starfsbraut þess skóla (sjá nánar töflu 27).

<sup>9</sup> Þeir sem merkja við *Mjög mikla áherslu* eða *Frekar mikla áherslu* á annarri hvorri spurningunni fá *Mjög eða frekar mikil áhersla* á nýju breytunni. Þeir sem merkja við *Frekar lítil áherslu*, *Mjög lítil áherslu* eða *Enga áherslu* á báðum spurningunum fá *Frekar lítil*, *mjög lítil eða engin áhersla* á nýju breytunni. Aðrir fá *Hvorki né eða Svar vantar* eftir því sem við á.

**Tafla 27. Hversu sammála eða ósammála ertu eftirfarandi fullyrðingu um þann ávinning sem hann/hún hefur haft af náminu við framhaldsskólann? Hann eða hún hefur öðlast aukna færni til þátttöku á almennum vinnumarkaði.**

	Mjög eða frekar sammála	Hvorki né	Frekar ósammála	Mjög ósammála	Fjöldi svara	Mjög eða frekar sammála
<b>Heild</b>	29%	37%	22%	12%	49	29%
<b>Skólaár</b>						
1. og 2. ár	21%	42%	21%	16%	19	21%
3. og 4. ár	33%	33%	23%	10%	30	33%
<b>Kyn</b>						
Piltur	32%	29%	21%	18%	28	32%
Stúlka	24%	48%	24%	5%	21	24%
<b>Skóli</b>						
Skóli A	40%	27%	27%	7%	15	40%
Skóli B	33%	33%	17%	17%	6	33%
Skóli C	29%	36%	21%	14%	14	29%
Skóli D	0%	67%	11%	22%	9	0%
Skóli E	40%	20%	40%	0%	5	40%

Þrjár sögðust ekki vita svarið við spurningunni, fjórir vildu ekki svара og fimmtán sögðu spurninguna ekki eiga við um sitt barn.

0% 25% 50% 75% 100%

Í töflu 28 má sjá að 16% foreldra töldu son sinn eða dóttur hafa öðlast aukna færni til starfs á vernduðum vinnustað. Þetta átti síst við um skóla A enda leggur hann fyrst og fremst áherslu á undirbúning fyrir þátttöku á almennum vinnumarkaði. Um þriðjungur foreldra nemenda í skólum B og C töldu nemendurnar hafa öðlast aukna færni til starfs á vernduðum vinnustöðum.

**Tafla 28. Hversu sammála eða ósammála ertu eftirfarandi fullyrðingu um þann ávinning sem hann/hún hefur haft af náminu við framhaldsskólann? Hann eða hún hefur öðlast aukna færni til starfs á vernduðum vinnustað.**

	Mjög eða frekar sammála	Hvorki né	Frekar ósammála	Mjög ósammála	Fjöldi svara	Mjög eða frekar sammála
<b>Heild</b>	16%	51%	16%	16%	37	16%
<b>Skólaár</b>						
1. og 2. ár	13%	56%	13%	19%	16	13%
3. og 4. ár	19%	48%	19%	14%	21	19%
<b>Kyn</b>						
Piltur	15%	45%	15%	25%	20	15%
Stúlka	18%	59%	18%	6%	17	18%
<b>Skóli</b>						
Skóli A	0%	67%	22%	11%	9	0%
Skóli B	33%	50%	0%	17%	6	33%
Skóli C	30%	20%	30%	20%	10	30%
Skóli D	11%	67%	0%	22%	9	11%
Skóli E	-	-	-	-	3	

Sex sögðust ekki vita svarið við spurningunni, fimm vildu ekki svara og 23 sögðu spurninguna ekki eiga við um sitt barn.

0% 25% 50% 75% 100%

Ekki hafa allir nemendur kost á að starfa á almennum vinnumarkaði eða á vernduðum vinnustað. Sumum nemendum hentar best að vera í dagvistun eða sambærilegri iðju. Í töflu 29 má sjá að alla jafna töldu foreldrar ekki lagða mikla áherslu á undirbúning fyrir dagvistun eða sambærilega iðju. Það er fyrst og fremst í skólum C og D sem lögð er áhersla á þennan þátt. Sex af hverjum tíu foreldrum töldu þessa áherslu á undirbúning fyrir dagvistun hæfilega mikla (sjá töflu 30). Engum þótti áherslan of mikil. Í töflu 31 má sjá að tæplega þriðjungur foreldra taldi son sinn eða dóttur hafa öðlast aukna færni til þátttöku í dagvistun eða sambærilegri iðju eftir að nám við skólann hófst. Þetta átti sérstaklega við um nemendur í skóla D.



**Tafla 29. Hversu mikla áherslu telur þú að starfsbrautin leggi á undirbúning fyrir dagvistun eða sambærilega iðju?**

	Mjög mikla áherslu	Frekar mikla áherslu	Hvorki né	Frekar líta áherslu	Mjög líta áherslu	Enga áherslu	Fjöldi svara	Mjög eða frekar mikla áherslu
<b>Heild</b>	4%	10%	20%	6%	18%	41%	49	14%
<b>Skólaár</b>								
1. og 2. ár	10%	15%	5%	10%	25%	35%	20	25%
3. og 4. ár	0%	7%	31%	3%	14%	45%	29	7%
<b>Kyn</b>								
Piltur	4%	7%	21%	4%	21%	43%	28	11%
Stúlka	5%	14%	19%	10%	14%	38%	21	19%
<b>Skóli</b>								
Skóli A	0%	0%	25%	0%	19%	56%	16	0%
Skóli B	-	-	-	-	-	-	4	
Skóli C	7%	21%	14%	7%	7%	43%	14	28%
Skóli D	9%	18%	27%	9%	27%	9%	11	27%
Skóli E	-	-	-	-	-	-	4	

Átján sögðust ekki vita svarið við spurningunni og fjórir vildu ekki svara.

0% 25% 50% 75% 100%

**Tafla 30. Telur þú áherslu á undirbúning fyrir dagvistun eða sambærilega iðju í námi sonar þíns eða dóttur þinnar vera of mikla, hæfilega eða of líta?**

	Hæfileg áhersla	Aðeins of lítil áhersla	Allt of lítil áhersla	Fjöldi svara	Hæfileg áhersla
<b>Heild</b>	62%	18%	21%	39	60%
<b>Skólaár</b>					
1. og 2. ár	71%	18%	12%	17	71%
3. og 4. ár	55%	18%	27%	22	55%
<b>Kyn</b>					
Piltur	64%	14%	23%	22	64%
Stúlka	59%	24%	18%	17	59%
<b>Skóli</b>					
Skóli A	64%	9%	27%	11	64%
Skóli B	-	-	-	3	
Skóli C	55%	9%	36%	11	55%
Skóli D	75%	25%	0%	12	75%
Skóli E	-	-	-	2	

26 sögðust ekki vita svarið við spurningunni og sex vildu ekki svara.

0% 25% 50% 75% 100%

**Tafla 31. Hversu sammála eða ósammála ertu eftirfarandi fullyrðingu um þann ávinning sem hann/hún hefur haft af náminu við framhaldsskólann? Hann eða hún hefur öðlast aukna færni til þátttöku í dagvistun eða sambærilegri iðju.**

	Mjög eða frekar sammála	Hvorki né	Frekar ósammála	Mjög ósammála	Fjöldi svara	Mjög eða frekar sammála
<b>Heild</b>	29%	39%	18%	13%	38	29%
<b>Skólaár</b>						
1. og 2. ár	33%	44%	11%	11%	18	33%
3. og 4. ár	25%	35%	25%	15%	20	25%
<b>Kyn</b>						
Piltur	36%	27%	18%	18%	22	36%
Stúlka	19%	56%	19%	6%	16	19%
<b>Skóli</b>						
Skóli A	13%	63%	13%	13%	8	13%
Skóli B	20%	40%	20%	20%	5	20%
Skóli C	30%	20%	30%	20%	10	30%
Skóli D	50%	42%	0%	8%	12	50%
Skóli E	-	-	-	-	3	

Sex sögðust ekki vita svarið við spurningunni, fimm vildu ekki svара og 22 sögðu spurninguna ekki eiga við um sitt barn.

0% 25% 50% 75% 100%

Tæplega 70% foreldra finnst það hæfa syni sínum eða dóttur vel að lögð sé mikil áhersla á undirbúning fyrir almennan vinnumarkað eða vinnu á vernduðum vinnustað. Í þeim tilfellum sem lögð var mikil áhersla á undirbúning fyrir dagvistun þótti 80% foreldra það vera hæfilega mikil áhersla. Hér þarf að hafa í huga að foreldrum getur þótt lítil áhersla á tiltekinn þátt vera hæfilega mikil ef vinnuumhverfið hentar ekki syni þeirra eða dóttur. Lítil áhersla á undirbúning fyrir almennan vinnumarkað getur verið hæfilega mikil fyrir ákveðna nemendur ef ljóst er að verndaður vinnustaður hentar þeim betur en hinn almenni vinnumarkaður.

## Óskir nemenda um starfsnám

Í skýrslunum frá þeim skólum þar sem starfstengt nám er hluti af námi nemenda á starfsbraut er reynt að koma til móts við óskir nemenda um starfsnámið en það getur þó verið mörgu háð. Það getur verið erfitt að koma til móts við nemendur sem vilja vinna við tölvur eða þegar kemur að störfum þar sem starfsmenn eru bundnir þagnarskyldu eða störf sem geta falið í sér hættu, t.d. sjúkraflutningar og lögreglustörf. Sömuleiðis getur verið erfitt að koma til móts við nemendur sem vilja starfa á ákveðnum vinnustað þar sem vinnuveitendur hafa ekki viljað taka við fötluðum nemendum. Í svari Menntaskólans á Ísafirði kom fram að þurft hefði að stýra einstaka nemendum frekar í starfstengt nám sem þeir ráða við að teknu tilliti til þroska og getu. Ætla má að það eigi við um fleiri skóla.

Af þeim fimm skólum sem skoðaðir voru sérstaklega er starfsnám hluti af námi starfsbrautar-nemenda í þremur þeirra (skólum A, B og E) og stórum hluta í þeim fjórða (skóla D) og að litlu leyti í þeim fimmta (skóla C). Starfsfólk í skólum A, B og E sagði frá því hvernig reynt væri að koma til móts við óskir nemenda.

Ég náttúrulega spyr þau, hvað þau langar til. Fyrst gerum við það þannig að þau eru búin að vera hérna í eitt eða tvö ár, þá fá þau að velja sér fimm til tíu fyrirtæki og stofnanir og fá að fara í heimsóknir þangað, með þá starfsmanni og fara með spurningalista og myndavél og allt það. Þau fá á flestum stöðum að prófa eitthvað smá og svo gera þau sem sagt verkefni og skrifa um þetta. Síðan vita þau eitthvað út á hvað hlutirnir ganga, svo velja þau sér eitthvað af þessu, kannski sem að þau vilja fá að fara í vinnu, og þá hef ég bara samband við vinnustaðinn og spyr (brautarstjóri í skóla B).

En svo fá þau svolítið að velja, þau koma með óskir um starf, þau eru í starfsfræðslu hérna allar annirnar á þriðja og fjórða ári. Og svo fá þau svolítið að velja. [...] Það eru störf sem þau eiga að kynna sér og þau fá svolítið að velja það, þurfa að fara með miða heim og foreldrar skrifa undir og svo framvegis, samþykkja það sem þau velja, og svo reyni ég að koma til móts við það. Það er rosalega mismunandi frá ári til árs hvað þetta er (brautarstjóri í skóla A).

Síðan á næstu önn þá verður sko stelpan sem er að útskrifast, þá fer hún í starfsnám, hún er búin að fara alltaf á vorönn, á leikskólann hérna og vill það, því að hún vill vinna á leikskóla, hún hefur ekki viljað skipta um sko, og hún verður bara að fá að ráða því (brautarstjóri í skóla B).

Já, hann er í starfskynningum og svona. Hann fór núna í starfskynningu í íþróttamiðstöðina. Honum fannst það æði. Hann ætlaði bara að hætta í skóla þá og fara að vinna þar (leiðbeinandi nemanda í skóla E).

Og það er alltaf reynt að nemandinn velji hvert hann vill fara sko, svona stýrt val, þú ert aldrei skikkaður á neinn stað (brautarstjóri í skóla E).

## Vandkvæði við framkvæmd starfsnáms

Brautarstjórnarnir töluðu um hve erfitt það gæti verið að koma nemendum starfsbrautar að í starfsnám hjá fyrirtækjum og stofnunum. Oft nást ekki samningar um eins mikið starfsnám og æskilegt væri en skólarnir taka því sem fæst.

Maður er hringjandi hérna og snapandi og þau eru að fá að fara kannski einhverja tvo tíma, segir þeim ekki neitt. Þetta er í sjálfu sér bara kynning (brautarstjóri í skóla A).

Atvinnurekendur sjá ekki hag sinn í því að taka á móti nemendum starfsbrautar og hafa stundum orð á því hvort þeir fái greiðslur eða umbun fyrir.

Þetta er erfitt. [...] Fyrirtæki og stofnanir, sérstaklega fyrirtæki, þau spyrja „fáum við eitthvað greitt fyrir þetta?“ (brautarstjóri í skóla B).

Brautarstjórar og aðrir starfsmenn starfsbrautanna þurfa stundum að leita ýmissa leiða til að nemendur brautarinnar fái að fara í starfsnám á tilteknum vinnustöðum.

En auðvitað er ég búin að koma mér upp hérna fyrirtækjum [...] sem taka nemendur ár eftir ár. Maður reynir auðvitað að höfða til samfélagslegrar ábyrgðar þessara fyrirtækja þegar maður hringir. Ég hringi yfirleitt fyrst, og fæ að tala þá við starfsmannastjóra og sendi svo tölvupóst. [...] Fyrirtækin eru ekki að fá neitt með og stundum þarf ég að senda þau ein, þau sem eru getumest, þá hef ég bara ekki mannafla til að senda manneskju með. En ég fer yfirleitt í heimsókn fyrst með nemandanum, kynni hann fyrir sem sé viðtökuaðila og svo framvegis en svo er nemandinn, þessir best settu, bara á eigin vegum sko (brautarstjóri í skóla A).

Þetta getur verið mismunandi eftir staðsetningu skólanna eins og kom fram hjá brautarstjóra í skóla sem er í nágrennsveitarfélagi höfuðborgarinnar en oft er mikill ágangur á ákveðin fyrirtæki frá fleiri en einum skóla.

Starfsnámið náttúrulega brennur almennt á öllum starfsbrautum, sérstaklega hérna á höfuðborgarsvæðinu. Það verður að komast í lag og það verður að komast á hreint hvernig á að haga þessu! Bara frá A til Ö og hver á að sjá um það, ég meina, fólk eins og inni í Reykjavík, við erum þó vel sett hérna í [bæjarfélaginu] því að þetta er svona ákveðið þorp þannig lagað séð. Ég meina [skólinn] er skólinn í [bæjarfélaginu] og maður segist vera frá [skólanum] og það eru svona ákveðin liðlegheit, en [í Reykjavík] eru allir að hringja í sömu staðina. Það er ekki nóg með að það séu starfsbrautirnar því að það er líka grunnskólinn, því að grunnskólinn er með úrræði líka fyrir áttunda, níunda og tíunda bekk sem á erfitt í bóklegu námi. Það eru allir að banka á sömu dyrnar og sum fyrirtæki eru bara orðin sko mjög pirruð á þessu áreiti (brautarstjóri í skóla A).

Oftast var lítið á það sem kost að skólinn væri í litlu samfélagi því þar væri frekar velvilji til staðar á meðal atvinnurekenda og jafnvel persónuleg tengsl. Smæð samfélagsins gat þó verið galli þegar kom að ákveðnum nemendum sem atvinnurekendur og aðrir þekktu til og vildu af einhverjum ástæðum ekki fá inn á vinnustaðinn.

Það hefur gengið vel [samvinna við atvinnurekendur]. Höfuðborgarsvæðið og landsbyggðin er bara tvennt ólíkt að þessu leyti. Ég er með marga marga staði þar sem að þau eru alltaf velkomin (brautarstjóri í skóla E).

Það þekkjast allir og þegar maður er að biðja um starfskynningu, það eru allir sem að þekkja þessa krakka, allir vinnustaðir og þekkja foreldrana og þú veist, þannig að þetta er miklu auðveldara (brautarstjóri í skóla E).

Sumir eru bara mjög almennilegir sko en aðrir alls ekki. [...] Það er enginn rosalegur svona velvilji, nema hjá örfáum fyrirtækjum. [...] Ég meina, þetta er lítið samfélag og það eru fordómar gagnvart sumum hérna, þannig að það er erfitt að eiga við þetta (brautarstjóri í skóla B).

Það að geta ekki boðið upp á meira starfsnám og verklega kennslu fannst brautarstjóranum í skóla C vera einn helsti veikleiki brautarinnar. Þessi skerðing væri meðal annars til komin vegna niðurskurðar en vænlegt væri að taka upp fyrirkomulag líkt því sem prófað var í tilraunaverkefni sem skólinn tók þátt í fyrir nokkrum árum síðan, m.a. með Atvinnu með stuðningi..

Veikleikarnir eru að við vildum gjarnan komast inn í meiri möguleika í starfstengdu greinunum og veikleikarnir sem snúa að okkur núna stafa náttúrulega fyrst og fremst af þeim

utanaðkomandi aðstæðum sem eru í þjóðfélaginu. Það hefur svona sett mark sitt á brautina núna þessi síðustu ár. [...] Og það er þetta með starfsnámið, ég myndi vilja sjá aftur þar sem var hérna, Atvinna með stuðningi (brautarstjóri í skóla C).

## Úrbætur á skipulagi starfsnáms

Engar verklagsreglur eða viðmið sem starfsbrautir geta miðað framkvæmd starfstengds náms við hafa verið settar fram. Brautarstjóri í skóla A lýsir áhyggjum sínum af þessu og segir að ef starfsbrautir eigi að standa undir nafni þarf starfsnámið að vera í fastari skorðum. Lítið samræmi á framkvæmdinni sé á milli skóla og vitað er um skóla sem reka starfsbrautir án þess að þar viðhafist nokkuð starfstengt nám.

Nú er þessi námsskrá gefin út hérna á sínum tíma og það er ætlast til þess að þau séu í starfsnámi. En það fylgdi aldrei nein reglugerð eða verklagsreglur um það hvernig þessu skyldi háttað, þannig að hver og einn skóli á landinu hefur verið að baksa við að forma það hvernig þeir eiga að gera þetta. [...] Það eru engar leiðbeiningar eða neitt [...], það þarf að vera í miklu fastari skorðum. Og það hefur bara hver og einn verið að móta sínar starfsreglur í kringum þetta. Ég sinni þessu hérna á brautinni og ég er bara hringjandi út um allan bæ og betlandi þannig lagað innan gæsalappa, því það er enginn samningur til við fyrirtækin eða atvinnulífið um þetta starfsnám. [...] Þetta er bara dapurlegt sko og mörgum finnst þetta rangnefni, að vera að kalla þetta starfsbrautir, því þetta er hvorki fugl né fiskur. Sumir eru bara hættir, ég veit um brautir sem hafa hætt að senda krakka út (brautarstjóri í skóla A).

Brautarstjórinn talaði líka um að markmiðin með starfstengdu námi þyrftu að vera skýr ef árangur ætti að nást.

Hvert er markmiðið með þessu hérna? Ég meina, bara til þess að láta þau kynnst því að raða hillu í Bónus og hvað svo? Það er ekkert metið og þau fá enga vinnu frekar við það síðar, þannig að þetta er algjörlega markmiðslaust, þetta er dapurlegt. Maður er bara miður sín yfir þessu starfsnámi (brautarstjóri í skóla A).

Sömuleiðis þarf að vera ljóst með hvers konar próf þessir nemendur útskrifast með.

Því að þau eru auðvitað meðvituð um að þau eru ekkert að ljúka með stúdentsprófi, og það er eitt af því sem þarf að komast á hreint, hvers konar prófi eiga krakkar á starfsbrautum að ljúka? (brautarstjóri í skóla A).

Aðspurð um leiðir til að koma málaflokknum í betri farveg svaraði hún að setja þyrfti verklagsreglur og reglugerð frá mennta- og menningarmálaráðuneytinu um hvernig starfsnáminu eigi að vera háttað. Markmiðin með náminu þurfa að vera skýr og ljóst þarf að vera hverju námið á að skila starfsbrautarnemendum. Sömuleiðis þarf að vera skýrt hvað tekur við að skólagöngu lokinni.

Betri strúktúr og verklagsreglur og reglugerð frá ráðuneytinu um þetta og um hvernig eigi að haga þessu, hvert eigi að vera markmiðið með þessu og það þarf að vera ákveðinn tími og til

Þess að það sé einhver gæðastimpill á þessu þá verða reglurnar að vera skýrar og markmiðin. Og hver á að fylgja þessu eftir? Til hvers á þetta að leiða? Þetta þarf að vinnast í samvinnu líka við Vinnumálastofnun þannig að þetta sé til einhvers fyrir þessa krakka. Ég meina, við erum bara að útskrifa þessa krakka hérna á götuna. Það er ekkert sem tekur við, og ríkið búið að eyða milljónum í þetta nám fyrir þessa krakka. Til hvers? (brautarstjóri í skóla A).

Þegar nemendur fá ekki atvinnu að lokinni útskrift vill brautarstjóri í skóla A meina að það sé ekki endilega vegna þess að undirbúningur innan skólans hafi verið slakur heldur vanti eftirfylgd á vinnustöðunum.

Það er ekki vegna þess að starfsbrautirnar hafi búið þau illa undir atvinnulífið, það er bara ekkert að hafa og Atvinna með stuðning hefur bara ekkert getað haldið utan um þetta. Og eftirfyldin, ókei þau fá kannski vinnu, en svo eru þau hætt eftir tvo mánuði og ég segi að það sé vegna þess að þau hafi ekki fengið þá eftirfyld sem þau þurftu á vinnustaðnum (brautarstjóri í skóla A).

Þegar vel hefur gengið er þó ljóst að námið hefur stuðlað að bættum möguleikum á atvinnumarkaði. Ákveðnum tengslum hefur verið komið á meðan nemendur eru í skólanum. Þessi tengsl og þjálfun skila sér svo í starfi eftir útskrift úr skólanum.

Það er stúlka sem að hefur mikinn áhuga á leikskólum og var í starfskynningu á leikskólum, fleiri en einum. Hún er útskrifuð núna, hún er í vinnu á leikskóla, skilurðu, sem aðstoðarmaður, og það er náttúrulega af því að hún er búin að kynna sig. Hún er búin að vera þar og hún ræður við viss verk og svona (brautarstjóri í skóla E).

## 7. LÍF AÐ LOKNUM SKÓLA

Hér verður fjallað um sjálfstæði, sjálfstraust og samskiptahæfni nemenda á starfsbraut, undirbúning fyrir sjálfstæða búsetu og tilfærslu nemenda frá skóla út í líf á vinnumarkaði eða öðru því sem hæfir nemandanum.

### Sjálfstæði og samskiptahæfni

Eins og fram hefur komið er eitt af markmiðum náms og kennslu á starfsbraut að nemendur „auki sjálfstraust sitt, sjálfstæði og samskiptahæfni til daglegra athafna“ (menntamálaráðuneytið, 2005, bls. 3).

Þrír af hverjum fjórum foreldrum úr skólunum fimm voru frekar eða mjög sammála því að sjálfstraust sonar þeirra eða dóttur hafi aukist í náminu við framhaldsskólann. Þetta átti einna helst við um nemendur í skóla A (sjá töflu 32). Sama hlutfall foreldra var á því að sjálfstæði sonar þeirra eða dóttur hafi aukist (sjá töflu 33) og sex af hverjum tíu trúðu því að samskiptahæfni þeirra hafi aukist á skólagöngunni á starfsbraut en það átti frekar við um nemendur í skóla D heldur en aðra skóla (sjá töflu 34).


**Tafla 32. Hversu sammála eða ósammála ertu eftirfarandi fullyrðingu um þann ávinning sem hann/hún hefur haft af náminu við framhaldsskólann? Sjálfstraust sonar míns eða dóttur minnar hefur aukist.**

	Mjög sammála	Frekar sammála	Hvorki né	Mjög eða frekar ósammála	Fjöldi svara	Mjög eða frekar sammála
<b>Heild</b>	28%	48%	19%	5%	64	76%
<b>Skólaár</b>						
1. og 2. ár	28%	52%	21%	0%	29	79%
3. og 4. ár	29%	46%	17%	9%	35	74%
<b>Kyn</b>						
Piltur	35%	47%	15%	3%	34	82%
Stúlka	20%	50%	23%	7%	30	70%
<b>Skóli</b>						
Skóli A	29%	62%	10%	0%	21	90%
Skóli B	17%	50%	33%	0%	6	67%
Skóli C	35%	35%	15%	15%	20	70%
Skóli D	25%	42%	33%	0%	12	67%
Skóli E	20%	60%	20%	0%	5	80%


Einn sagðist ekki vita svárið við spurningunni, fjórir vildu ekki svara og tvær sögðu spurninguna ekki eiga við um sitt barn.

0% 25% 50% 75% 100%

**Tafla 33. Hversu sammála eða ósammála ertu eftirfarandi fullyrðingu um þann ávinning sem hann/hún hefur haft af náminu við framhaldsskólann? Sjálfstæði sonar míns eða dóttur minnar hefur aukist.**



**Tafla 34. Hversu sammála eða ósammála ertu eftirfarandi fullyrðingu um þann ávinning sem hann/hún hefur haft af náminu við framhaldsskólann? Samskiptahæfni sonar míns eða dóttur minnar hefur aukist.**



## Undirbúningur fyrir sjálfstætt líf

Í námskrá fyrir starfsbrautir framhaldsskóla kemur fram að á seinni hluti námsins skuli miðað að því að auka færni nemenda til sjálfstæðrar búsetu (menntamálaráðuneytið, 2005).



Í skóla A, B og E hefur verið einhver matreiðslukennsla en þó af skornum skammti. Skólarnir glíma við aðstöðuleysi en hafa fengið afnot af kennslueldhúsum í grunnskóla sem er í nágrenni skólans. Skóli D hefur lítið kennslueldhús með þvottavél og þurrkara sem notað er í heimilisfræðikennslu. Skóli C hefur litla aðstöðu sem notuð var áður en dregið var úr heimilisfræðikennslu í skólanum.

Við erum með lífsleikni, lífstílnámskeið og þau fara í félagsfræði og þau eru í heilbrigðisfræði, matreiðslu, og öll þessi fög í sjálfu sér eru náttúrulega til þess að efla þau og styrkja, og gera þau sjálfstæð (brautarstjóri í skóla A).

Í skóla B er engin aðstaða fyrir heimilisfræði en unnið er með aðra þætti sjálfstæðis öll skólaárin.

Þau eru svo misjöfn þessir krakkar, við höfum lagt mikla áherslu á þetta með sjálfstæðið af því að nú eru þau að undirbúa sig fyrir það að flytja og fara að búa ein og svona. [...] Við reynum að láta þau passa upp á tímann með hitt og þetta og með námsefnið og námið og fara sjálf í mötuneytið og svona. Við byrjum bara strax á þessu þegar þau koma hérna inn, að láta þau þurfa að hugsa svolítið um hlutina (brautarstjóri í skóla B).

Foreldri nemanda í skóla D hefði viljað sjá meiri þjálfun í sjálfstæði en gerði sér á sama tíma grein fyrir því að erfitt gæti verið fyrir starfsfólk skólans að koma því við í þéttskipuðum skóladeginum.

Það [efling sjálfstæði, t.d. heimilisfræði] er alveg þokkalegt en það kannski mætti jafnvel vera aðeins meira. Vegna þess að ef að þau geta svona aðeins þá munar rosalega miklu fyrir þau, en svo veit maður náttúrulega að það fer mikil orka bara og tími í bara einföldu hlutina eins og það að klæða sig og matast fallega. Það er náttúrulega þjálfun líka að hegða sér viðeigandi og svona. Það er ekki hægt að koma öllu að í stundaskránni (móðir nemanda í skóla D).

Nemandi og móðir sem lýstu ánægju sinni með skólann og starfsbrautina þekktu ekki til þess að í skólanum lærðu nemendur að sinna almennum heimilisstörfum, að nota strætó eða að meðhöndla peninga. Mæðgurnar töldu þó að það myndi breytast á síðustu önn nemandans við skólann.

En þetta [að hugsa um heimilið] verður nú vonandi tekið sko dálítið vel eftir áramót. Þetta að verða sjálfbjarga, að læra á ýmsar græjur og svona (móðir nemanda í skóla C).

Nei, það er allavega ekki [kennt á peninga og strætó] hjá okkur sko. Það getur vel verið að það sé hjá hinum brautunum (nemandi í skóla C).

Móðir annars nemanda í skólanum fannst of lítil áhersla á að efla sjálfstæði dóttur sinnar.

Á þessum fjórum árum þá finnst mér hún bara á afskaplega svipuðum stað og þegar hún var í Öskjuhlíðarskóla. Ég sé enga mikla þróun upp á sjálfstæði að gera. [...] Það er engin kennsla í að geta hugsað um sjálfan sig ef þú ætlar að búa að heiman (móðir nemanda í skóla C).

Móðirin lýsir því að í nafni brautarinnar felist hugmynd um að þar séu nemendur að læra einhver störf en að lítið hafi farið fyrir því í skólagöngu dóttur hennar.

Það sem ég hélt sko, starfsbraut, það segir sig sjálft sko, læra einhver störf, sem sagt. Einu sinni var hún sett í að þrifa klósett þarna niður frá, karlklósettið, það er í eina skiptið sem hún hefur þurft að þrifa eitthvað. Hún hefur ekki þurft að vera að þurrka upp af borðum þarna eða elda mat eða neitt svona (móðir nemanda í skóla C).

Í öðrum skóla (D) sagði nemandinn frá því að hann lærði matreiðslu í skólanum og lærði um peninga í fjármálafræði. Báðir nemendurnir sem rætt var við í skóla E sögðust ekkert hafa lært um að reka heimili, s.s. að þvo þvott eða elda mat en að þeir hafi lært um fjármál bæði í grunnskóla og á starfsbrautinni. Móðir annars nemandans sagði þá kennslu hafa skilað árangri. Starfsmenn brautarinnar höfðu orð á því að þeir vildu gjarnan hafa aðstöðu til heimilisfræðslu og annarra verklegra greina, t.d. eldhús en stundum hafi nemendur starfsbrautarinnar fengið afnot af kennslueldhúsi næsta grunnskóla.

Við erum náttúrulega með peningamál [...], við erum ekki með inn á til dæmis eins og heimilisstörf eða eitthvað svoleiðis, ef eitthvað væri þá hefði verið gaman að hafa eldhús skilurðu. Já, en það breytir því ekki að við höfum verið, þó að það sé ekki akkúrat núna sko, þá hafa þau verið í matreiðslu á sérdeildinni hjá okkur niður í grunnskóla. [...] En ef eitthvað væri þá væri þetta, og eins líka ýmislegt verklegt, sem að ég vildi auka hjá þeim (brautarstjóri í skóla E).

Verkefnisstjóri í skóla C kom einnig inn á aðstöðuleysi skólans hvað heimilisfræðslu og matreiðslu varðar. Þó var reynt að nýta þá litlu aðstöðu sem er til staðar þó að dregið hafi úr því.

Við erum nú ekki með mikla aðstöðu hérna, heimilisfræðiaðstöðu, hún er frekar rýr [...], það er þarna stofa niðri. [...] Það er eldhús og vaskur, eldhús þarna á einum vegg, svona innrétting og eldavél og annað sem að við getum nýtt og höfum nýtt en getum aldrei verið með nema bara litla hópa. [...] Okkur langar að hafa rúm þarna og svona aðeins betri aðstöðu þannig að þau geti lært meira en bara elda að mat. Við höfum fengið aðstöðu hjá ræstingafólkinu til að setja í þvottavél eða ef það er eitthvað sem hægt er að gera þar, og eins bara að þrifa inni í eldhúsinu. Það eru klósett þar og eitthvað sem hægt er að þrifa, þannig að þau fara í gegnum það líka í þessum tímum (verkefnisstjóri í skóla C).

Ýmislegt bendir til þess að þessar leiðir sem verkefnisstjórinn lýsir, að nota þvottavél og þrifa eldhúsið séu ekki notaðar í eins miklum mæli og áður var. Móðir nemanda við brautina furðar sig á því að ekki sé „nein kennsla varðandi, bara almenn þrif, hengja upp þvott, taka úr þvottavél setja í vél“.

Rétt tæplega helmingur foreldra taldi starfsbrautina leggja mjög eða frekar mikla áherslu á að auka sjálfstæði nemenda í daglegu lífi, svo sem hvað varðar matseld, þrif og samgöngur. Rúmlega fimmtungur taldi áhersluna litla eða enga (sjá töflu 35). Hartnær tveir af hverjum þremur fannst áherslan hæfilega mikil og átti það helst við um skóla A og D (sjá töflu 36). Tæplega helmingur foreldra var sammála því að í náminu við starfsbraut hafi sjálfstæði sonar þeirra eða dóttur í daglegu lífi aukist. Þetta átti sérstaklega við um skóla A (sjá töflu 37). Þar sem lögð var frekar eða mikil áhersla á auka sjálfstæði nemenda í daglegu lífi voru 77% foreldra á því að það

væri hæfilega mikil áhersla, það sama átti við um 60% þar sem áherslan var hvorki mikil né lítil og um 42% foreldra ef lögð var lítil eða engin áhersla á að efla sjálfstæði nemenda.

**Tafla 35. Hversu mikla áherslu telur þú að starfsbrautin leggi á aukid sjálfstæði í daglegu lífi svo sem hvað varðar matseld, þrif og samgöngur?**

	Mjög mikla áherslu	Frekar mikla áherslu	Hvorki né	Frekar líta áherslu	Mjög líta áherslu	Enga áherslu	Fjöldi svara	Mjög eða frekar mikla áherslu
<b>Heild</b>	14%	35%	29%	3%	5%	14%	63	49%
<b>Skólaár</b>								
1. og 2. ár	19%	39%	26%	0%	6%	10%	31	58%
3. og 4. ár	9%	31%	31%	6%	3%	19%	32	40%
<b>Kyn</b>								
Piltur	11%	33%	25%	6%	6%	19%	36	44%
Stúlka	19%	37%	33%	0%	4%	7%	27	56%
<b>Skóli</b>								
Skóli A	20%	35%	40%	5%	0%	0%	20	55%
Skóli B	0%	40%	20%	0%	20%	20%	5	40%
Skóli C	11%	47%	16%	5%	0%	21%	19	58%
Skóli D	14%	29%	36%	0%	7%	14%	14	43%
Skóli E	20%	0%	20%	0%	20%	40%	5	20%

Fjórir sögðust ekki vita svarið við spurningunni og fjórir vildu ekki svара.

0% 25% 50% 75% 100%

**Tafla 36. Telur þú áherslu á að auka sjálfstæði í daglegu lífi í námi sonar þíns eða dóttur þinnar vera of mikla, hæfilega eða of líta?**

	Hæfileg áhersla	Aðeins of lítil áhersla	Allt of lítil áhersla	Fjöldi svara	Hæfileg áhersla
<b>Heild</b>	64%	25%	10%	59	64%
<b>Skólaár</b>					
1. og 2. ár	69%	17%	14%	29	69%
3. og 4. ár	60%	33%	7%	30	60%
<b>Kyn</b>					
Piltur	72%	19%	9%	32	72%
Stúlka	56%	33%	11%	27	56%
<b>Skóli</b>					
Skóli A	75%	15%	10%	20	75%
Skóli B	33%	50%	17%	6	33%
Skóli C	53%	40%	7%	15	53%
Skóli D	85%	15%	0%	13	85%
Skóli E	40%	20%	40%	5	40%

Sex sögðust ekki vita svarið við spurningunni og fimm vildu ekki svара. Einn sagði áhersluna aðeins of mikla en var sleppt úr bakgrunnsgreiningu til að tryggja nafnleynd.

0% 25% 50% 75% 100%

**Tafla 37. Hversu sammála eða ósammála ertu eftirfarandi fullyrðingu um þann ávinning sem hann/hún hefur haft af náminu við framhaldsskólann? Sjálfstæði hans eða hennar í daglegu lífi hefur aukist.**

	Mjög sammála	Frekar sammála	Hvorki né ósammála	Frekar ósammála	Mjög ósammála	Fjöldi svara	Mjög eða frekar sammála
<b>Heild</b>	15%	32%	35%	11%	6%	62	47%
<b>Skólaár</b>							
1. og 2. ár	19%	26%	35%	13%	6%	31	45%
3. og 4. ár	10%	39%	35%	10%	6%	31	49%
<b>Kyn</b>							
Piltur	9%	27%	39%	15%	9%	33	36%
Stúlka	21%	38%	31%	7%	3%	29	59%
<b>Skóli</b>							
Skóli A	25%	45%	30%	0%	0%	20	70%
Skóli B	0%	40%	20%	40%	0%	5	40%
Skóli C	11%	26%	42%	11%	11%	19	37%
Skóli D	8%	31%	31%	15%	15%	13	39%
Skóli E	20%	0%	60%	20%	0%	5	20%

Fjórir vildu ekki svara og fimm sögðu spurninguna ekki eiga við um sitt barn.


0% 25% 50% 75% 100%

## Tilfærsla frá skóla


Eins og kemur fram í námskrá fyrir starfsbrautir framhaldsskóla er tilfærsla nemenda úr skóla út í atvinnulífið eða önnur viðfangsefni langtímaferli. Í einstaklingsnámsáætlun eða annarri áætlun hvers nemanda skal gerð grein fyrir því hvernig þessi breyting er skipulögð. Mikilvægt er að hefja gerð slíkrar áætlunar snemma en þar þarf að koma fram mat á áhugasviði, þekkingu og reynslu nemandans. Í áætluninni skal komið fram með hvaða hætti skólinn getur staðið að undirbúningi tilfærslunnar. Samráð við nemandann, foreldra/forráðamenn, náms- og starfsráðgjafa, vinnu- miðlanir og starfsfólk félagsþjónustu er mikilvægt við gerð áætlunarinnar og endurmat á henni (menntamálaráðuneytið, 2005).

Tæplega 20% aðspurðra foreldra gat ekki gefið svar um hvort gerð væri annars konar einstaklingsbundin áætlun en námsáætlun fyrir nemandann. Með annars konar áætlun er til dæmis átt við áætlun um starfsnám, atferlismótun eða áætlun um undirbúning fyrir líf að loknum skóla. Tæplega helmingur þeirra sem gátu gefið svar sögðu slíka áætlun vera gerða (sjá töflu 38). Í námsáætlun eða annarri einstaklingsbundinni áætlun hjá 20% starfsbrautarnema í skólunum fimm kemur fram að hverju er stefnt eftir útskrift nemandans, t.d. hvað varðar atvinnumál eða tómsundabátttöku (sjá töflu 39).

**Tafla 38. Er gerð annars konar einstaklingsbundin áætlun fyrir son þinn eða dóttur í skólanum, til dæmis áætlun um starfsnám, atferlismótun eða áætlun um undirbúning fyrir líf að loknum skóla?**



**Tafla 39. Kemur fram í námsáætlun eða annarri einstaklingsbundinni áætlun að hverju er stefnt eftir útskrift nemandans, t.d. hvað varðar atvinnumál eða tómstundaþátttöku?**



Hjá sex af þeim tíu sem eru með einstaklingsbundna áætlun þar sem tiltekið er að hverju er stefnt eftir útskrift, kemur fram hvernig unnið skuli að þeim markmiðum sem sett hafa verið um dagsviðurværi nemandans eftir útskrift.

Í viðtölum við brautarstjóra, nemendur og foreldra kom fram að skólarnir hafa alla jafna ekki notast við formlegar tilfærsluáætlanir um það sem tekur við hjá nemendum eftir að þeir útskrifast úr skólanum. Brautarstjórar í skólum A og C sögðu þó að skólinn komi til með að taka þennan þátt að sér, en áður hafi gerð tilfærsluáætlunar ekki verið í verkahring skólanna.

Ja sko, hún er ekki komin í gagnið ennþá en með nýju reglunum, nýju lögunum og nýrri reglugerð sem hefur verið í smíðum hjá ráðuneytinu þá er gert ráð fyrir því að við tökum að fullu þann þátt að okkur, tilfærsluáætlunin sem að fylgir. Þá á hún að fylgja sem sagt frá grunnskólanum yfir í framhaldsskólann, frá framhaldsskólanum og svo áfram. En það hefur ekki verið þannig. Það hefur ekki verið í okkar verkahring (brautarstjóri í skóla C).

Það hefur ekki verið gerð krafa um það sko hingað til, en nú er það í nýju framhaldsskóla-lögunum. Það er verið að vinna reglugerð, sem sagt fyrir starfsbrautir núna í tengslum við nýju lögin, reglugerðin er ekki komin út en ég veit að í þeim drögum er gert ráð fyrir að starfsbrautin geri svona tilfærsluáætlun. En auðvitað höfum við verið að vinna þannig því að við höldum fundi með foreldrum og við fáum inn kynningar hérna fyrir nemendur hvað er í boði áður en þau útskrifast og svo framvegis, komum þeim í tengsl við Atvinnu með stuðningi, og svo framvegis. Við erum auðvitað að ræða hérna öll árin sko, hvað viltu gera, hvert ertu að stefna (brautarstjóri í skóla A)?

Ja, hún [aðkoma skólans að starfsmöguleikum nemenda] mætti bara kannski vera aðeins meiri vegna þess að þau náttúrulega þekkja krakkana rosalega vel og gætu náttúrulega komið með hugmyndir með foreldrunum um hvað þessi einstaklingur, myndi henta honum vel. Þau mættu alveg vera ráðgefandi eða svolítið með í því, gefa kannski smá svona hint hvað þau myndu vilja sjá. Það eru svolítið skörp skil þarna á milli heimilis og skólans og þau mættu kannski koma með meiri ábendingar (móðir nemanda í skóla D).

Fyrir þónokkrum árum tók einn skólanna fimm þátt í tilraunaverkefni ásamt Atvinnu með stuðningi þar sem nemendur fengu stuðning til að komast út í atvinnulífið. Verkefnið gekk vel og skilaði árangri að mati brautarstjórans. Verkefnið hélt hins vegar ekki áfram þar sem ekki náðust samningar á milli hlutaðeigandi um framhaldið.

Við vorum með mjög góða samvinnu í tilraunaverkefni sem hét *Atvinna með stuðningi* sem var kostuð af menntamálaráðuneytinu og félagsmálaráðuneytinu, og það var tveggja ára verkefni. Þar vorum við með utanaðkomandi aðila sem að aðstoðuðu líka, komu bæði inn í skólann og voru líka í því að skipuleggja þetta. Það tókst mjög vel. Alveg einstaklega vel. En svo á ákveðnum tímapunkti er tekin sú ákvörðun að ráðuneytin verði ekki samstíga um að halda þessu áfram (brautarstjóri í skóla C).

Tilraunaverkefnið skilaði árangri þar sem þeim nemendum sem tóku þátt var tryggð áframhaldandi atvinna eða önnur úrræði eftir útskrift úr skólanum.

Það var eitt af aðalmarkmiðum þessara brauta að það væri viðtaka, hvað verður um nemendur sem að ljúka námi og þeir sem að fara út á vinnumarkaðinn, að við séum búin að tryggja þeim einhvers konar áframhald (brautarstjóri í skóla C).

Staðan hjá nemendum brautarinnar í dag er hins vegar önnur. Það er ekki ákveðið kerfi sem nemendur fara í gegnum til að tryggja að þeir finni eitthvað við sitt hæfi eftir útskrift. Sumir

nemendur komast í kynni við verndaða vinnustaði sem þeir koma til með að starfa á eftir útskrift en nemendur í dag eru ekki endilega komnir með starf við útskrift. Í samtölum við þá tvo nemendur skólans sem báðir voru á sínu lokaári var ljóst að ekki var byrjað að huga að starfi eða öðru sem tæki við eftir útskrift. Móðir annars nemandans lagði áherslu á að skólinn kæmi að þessum undirbúningi og þó svo að það hafi ekki verið gert fram að þessu hefur hún fulla trú á að það muni gerast á lokaönn nemandans.

Það er mjög mikilvægt að skólinn gangi dálítið inn í þessi vinnumál og dálítið inn í þann fókus og komi dálítið styðjandi þar inn og verði þessi brú þá yfir í þá sem að mynda þann stuðning áfram, að finna út úr því hvað er best þar. [...] Og ég einhvern veginn alveg bara stóla á þessa kennara alla og treysti þeim (móðir nemandans í skóla C).

Í viðtölum við brautarstjóra, nemendur og foreldra í skóla D kom sömuleiðis fram að á áttundu og síðustu önn nemenda væri lögð áhersla á hvað tæki við að loknum skóla. Móðir nemandans við skólann fannst möguleikarnir ekki miklir. Tekið er inn í diplómanámið við Háskóla Íslands<sup>10</sup> annað hvert haust og því ekkert annað í boði fyrir nemandann en að fara að vinna þar sem nýjir nemendur verða ekki teknir inn í námið haustið eftir útskrift viðkomandi. Þegar svo litlir möguleikar eru í boði leggur móðirin til að nemendur hafi kost á að vera lengur í framhaldsskólanum en þessi fjögur hefðbundnu ár.

Svo að það er náttúrulega er ekkert annað að velja en að fara eitthvað að vinna, ef að einhver vinna býðst og fara þá í [Fjölmenn] (móðir nemandans í skóla D).

Já ég hefði gjarnan viljað að krakkar á sérnámsbraut gætu verið einum, tveimur vetrum lengur í framhaldsskóla, þau eru að taka út svo mikinn þroska oft seinna heldur en... Þótt það væru ekki nema einn, tveir skólar sem... sum hafa ekkert áhuga fyrir að halda áfram í skóla. Ef það væri einhver önnur deild sem hægt væri að fara í, því að það er mjög mikil aðsókn í þetta diplómanám (móðir nemandans í skóla D).

Móðir nemandans í skóla A segir skólann ekkert hafa komið að því hvað gerist eftir útskrift og að það sé ansi bagalegt að foreldrar og ættingjar séu sjálfir að vinna að tilfærslunni.

Það sem vantar rosalega mikið er upplýsingaflæði, fyrir þessar elskur, það er ekki nóg að foreldrar þurfi að berjast fyrir að koma þeim í greiningu og svona, að fá þetta í gegn að þau þurfi úrræði og annað, heldur líka þarftu að passa upp á það þegar þau eru að fara úr grunnskóla og yfir í framhaldsskóla að þau séu að fá réttu gögnin með. Hvað þau eru búin að vera að læra og svona, svo að þau séu að falla inn í umhverfið sitt og líka þegar að kemur að lokaári eða eitthvað í framhaldsskóla, að þetta séu möguleikar fyrir þau í boði. Það er ekkert svona upplýsingaflæði, og mér finnst þetta bara eiginlega ljótt að samfélagið skuli gera fjölskyldum þetta því að það er það mikið af börnum með greiningar í dag að það er nógu

<sup>10</sup> Starfstengt diplómanám fyrir fólk með þroskahömlun.

mikið álag fyrir á fjölskyldum að eiga við það, skilurðu mig? Þannig að, fyrir foreldra alltaf að þurfa að vinna þetta og finna upplýsingar og þessa hluti sko, það er náttúrulega líka sem er bara búið að vera allt of lengi. Þetta er búið að vera síðan að hann var sko, hann greindist 18 mánaða, þetta hefur ekkert breyst (móðir nemanda í skóla A).

Starfsbrautin í skóla B kemur ekki inn á tilfærsluna með skipulögðum hætti en brugðist er við eftir þörfum, t.d. með því að skrifa meðmælabréf fyrir útskrifaða nemendur.

Ekki nema bara þá þeir staðir sem þau hafa farið á, og hérna við getum lagt inn gott orð [...] er búið að skrifa meðmælabréf og alls konar, frábær strákur sko. [...] Og eins upp á það þegar að verið er að reyna að koma þeim í vinnu á sumrin, þá sem sagt, bjóðum við upp á það að vinnuveitendur megi tala við okkur, í samráði við foreldrana, ef að foreldranir vilja það, þá er það bara alveg sjálfsagt (brautarstjóri í skóla B).

Í sumum tilfellum eru nokkuð skýrar línur um hvað taki við eftir útskrift og foreldrar hafi gengið í að fylla út umsóknir og útvega börnum sínum pláss á dagsvistunum og vernduðum vinnustöðum. Móðir nemanda í skóla D hafði einmitt gert þetta en skólinn kom ekkert að þessum undirbúningi heldur fór þetta í gegnum þjónustumiðstöð fjölskyldunnar í hverfinu.

Í skýrslunum sem framhaldsskólarnir skiluðu til mennta- og menningarmálaráðuneytisins kom fram hvort fylgst væri með afdrifum útskrifaðra nemenda. Enginn skólanna fylgist formlega með því hvað verður um nemendur brautarinnar eftir að útskrift lýkur. Í skólunum úti á landi var þó lögð áhersla á að vegna smæðar samfélagsins væri auðvelt að fylgjast með afdrifum útskrifaðra nemenda þótt það væri ekki gert með formlegum hætti. Einnig hafa fengist upplýsingar frá svæðisskrifstofu um málefni fatlaðra á hverju svæði. Í Fjölbrautaskólanum í Garðabæ og Fjölbrautaskólanum við Ármúla var nokkuð vel fylgst með útskrifuðum nemendum og var nefnt að algengt væri að fyrrum nemendur héldu sambandi við einstaka starfsmenn skólans og þannig væri vitað hvernig þeim reiddi af. Fyrrum nemendur koma stundum að heimsækja gamla skólann sinn og stundum hringja starfsmenn brautarinnar í útskrifaða nemendur til að athuga með þá. Sömuleiðis hefur samband við fyrrum nemendur haldist með notkun Facebook.

Þar sem starfsmenn skólans þekktu til afdrifa fyrrum nemenda sinna virtust þeir vera á því að almennt vegnaði nemendum vel. Margir hverjir voru í vinnu á vernduðum vinnustað og sumir í hlutastarfi á almennum vinnumarkaði. Í einhverjum tilfellum höfðu útskrifaðir nemendur farið í áframhaldandi nám. Þannig fóru sjö af 16 útskrifuðum nemendum af starfsbraut Fjölbrautaskólans í Garðabæ í diplómanám við Háskóla Íslands Nemendur hafa stundum haldið áfram að starfa á þeim vinnustað sem starfstengda námið þeirra fór fram. Margir nemendur Fjölbrautaskólans við Ármúla hafa sótt dagþjónusturnar Lyngás og Gylfaflöt en aðrir hafa fengið starf á vernduðum vinnustað. Einstaka útskrifaður nemandi er ekki í vinnu eða dagþjónustu en það heyrir til undantekninga.



## 8. ÁNÆGJA NEMENDA

Það var ýmist hálf t ár eða eitt og hálf t ár þangað til þeir nemendur sem rætt var við kæmu til með að útskrifast úr skólanum. Þeim þótti það ekki endilega jákvætt, mörgum leið vel í skólanum og vildu helst vera lengur í honum.

Hana dauðlangaði til að taka eitt ár í viðbót [...], það segir náttúrulega mjög mikið um góða líðan í skólanum sko (móðir nemanda í skóla C).

Eini gallinn við hana er að við megum ekki tala um útskrift við hana. Hún ætlar ekkert að hætta. [...] Og ég hef verið í svolitlu basli með eftir áramót, varðandi vinnu og svona því að hún ætlar bara að vera hérna (brautarstjóri í skóla D).

Mig langar ekki að útskrifast (nemandi í skóla D).

Ekki svo [spennt fyrir útskriftinni]. [...] Já [vil vera áfram í skólanum] (nemandi í skóla B).

Þeir nemendur í skólunum fimm sem tekin voru viðtöl við létu almennt vel af veru sinni í skólanum. Margir þeirra sögðu allt í skólanum vera skemmtilegt og ekkert leiðinlegt. Nokkrir tóku þó frekari afstöðu og það voru þá helst verklegar greina, handavinna og íþróttir sem þeir höfðu hvað mest gaman af. Einn nemandinn sagði að ef honum þætti eitthvað leiðinlegt þá léti hann vita af því og fengi að gera eitthvað sem hann hefur áhuga á í staðinn.

Ekkert leiðinlegt, ef manni finnst það leiðinlegt þá segir maður það og þá fær maður að gera eitthvað sem að maður hefur áhuga á sjálfur (nemandi í skóla B).

Nemanda í skóla C finnst svo gaman í skólanum að hún vill frekar fara veik í skólann en að missa af einhverju skemmtilegu.

Það er nefnilega svo fyndið við starfsbrautina, að stundum þegar maður er kannski veikur og kannski vinkona manns hringir í mig og segir við mann að maður hafi misst af einhverju sem að gerðist í skólanum og ég þoli það ekki sko (nemandi í skóla C).

Móðir nemandans tók undir og lýsti ánægju sinni með hugmyndina um einstaklingsmiðað nám og áhersluna sem lögð er á styrkleika nemenda í stað veikleika þeirra.

Þetta er í rauninni eitthvað flottasta skólaúrræði sem að til er, í raun. [...] Og þetta með einstaklingsmiðaða nám og þarfir hvers og eins og fókusa á styrkleikana í staðinn fyrir að fókusa á veikleikana. [...] Allt þetta miðar að því að þau komi sterkari út í lífið, komi út sem flottir einstaklingar (móðir nemanda í skóla C).

Bæði nemendur og foreldrar lýstu ánægju sinni af verunni í skólanum.

Hann er búinn að vera mjög sáttur hérna og það er vel hugsað um hann (móðir nemanda í skóla A).

Nei veistu, þessi skóli er bara mjög flottur. Ég hef ekkert annað en gott að segja af honum (móðir nemanda í skóla E).

Sko, ég er bara mjög ánægð með hana [starfsbrautina], mér finnst bara konurnar sem eru að vinna þarna vinna sitt og ég er rosalega ánægð með það sko, góð samskipti og svona (móðir nemanda í skóla A).

Ég er rosalega ánægð bara með starfsdeildina hérna sko, kennslu (móðir nemanda í skóla B).

Mér líður vel í skólanum, og ef ég vakna fúll og fer í skólann þá er ég kátur eftir tuttugu mínútur þegar að ég er búin að vera hérna. [...] Kennararnir eru miklu meira vinir mínir heldur en bara kennararnir mínir (nemandi í skóla B).

## Mat á ánægju nemenda og starfi starfsbrautanna

Ein spurning ráðuneytisins til skólanna hljóðaði svo: „Er mat á starfsbraut þáttur í reglubundnu innra mati skólans?“ Svo virðist sem skólarnir skilji spurninguna hver með sínum hætti. Það gefur vísbendingar um að skýran ramma um innra mat skólanna og hvern brautar fyrir sig vanti. Ef slíkur rammi væri fyrir hendi ætti að reynast auðvelt að svara því til hvort eftir honum er farið eða ekki. Sumir skólar svara spurningunni neitandi en bæta við að starfsmenn starfsbrautar fylgi almennum úttektum sem gerðar eru meðal starfsmanna. Stundum er svarað játandi með sömu útskýringum. Svo eru aðrir sem svara játandi eða neitandi án nokkurra útskýringa. Í svörum frá einstaka skóla er tekið fram að þessi mál séu í vinnslu. Svar Fjölbrautaskólans við Ármúla skýrir ef til vill best hver staðan er varðandi innra mat skólanna.

Við erum stöðugt að skoða starfið okkar og meta kennslu, kennsluaðferðir, samsetningu hópa, námsefni, verkefni og námskrár. Hinsvegar mætti segja að kannski skortir okkur ákveðið tæki til að gera þetta á markvissari hátt.

Í mörgum framhaldsskólanna er ánægja nemenda á starfsbraut metin í viðtölum við þá og foreldra/forráðamenn þeirra. Í nokkrum skólum virðist ánægja þeirra lítið metin umfram það að fylgjast með þeim í skólanum og bregðast við ef upp koma vandamál eða mikil óánægja með eitthvað. Í fjórum skólum<sup>11</sup> fer fram formlegt mat á ánægju nemenda á starfsbraut þar sem notast er við spurningalista sem lagður er fyrir nemendum<sup>12</sup>.

---

<sup>11</sup> Fjölbrautaskóli Norðurlands Vestra, Fjölbrautaskóli Suðurnesja, Menntaskólinn á Ísafirði, Tækniskólinn.

<sup>12</sup> Í sjálfsmati Verkmenntaskóla Austurlands og í Flensborgarskólanum í Hafnarfirði er gerð könnun á viðhorfi nemenda til námsins. Þar virðist starfsbrautin þó ekki vera skoðuð sérstaklega.

Fjölbrautaskóli Suðurnesja virðist vandað til verka þegar kemur að mati á ánægju nemenda á starfsbraut. Þar eru bæði notaðar kannanir sem hafa verið sniðnar sérstaklega að nemendum starfsbrautar sem og staðlaðir spurningalista sem lagðir eru fyrir alla nemendur skólans þar sem spurt er um þá þætti sem skipta máli fyrir gott skólustarf. Á starfsbrautinni eru að minnsta kosti þrjár útgáfur af spurningalista. Í fyrsta lagi er um að ræða fullyrðingar um liðna viku sem nemendur svara játandi eða neitandi. Dæmi um fullyrðingar eru „Ég er ánægð/ur með vikuna“; „Ég reyndi alltaf að taka tillit til annarra“; „Ég hefði gjarnan viljað betra næði“ og „Ég reyndi alltaf að gera eins vel og ég gat“. Til viðbótar geta nemendur svarað opnum spurningum um hvað var leiðinlegast við vikuna og hvað var skemmtilegast við vikuna. Í öðru lagi er um lista sem tengist samskiptum við aðra nemendur að ræða. Þar er spurt hvaða nemendum viðkomandi vill helst vera með í hópavinnu, hverjum hann/hún vill helst vera með í frímínútum eða hitta utan skólatíma. Sömuleiðis er spurt hvort vitað sé um nemanda sem oft er strítt, hvort á starfsbrautinni sé einhver sem viðkomandi vorkennir eða hvort þar sé einhver sem er oft að stríða öðrum. Í þriðja lagi er um almennari spurningalista að ræða þar sem nemendur geta valið úr þremur svörum sem táknuð eru með mismunandi myndum af bros- eða fýlukarli. Þar er m.a. spurt um líðan í skólanum, stríðni, kennarana og samskipti við aðra nemendur. Ljóst er að aðrir skólar gætu séð hag sinn í því að kynnast þeim aðferðum og tækjum sem Fjölbrautaskóli Suðurnesja notar til að meta ánægju starfsbrautarnemenda sinna.

Þegar svörum þessarar úttektar var safnað hafði Menntaskólann í Kópavogi í vinnslu mat sem er í líkingu við áfangamat sem framkvæmt er í almennum áföngum skólans á hverri önn. Þessu mati er ætlað að mæla líðan og ánægju nemenda. Það er ljóst að það er ekki við hæfi allra nemenda brautarinnar að svara slíku mati og í þeim tilvikum er spurningalistinn gerður fyrir foreldra þeirra nemenda.

Það tíðkast ekki að meta viðhorf foreldra/forráðamanna nemenda á starfsbraut með spurningalista eða öðrum formlegum hætti<sup>13</sup>. Foreldrar fá tækifæri til að koma viðhorfum sínum á framfæri á fundum, í viðtalstímum og í gegnum síma eða tölvupóst (sjá kafla 4 um samvinnu foreldra og skóla).

---

<sup>13</sup> Í sjálfsmati Verkmenntaskóla Austurlands er gerð könnun meðal foreldra um aðkomu þeirra að skólustarfinu. Þar virðist starfsbrautin þó ekki vera skoðuð sérstaklega.

Í viðtölunum við brautarstjóra í skólunum fimm kom í ljós að í báðum fámennu skólunum, skóla B og skóla E, hafa nemendur kost á að taka þátt í þeirri könnun sem stendur öðrum nemendum skólans opin. Niðurstöðurnar eru hins vegar ekki skoðaðar sérstaklega fyrir brautina.

Við erum ekki með svona tilbúinn tékklista [...] Við tölum við krakkana, erum alltaf að tala við þau um námsefnið, um skólann, um hitt og þetta, við náttúrulega sjáum hvernig þeim líður. Sjálft mat skólans er orðið núna á Netinu og það er svo misjafnt eftir nemendum hvort þau taka þátt eða ekki. [...] Þannig að það er metið þar og þar geta þau sett athugasemdir um kennara, athugasemdir um námsefnið og bara eins og allir aðrir. Það er ekki flokkað sér (brautarstjóri í skóla E).

Í skóla C taka nemendur skólans þátt í mati á áföngum og kennurum en nemendur starfsbrautar taka ekki þátt í því mati. Brautarstjórinn telur formið á spurningunum vera með þeim hætti að of flókið sé fyrir flesta nemendur starfsbrautar að svara þeim.

Innra mat skólans er gert á hverju ári, bæði kennaramat og nemendamát sem sagt, á öllu sem snýr að skólanum. En spurningarnar eru bara svo flóknar [...] sumir vilja að nemendurnir fari og taki þetta mat en ég bara sé ekki að þeir komist í gegnum það, og það er lítið marktækt mat ef að nemandinn getur ekki lesið sig út úr því sjálfur (brautarstjóri í skóla C).

Brautarstjórinn taldi ekki vera hægt að aðlaga spurningarnar að nemendum starfsbrautar. Í svari hans má skilja sem svo að þörfin á að meta ánægju starfsbrautarnema með formlegum hætti sé ekki mikil. Góð mæting nemenda á starfsbraut sé merki um ánægju þeirra í skólanum.

Ég held að það segi sig nú eiginlega einhvern veginn best að það er ekkert brottfall fyrir utan þessi tilvik sem geta komið upp á hjá nemendum á gráa svæðinu [...] en mætingin er 100% og þeir mæta hér alltaf glaðir og ánægðir og njóta þess svo sannarlega að vera hérna (brautarstjóri í skóla C).

Í öðrum skóla þar sem nemendur starfsbrautar tóku ekki heldur þátt í formlegu mati innan skólans talaði brautarstjórinn um möguleikann á að aðlaga spurningarnar að getu nemendanna og þá sérstaklega þeirra sem áttu auðveldara með að tjá sig.

Það er svona mat hérna þar sem að nemandinn metur kennarann í hverri grein. Okkar nemendur gera það ekki. Við gætum kannski komið því á einhvern veginn og þá sérstaklega hérna í tólf manna hópnum. [...] Yfirleitt fáum við mjög góð svör frá þessum sem geta tjáð sig og hverju þeir vilja breyta, og út frá hinum þá svona reynum við að finna út hvað hentar hverjum og einum (brautarstjóri í skóla D).

Umræddur skóli hefur hins vegar nokkra sérstöðu þegar kemur að nemendum en stór hluti starfsbrautarnemenda við skólann er með alvarlegri skerðingar en nemendur á öðrum starfsbrautum. Af þessu leiðir að hver starfsmaður brautarinnar sinnir hverjum nemanda nánar en í flestum öðrum skólum. Í skólanum eru nemendur aðstoðaðir við athafnir daglegs lífs og nemendur og kennarar kynnast náíð. Nemendur tjá sig oft með svipbrigðum, hljóðum og táknum en aðrir tjá sig með tali og gætu mögulega svarað aðlöguðum spurningalista.

Mönnunin segir það svolítið að við þekkjum þau ansi vel [...] þetta eru náttúrulega bara svipbrigði og hljóð og tákni eða bara beinar samræður alveg (brautarstjóri í skóla D).

Skóli B er ungur skóli þar sem enn er verið að þróa og móta skólastarfið. Þar er á döfnni að útbúa gæðagreina fyrir starfsbrautina og telur brautarstjórinn nauðsynlegt að slíkt tæki sé til staðar.

Við vorum að ræða það í fyrra að fara búa til einhverja svona gæðagreina fyrir starfsbrautina, en við höfum ekki komist í það. En það er meiningin náttúrulega, það verður að vera (brautarstjóri í skóla B).

Samkvæmt foreldrum nemenda í skólunum fimm fékk meirihluti nemenda, eða 86% þeirra, þá aðstoð sem þeir þurfa frá starfsfólki skólans við nám sitt (sjá töflu 40). Þeir sem sögðu son sinn eða dóttur þarfnast meiri aðstoðar voru spurðir við hvaða þætti námsins aðstoðina skorti helst. Svörin má sjá í töflu 41.

**Tafla 40. Fær sonur þinn eða dóttir þín, þegar á heildina er litið, þá aðstoð sem hann/hún þarfnast frá starfsfólki skólans við nám sitt?**

	Nei, þarfnast mun meiri aðstoðar	Nei, þarfnast aðeins meiri aðstoðar	Já, fær þá aðstoð sem hann/hún þarf	Fjöldi sv ara	Fær þá aðstoð sem hann/hún þarfnast
<b>Heild</b>	3%	11%	86%	66	86%
<b>Skólaár</b>					
1. og 2. ár	0%	13%	87%	31	87%
3. og 4. ár	6%	9%	86%	35	86%
<b>Kyn</b>					
Piltur	0%	11%	89%	37	89%
Stúlka	7%	10%	83%	29	83%
<b>Skóli</b>					
Skóli A	5%	14%	81%	21	81%
Skóli B	0%	20%	80%	5	80%
Skóli C	0%	11%	89%	19	89%
Skóli D	6%	0%	94%	16	94%
Skóli E	0%	20%	80%	5	80%

Tveir sögðust ekki vita svarið við spurningunni og þrír vildu ekki sv ara

0% 25% 50% 75% 100%



**Tafla 41. Við hvaða þætti námsins vantar hann/hana helst aðstoð?**

Að halda utan um námið úti í almennum áföngum
Alla þætti
Í matsal
Leikfimi og starfshvatningu
Skipulag og nám
Stærðfræði
Til að tryggja nám og meiri fjölbreytni og aðlögun efnis að einstaklingnum þarf mun fleira fólk almennt til að sinna nemendum sem þurfa mikla aðlögun og fjölbreyttari nálgun
Tungumál
Vantar meiri stuðning, vantar sérmaneskju með sér sem hann hefur ekki fengið

---

## 9. KOSTNAÐUR VIÐ REKSTUR STARFSBRAUTA

Á þeim tíma sem mennta- og menningarmálaráðuneytið safnaði upplýsingum frá framhaldsskólunum lá ekki fyrir kostnaðaráætlun fyrir starfsbraut hjá þriðjungi þeirra framhaldsskóla sem reka slíka braut og hjá fjórðungi lá starfsáætlun ekki fyrir<sup>14</sup>.

Þriðjungur skólanna gaf engin eða óljós svör við spurningu um hvort stjórnendum brautarinnar væri kunnugt um hvert framlagið sem reiknast til brautarinnar sé í fjárlögum. Af þeim skólum sem gáfu svör voru sex þeirra jákvæð og átta neikvæð.

Kostnaður við rekstur brautarinnar árið 2010 var frá 6.760.000 krónum (Menntaskólinn á Egilsstöðum) upp í 83.691.000 krónur (Verkmenntaskólinn á Akureyri)<sup>15</sup>. Það virðist vera misjafnt eftir skólum hvort húsnæði, rafmagn, hiti og ræstingar séu teknar með í reikninginn þegar gefnar eru upp tölur um heildarkostnað við rekstur. Rekstrarkostnaður á hvern nemanda<sup>16</sup> var að jafnaði lægri hjá þeim skólum sem voru með fjölmennari starfsbrautir (rekstrarkostnaður á bilinu 1.200.000 til 2.200.000 krónur á hvern nemanda) heldur en hjá þeim skólum sem voru með fáa nemendur á starfsbraut (rekstrarkostnaður á bilinu 2.000.000 til 3.800.000 krónur á hvern nemanda). Þar sker Fjölbrautaskólinn við Ármúla sig þó úr (3.052.000 krónur á hvern nemanda en fjölmenn braut) en ætla má að rekja megi það að nokkru leyti til sérstöðu hans hvað varðar skerðingar nemendahópsins (sjá nánar töflu 42). Hér er mikilvægt að hafa í huga að upplýsingar um fjölda nemenda eiga við um vorönn 2011 en upplýsingar um kostnað við rekstur á við um árið 2010. Þetta getur skipt máli ef nokkur munur er á fjölda nemenda vorið 2011 samanborið við árið 2010.

---

<sup>14</sup> Tveir skólar gáfu óljós svör um hvort kostnaðaráætlun liggi fyrir og fjórir skólar gáfu óljós svör varðandi starfsáætlun.

<sup>15</sup> Upplýsingar um rekstrarkostnað fyrir árið 2010 vantar fyrir tvo skóla vegna þess hve ung starfsbrautin er í þeim skólum.

<sup>16</sup> Kostnaður við rekstur brautarinnar árið 2010 deilt með fjölda nemenda við brautina vorið 2011.

Tafla 42. Kostnaður við rekstur starfsbrauta árið 2010<sup>17</sup>

	Fjöldi nemenda á starfsbraut vorið 2011	Kostnaður við rekstur 2010	Kostnaður á nemanda
<b>Meðaltal fyrir alla skóla</b>	19	36.253.654	2.377.537
<b>Skóli</b>			
Tækniskólinn	43	51.514.336	1.198.008
Fjölbrautaskóli Suðurnesja	36	54.164.971	1.504.583
Fjölbrautaskólinn í Breiðholti	32	50.254.404	1.570.450
Fjölbrautaskóli Suðurlands	42	66.857.521	1.591.846
Verkmenntaskólinn á Akureyri	47	83.691.000	1.780.660
Borgarholtsskóli	27	51.862.880	1.920.847
Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum	6	12.000.000	2.000.000
Menntaskóli Borgarfjarðar	5	10.883.333	2.176.667
Flensborgarskólinn í Hafnarfirði	4	8.786.000	2.196.500
Verkmenntaskóli Austurlands	25	55.000.000	2.200.000
Menntaskólinn á Egilsstöðum	3	6.762.198	2.254.066
Fjölbrautaskóli Snæfellinga	7	16.054.372	2.293.482
Fjölbrautaskóli Vesturlands Akranesi	10	23.365.000	2.336.500
Menntaskólinn í Kópavogi	13	37.204.763	2.861.905
Fjölbrautaskólinn í Garðabæ	12	36.485.985	3.040.499
Fjölbrautaskólinn við Ármúla	26	79.339.156	3.051.506
Fjölbrautaskóli Norðurlands Vestra	5	17.980.106	3.596.021
Framhaldsskólinn á Húsavík	2	7.500.000	3.750.000
Menntaskólinn á Ísafirði	5	19.193.286	3.838.657

<sup>17</sup> Skólunum í töflunni er raðað þannig að sá skóli sem hefur lægstan kostnað á nemanda er efst og svo koll af kolli.



Samanlagður kostnaður við rekstur starfsbrauta árin 2009 og 2010 náði frá 14.989.000 krónum (Menntaskólinn á Egilsstöðum) upp í 157.725.000 krónur (Fjölbrautaskólinn við Ármúla)<sup>18</sup>. Samanlagður kostnaður fyrir umrædd ár var að meðtali rúmar 66 milljónir króna (sjá nánar í töflu 43).

**Tafla 43. Samanlagður kostnaður við rekstur starfsbrauta árin 2009 og 2010<sup>19</sup>**

	Kostnaður við rekstur 2009	Kostnaður við rekstur 2010	Kostnaður við rekstur 2009 og 2010
<b>Meðaltal fyrir alla skóla</b>	33.618.246	32.543.065	66.161.311
<b>Skóli</b>			
Menntaskólinn á Egilsstöðum	6.762.198	8.146.694	14.908.892
Framhaldsskólinn á Húsavík	7.500.000	7.500.000	15.000.000
Verkmenntaskóli Austurlands	8.786.000	9.787.000	18.573.000
Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum	12.000.000	8.000.000	20.000.000
Menntaskóli Borgarfjarðar	10.883.333	11.636.607	22.519.940
Fjölbrautaskóli Snæfellinga	16.054.372	12.524.043	28.578.415
Fjölbrautaskóli Norðurlands Vestra	17.980.106	17.847.314	35.827.420
Fjölbrautaskóli Vesturlands Akranesi	23.365.000	21.864.000	45.229.000
Menntaskólinn á Ísafirði	19.193.286	26.921.001	46.114.287
Fjölbrautaskólinn í Garðabæ	36.485.985	31.191.060	67.677.045
Menntaskólinn í Kópavogi	37.589.172	36.082.478	73.671.650
Fjölbrautaskólinn í Breiðholti	50.254.404	49.050.693	99.305.097
Flensborgarskólinn í Hafnarfirði	54.535.701	45.792.613	100.328.314
Tækniskólinn	51.514.336	51.514.335	103.028.671
Fjölbrautaskóli Suðurnesja	54.164.971	49.595.961	103.760.932
Borgarholtsskóli	51.862.880	54.682.240	106.545.120
Fjölbrautaskóli Suðurlands	66.857.521	65.252.774	132.110.295
Fjölbrautaskólinn við Ármúla	79.339.156	78.386.358	157.725.514

<sup>18</sup> Hér vantar upplýsingar fyrir Verkmenntaskólann á Akureyri en samkvæmt upplýsingum VMA fyrir árið 2010 má gera ráð fyrir að samanlagður kostnaður fyrir árin 2009 og 2010 sé hærri fyrir Verkmenntaskólann á Akureyri en fyrir Fjölbrautaskólann við Ármúla.

<sup>19</sup> Skólunum í töflunni er raðað þannig að sá skóli sem hefur lægstan samanlagðan kostnað fyrir 2009 og 2010 er efst og svo koll af kolli.

Í töflu 44 má sjá skiptingu kostnaðar við rekstur brautarinnar árið 2010 í laun annars vegar og önnur rekstrargjöld og eignakaup hins vegar<sup>20</sup>. Hlutfall launakostnaðar af heildarkostnaði var frá 75% (Tækniskólinn) upp í 99% (Fjölbrautaskólinn í Breiðholti, Fjölbrautaskóli Vesturlands Akranesi, Fjölbrautaskóli Suðurlands og Borgarholtsskóli). Að jafnaði var launakostnaður yfir 90% af heildarkostnaði við rekstur brautarinnar (sjá nánar töflu 44).

**Tafla 44. Skipting kostnaðar við rekstur brautarinnar í laun annars vegar og önnur rekstrargjöld og eignakaup hins vegar árið 2010<sup>21</sup>**

	Launa- kostnaður	Önnur rekstrargjöld og eignakaup	Hlutfall launakostnaðar af heildarkostnaði	Hlutfall annarra gjalda af heildarkostnaði
<b>Meðaltal fyrir alla skóla</b>	33.388.805	3.202.388	91,2%	8,8%
<b>Skóli</b>				
Tækniskólinn	38.789.856	12.724.479	75,3%	24,7%
Fjölbrautaskóli Norðurlands Vestra	13.612.424	4.367.682	75,7%	24,3%
Menntaskólinn á Ísafirði	14.839.518	4.353.767	77,3%	22,7%
Fjölbrautaskólinn í Garðabæ	30.649.171	5.836.814	84,0%	16,0%
Menntaskólinn í Kópavogi	31.696.935	5.892.237	84,3%	15,7%
Fjölbrautaskóli Suðurnesja	47.155.080	7.009.891	87,1%	12,9%
Fjölbrautaskóli Snæfellinga	13.992.067	2.062.305	87,2%	12,8%
Flensborgarskólinn í Hafnarfirði	50.535.701	4.000.000	92,7%	7,3%
Framhaldsskólinn á Húsavík	7.000.000	500.000	93,3%	6,7%
Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum	11.400.000	600.000	95,0%	5,0%
Fjölbrautaskólinn við Ármúla	77.655.177	1.683.979	97,9%	2,1%
Menntaskólinn á Egilsstöðum	6.638.611	123.587	98,2%	1,8%
Fjölbrautaskólinn í Breiðholti	49.486.901	767.503	98,5%	1,5%
Fjölbrautaskóli Vesturlands Akranesi	23.100.000	265.000	98,9%	1,1%
Fjölbrautaskóli Suðurlands	66.174.645	682.876	99,0%	1,0%
Borgarholtsskóli	51.494.799	368.081	99,3%	0,7%

<sup>20</sup> Upplýsingar vantar frá Fjölbrautaskóla Snæfellinga og Fjölbrautaskólanum við Ármúla (gáfu aðeins upp samanlagðan kostnað fyrir árin 2009 og 2010) sem og frá Framhaldsskólanum í Mosfellsbæ, Iðnskólanum í Hafnarfirði og Verkmenntaskólanum á Akureyri.

<sup>21</sup> Skólunum í töflunni er raðað þannig að sá skóli sem hefur hæst hlutfall annarra gjalda af heildarkostnaði árið 2010 er efst og svo koll af kolli.

Í töflu 45 má sjá skiptingu launakostnaðar í kennslu og önnur laun fyrir árið 2010. Upplýsingar vantar frá sjö skólum. Allur launakostnaður í fjórum af þeim skólum sem gáfu upplýsingar eru vegna kennslu. Að jafnaði var 83% af launakostnaði til kominn vegna kennslu en 17% vegna annarra launa (sjá nánar töflu 45).

**Tafla 45. Skipting launakostnaðar í kennslu og önnur laun 2010<sup>22</sup>**

	Laun vegna kennslu	Önnur laun	Hlutfall launa vegna kennslu af launagreiðslum	Hlutfall annarra launa af launagreiðslum
<b>Meðaltal fyrir alla skóla</b>	30.116.380	6.070.505	83,2%	16,8%
<b>Skóli</b>				
Menntaskólinn á Ísafirði	7.815.267	7.024.251	52,7%	47,3%
Fjölbrautaskólinn í Garðabæ	20.372.834	10.276.337	66,5%	33,5%
Fjölbrautaskóli Suðurnesja	31.350.533	15.804.547	66,5%	33,5%
Borgarholtsskóli	37.572.852	13.921.947	73,0%	27,0%
Flensborgarskólinn í Hafnarfirði	36.930.660	13.605.041	73,1%	26,9%
Menntaskólinn í Kópavogi	26.466.941	5.229.994	83,5%	16,5%
Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum	9.690.000	1.710.000	85,0%	15,0%
Fjölbrautaskóli Suðurlands	57.706.885	8.467.760	87,2%	12,8%
Fjölbrautaskólinn við Ármúla	69.207.985	8.447.192	89,1%	10,9%
Fjölbrautaskóli Vesturlands Akranesi	22.600.000	500.000	97,8%	2,2%
Tækniskólinn	38.789.856	0	100,0%	0,0%
Menntaskólinn á Egilsstöðum	6.638.611	0	100,0%	0,0%
Fjölbrautaskólinn í Breiðholti	49.486.901	0	100,0%	0,0%
Framhaldsskólinn á Húsavík	7.000.000	0	100,0%	0,0%

Kostnaður við rekstur brautarinnar var alla jafna ekki sundurgreindur eftir „þjónustuflokkum“ nemenda.

Það var sérstaklega í tveimur af skólunum fimm sem skoðaðir voru sérstaklega sem brautarstjórnir töluðu um að rekstur starfsbrautarinnar væri erfiðari vegna efnahagsþrenginga og niðurskurðar. Rekstarkostnaðurinn við brautina í skóla C er nú aðeins brot af því sem hann var veturinn 2007-2008.

<sup>22</sup> Skólunum í töflunni er raðað þannig að sá skóli sem hefur hæst hlutfall annarra launa af launakostnaði árið 2010 er efst og svo koll af kolli.

Rekstarumhverfi hérna, [hefur] alveg gjörbreyst. Að rekstrarkostnaðurinn við deildina [...] er fjórðungur af því sem að var 2007-2008, hann er kominn niður í fjórðung af því (brautarstjóri í skóla C).

Brautarstjórinn hafði áhyggjur af því að svo mikill niðurskurður kæmi niður á starfseminni þar sem starfsfólk hafi ekki tækifæri til að þróa starfið eftir þeim hugmyndum sem það vill starfa eftir.

Ég hef mestar áhyggjur af því að fólk missi móðinn, það er vandamálið, það er fullt af áhuga og það vill gera mikla hluti en vegna fjárhagslegrar stöðu þá er ekki hægt að sjá þá gerast (brautarstjóri í skóla C).

Í skóla B kom niðurskurðurinn einna helst niður á möguleikum brautarinnar til að fara í vettvangsferðir eða aðrar ferðir út fyrir skólasvæðið. Sömuleiðis takmarkaði niðurskurðurinn aðgengi starfsfólks og nemenda að sérútbúnum kennslugögnum. Brautarstjórinn var á því að þetta kæmi niður á gæðum starfseminnar og móðir nemanda í skólanum lagði áherslu á mikilvægi þess að nemendur fengju tækifæri til að fara út fyrir sitt hefðbundna skólaumhverfi.

Það er rosalega mikið búið að vera á bremsunni, sérstaklega með það að fara með krakkana eitthvað, hér er engin bílaleiga og skólinn á að vísu einn bíl en við komumst ekkert öll í hann og ef að við förum á okkar bílum þá þarf að borga það allt saman, þó að krakkarnir borgi aðgangseyri og allt það, og svo náttúrulega yfirvinna fyrir okkur. Mér finnst [að þetta hafi komið niður] á gæðum starfsins á starfsbrautinni. [...] Við förum ekki í neinar vettvangsferðir og ekki neitt sko. [...] Maður er alltaf á bremsunni upp á að versla einhver gögn og svona, því að öll svona sérkennslugögn eru ofboðslega dýr (brautarstjóri í skóla B).

Mér finnst það svolítið svona þrengingar, að spara og spara og þau komast ekkert sko. Það er svo mikið atriði fyrir nemendur, hvort sem að þeir eru heilbrigðir eða óheilbrigðir að komast aðeins meira út frá skólanum, það kostar allt ef að þeim langar að fara í heimsókn [á tiltekinn stað] í starfsnám, þá bara kostar það svo mikið að það er ekki hægt að fara (móðir nemanda í skóla B).

Einn skólinn hefur ekki fundið fyrir efnahagsþrengingum í kjölfar hrunsins og hefur haldið rekstrinum óbreyttum síðastliðin ár.

Það hefur ekkert verið skorið niður sérstaklega á þessari braut. Það vill nú svo til að það er nú bara launakostnaðurinn sem að heldur brautinni uppi, það er lítil kostnaður í kringum brautina annar skilurðu (brautarstjóri í skóla E).



## HEIMILDIR

Auður Magnús Leiknisdóttir, Guðbjörg Andrea Jónsdóttir, Ingibjörg Lilja Ómarsdóttir, Jarprúður Þórhallsdóttir, Rannveig Traustadóttir og Vala Jónsdóttir (2011). *Flutningur þjónustu við fatlað fólk frá ríki til sveitarfélaga*. Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.

Menntamálaráðuneytið (2005). Námskrá fyrir starfsbrautir framhaldsskóla: Sérdeildir. Sótt þann 19. janúar 2012 af <http://www.menntamalaraduneyti.is/utgefid-efni/namskrar/nr/3962>